

**SKOÐUN** Heimilislausum fjölgar enn og úrræði mæta stundum ekki þörfum, segir Hrafnhildur Lilja Harðardóttir. 19



**MENNING** Stelpuhljómsveitin The Tension frá Selfossi ætlar sér stóra hluti en leitar þó að stelpubassaleikara. 42



**SPORT** Ísland verður í fimmta styrkleikaflokki þegar dregið verður í undankeppni EM í fótbolta 2016. 38






# FRÉTTABLAÐIÐ


Föstudagur
22. nóvember 2013
275. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## LÍFIÐ



**Stend með mér**

Hera Björk hefur í nógu að snúast. Hún ræðir við Lífið um nýja jólaplötu og ævintýrið sem er fram undan í Chile.

## FRÉTTIR

**Vilja færa frídaga** Atvinnurekendur vilja færa frídaga en afstaða verkalýðsfélaga gagnvart tillögu Bjartrar framtíðar er blendin. 4

**26 milljarðar í styrki** Íslendingar hafa fengið nærri 26 milljarða í styrki frá Evrópusambandinu frá árinu 2000. 8

**Þrjátíu ár í þrældómi** Maður og kona á sjötugsaldri voru handtekin í London grunuð um að hafa haldið þremur konum föngnum í þrjátíu ár. 10




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | SV | 5 |
| Akureyri | 1° | SV | 4 |
| Egilsstaðir | -1° | SA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | V | 2 |
| Reykjavík | 4° | SSV | 7 |

**Kólnar** Í dag verður yfirleitt fremur hægur vindur og bjart með köflum en strekkingur allra syðst og lítils háttar væta á stöku stað S- og SV-til. 4

## 4 SÉRBLÖÐ

Lífið | Bandalag háskólamanna | Stéttarfélög | Fólk




# Tvísaga um sölu á kjúklingi

Fullyrt er að innflutt kjúklingakjöt frá Evrópu hafi verið selt sem íslensk vara. Formaður Neytendasamtakanna segir að verið sé að villa um fyrir neytendum. Kjúklingaframleiðendur þvertaka fyrir þessa viðskiptahætti.

**VERSLUN** Dæmi eru um að kjúklingaframleiðendur flytji inn frosna kjúklinga frá Evrópu og selji sem íslenska vöru. Í þeim tilvikum er kjötið oftast nýtt í tilbúin elduð matvæli, svo sem kjúklingaborgara og bollur, og ekki sérstaklega tilgreint á umbúðum að um erlent kjöt sé að ræða, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Neytendasamtökin sögðu í fyrradag að fyrirtækin Matfugl, Reykjagarður og Ísfugl hefðu alfarið hafnað fullyrðingu Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns um að kjúklingaframleiðendur selji innflutta frosna kjúklinga sem ferska íslenska vöru.

Í svari Matfugls segir að fyrirtækið hafi „aldrei flutt inn erlendan kjúkling sem pakkað er í neytendapakkningar og selt sem íslenskan kjúkling“ og í svari Ísfugls segir að fyrirtækið selji „aðeins úrvals íslenskt hráefni“.

Sú fullyrðing gengur þvert á það sem Jón M. Jónsson, einn eigenda Ísfugls, sagði í útvarpsþættinum Reykjavík síðdegis 12. nóvember síðastliðinn. Þá var hann spurður hvort innflutt kjúklingakjöt frá Evrópu væri þítt, verkað og pakkað sem íslenskt.

„Ég veit að þetta hefur tíðkast hjá öllum fyrirtækjunum í bransanum. Við erum ekki saklausir í því en við erum nýir eigendur að Ísfugli og við höfum tekið ákvörðun um að gera þetta ekki,



ÁSMUNDUR FRIÐRIKSSON



JÓHANNES GUNNARSSON

en ég get ekki svarað fyrir aðra framleiðendur,“ sagði Jón.

„Ef kjúklingakjöt er selt með þessum hætti þá er verið að villa um fyrir neytendum. Þeir upplifa þetta sem íslenskt kjöt af því þetta er í umbúðum frá viðkomandi kjúklingabúum,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

Ásmundur Friðriksson segist hafa fundað með kjúklingaframleiðendum í kjölfar ummæla sinna. „Eftir þá fundi stend ég við allt það sem ég hef sagt um að hlutirnir mættu vera í betra lagi. Að öðru leyti vísa ég til þess að allir kjúklingaframleiðendur á Íslandi hafa nú tekið upp nýjar vörumerkingar til að merkja það sem er innlent,“ segir Ásmundur. - hg

> **Ég veit að þetta hefur tíðkast hjá öllum fyrirtækjunum í bransanum.**
> *Jón M. Jónsson, einn eigenda Ísfugls.*



**Í ÖRUGGUM HÖNDUM** Ósk Geirsdóttir ljósmóðir hlúir að þessu litla barni sem fæddist í Hreiðrinu á Landspítalanum í gær og heitir enn sem komið er aðeins drengur Pétursson. Hann vó sextán merkur og var 51 sentimetri að lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Keisari fátíður á Íslandi:

## Hvergi betri heimaþjónusta

**HEILBRIGÐISMÁL** Fram kemur í nýrri skýrslu OECD að tíðni ungbarnadauða er hvergi lægri en einmitt hér á landi og Ísland er í forystu í mörgum öðrum þáttum.

Anna Eðvaldsdóttir, varaformaður Ljósmæðrafélags Íslands, segir í samtali við Fréttablaðið að margt liggi að baki þessari góðu stöðu, til dæmis náin og fagleg samvinna heilbrigðisstétta, en hér á landi hafi málum lengi verið vel komið. „Sérstaklega hvað varðar heimaþjónustuna sem ég held að sé hvergi í heiminum betri en hérna.“

Hvergi er gripið sjaldnar til keisaraskurðar við fæðingu en á Íslandi. Hér fæðast 14,7 prósent barna með þeim hætti en í OECD-löndunum er meðaltalið 27 prósent og allt að helmingur barna í Tyrklandi og Mexíkó.

- þj / sjá síðu 6






Mikil fækkun hefur orðið á hrefnu við landið og er hlýrri sjó kennt um:

## Hrefnuleysi ógnar hvalaskoðun

**NÁTTÚRA** Hrefnugengd við landið er aðeins svipur hjá sjón miðað við það sem var fyrir örfáum árum. Tegundin er undirstaða hvalaskoðunar á Faxaflóa og hafa forsvarsmenn hvalaskoðunarfólks þungar áhyggjur. Sama gegnir um hrefnuveiðimenn sem hafa byggt upp veiðar og vinnslu við flóann.

Þetta kom fram á málstofu um hvalveiðar og ferðaþjónustu á Sjávarútvegsráðstefnunni sem stendur yfir í Reykjavík.

Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur Hafrannsóknastofnunar, greindi frá því að hlýnun sjávar við Ísland hefði gjörbreytt möguleikum hrefnunnar til fæðuöflunar, sem aftur skýrir af hverju svo miklu minna leitar inn á grunnsævi.

- shá / sjá síðu 12









## SPURNING DAGSINS



Hilmar, eignast Vestmannaeyingar þá sinn eigin súlustað?

**„Nei, þetta verður stólpastaður.“**
Hilmar Kristjánsson hyggur á að byggja veitingahús við höfnina í Vestmannaeyjum, sem mun standa á súlum – eða stólpum.

Sex læknar segja 1,5 milljarða króna vanta í tækjakaup og skora á ríkisstjórnina að grípa til aðgerða:

# Lýsi yfir tafarlausri endureisn Landspítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Yfir milljarði króna þarf að verja til tækjakaupa á Landspítalanum til að viðhalda núverandi tækjakosti, en til að uppfæra kostinn eftir margra ára fjársvelti þarf enn frekari fjármuni.

Þetta kemur fram í grein sem sex læknar á Landspítala skrifa í Fréttablaðið í dag. Meðal greinarhöfunda er Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir á skurðdeild, sem segir í samtali að gangi áætlanir í fjárlagafrumvarpi eftir verði óumflýjanlegt að draga úr þjónustu spítalans.

„Við vonumst innilega til þess að sú verði ekki raunin þar sem okkur hefur fundist umræðan í þjóðfélaginu hafa snúist okkur í hag og að það sé vilji hjá almenningi og stjórnmálamönnum til að veita auknu fé til Landspítalans,“ segir Tómas.

„Það er hins vegar alveg ljóst að ef það kemur ekki til, þurfum við annaðhvort að færa rannsóknir eða aðgerðir út af spítalanum, jafnvel til útlanda og það hugnast okkur læknum ekki og ég held að það sama gildi um almenning.“

- þj / sjá síðu 20


Viðreisn Landspítala: Tíminn á þrotum

Enginn vafi leikur á að fjármögnun Landspítala hefur verið ábótavant í mörg ár. En vandinn er mun umfangsmeiri. Að okkar mati er einnig um kerfislægan vanda í íslensku samfélagi að ræða sem varðar innviði og umgjörð heilbrigðisþjónustu hér á landi.

**FRÉTTABLAÐIÐ Í DAG** „Stjórnvöld verða tafarlaust að lýsa því yfir að hafin sé endurreisn Landspítala,“ segir í grein læknanna sex.

Árni Páll á opnum fundi:

## Segir kreddukarla við stjórn

**STJÓRNMÁL** „Kosningarnar í vor kenndu þjóðinni dýrkeypta lexíu: Það skiptir máli hverjir stjórna,“ sagði Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, á opnum fundi Samfylkingarinnar á Grand Hóteli í gærkvöld.

„Á snöggu augabragði var stýrinu snúið, skattar lækkaðir á vildarvini og sundrungarpólitíkin innleidd,“ sagði Árni meðal annars.

„Hættan á japönsku ástandi efnahagslegrar lömunar blasir við, nú þegar spáð er litlum hagvexti, lítilli fjárfestingu og ofskuldsetningu í atvinnulífi. Þá ætti svarið að vera að opna hagkerfið og auka samkeppni,“ sagði hann enn fremur. „En kreddukarlarnir kjósa frekar að loka leiðinni út og hætta aðildarviðræðum við Evrópusambandið.“ - gb



**AFTUR Á LOFT** Potan fór á loft í gær, daginn eftir lendingu á röngum velli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mistök í flugi:

## Boeing lenti á röngum velli

**BANDARÍKIN, AP** Risaþota af gerðinni Boeing 747 lenti fyrir mistök á litlum flugvelli í Kansas á miðvikudag, skammt frá herflugvelli þar sem hún átti að lenda.

Um borð voru tveir flugmenn, engir farþegar en hlutir í væntanlega 787 Dreamliner þotu frá Boeing. Þeir áttu að fara til fyrirtækis í grenndinni, sem framleiðir stóra parta í nýju þotuna, sem brátt mun líta dagsins ljós.

Orsök mistakanna mun liggja í því að flugmaðurinn hafi mislesið lendingarleiðbeiningar, sem hann sjálfur hafði skrifað. - gb

# Eins og það sé beðið eftir að hann bróðir minn deyi

Stofnun félags um málefni útigangsfólks er í undirbúningi. Inga Birna Dungal er meðal stofnenda. Bróðir hennar á við fíknivanda að stríða og býr á götunni. Inga segir að kenna þurfi útigangsfólki á lífið.

**SAMFÉLAG** „Það er rosalega sorglegt að horfa í augun á bróður sínum og biðja til guðs að hann verði handtekinn,“ segir Inga Birna Dungal, einn af stofnendum nýs félags um málefni útigangsfólks.

Bróðir Ingu Birnu er 26 ára gamall og hefur verið í óreglu og afbrotum frá því hann var barn.

„Í gegnum tíðina þegar ég hef reynt að hjálpa honum hef ég komið að lokuðum dyrum. Ég nefni nafn hans við starfsmenn stofnana og það vill enginn hjálpa. Það er eins og fólk bíði eftir að hann bróðir minn deyi því þá er hann ekki vandamál lengur og aðstandendur losna úr þessari kvöl.“

Inga Birna fagnar stofnun félagsins og vonar að það geti hjálpað fagfólki í kerfinu að aðstoða þessa einstaklinga. Félagið verður regnhlífarsamtök fyrir ógæfufólk af öllu tagi, aðstandendur þeirra, áhugamenn og starfsmenn í málaflokknum.

„Það eru fáir sem geta staðið upp fyrir þeim sem geta ekki staðið sjálfir í fæturna. Bróðir minn tilheyrir litlum hópi manna sem fara inn og út úr fangelsi,“ segir Birna sem kveður bróðurinn hafa náð að halda sér edrú í fangelsinu. „En um leið og hann kemur út er hann kominn á götuna og fer í afbrot. Þetta eru mennirnir sem við lesum hrottalegar fréttir um í blöðunum, alltaf sömu mennirnir. Vandamálið er að þeir fá enga uppbyggilega hjálp og allir hafa gefist upp á þeim.“

Inga Birna vill stórefla forvarnir fyrir þennan hóp. „Þetta eru menn sem báru þess merki strax sem börn að þeir yrðu utangarðs eða í vandræðum. Það er búið að horfa á vandamálið vaxa með hverju árinu en aldrei gripið almennilega inn í. Við gætum fækkað glæpum um helming með því að hlúa betur að börnunum. Það verða sífellt minni líkur á því eftir því sem þeir eldast og glæpirnir verða alltaf alvarlegri.“

Inga Birna segir bróður sinn af og til vilja hjálp og breyta lífi sínu. En þá komi hann alls staðar að lokuðum dyrum. Það vanti úrræði þegar fólkið opnar sjálft fyrir hjálp.

„Það vantar skilorðsfulltrúa, einhverja til að fylgja þeim út í lífið eftir fangelsi. Fangelsisstofnun veit vel að bróðir minn er heimilislaus þegar hann losnar úr fangelsi en honum er samt hent þangað. Það þarf að kenna þeim á lífið, það eina sem þeir kunna eru afbrot og sjálfsmynd þeirra endurspeglast í fréttum af glæpum þeirra í fjölmiðlum.“



**AÐSTANDANDI** Inga Birna Dungal hefur horft upp á bróður sinn vera utangarðs í samfélaginu frá því hann var lítill drengur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Þetta eru mennirnir sem við lesum hrottalegar fréttir um í blöðunum.**
> *Inga Birna Dungal, einn stofnenda nýs félags um málefni útigangsfólks*

erlabjorg@frettabladid.is




Deilur í meirihlutanum í sveitarstjórn Rangárþings ytra settar niður á fundi:

# Dýrin í skóginum orðin vinir



**ÞORGILS TORFI JÓNSSON**



**GUÐMUNDUR INGI GUNNLAUGSSON**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Þetta er ekki lengur eins og í Kardimommubænum nú er þetta eins og hjá dýrunum í Hálsaskógi,“ segir Þorgils Torfi Jónsson sem situr í meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

Miklar væringar hafa verið í sveitarstjórninni síðustu daga og vikur og raunar mun lengur. Þar hefur meðal annars verið tekist á um uppsögn starfsmanns og tölvukaup fyrir grunnskólann.

„Það verður að viðurkennast að við höfum oft deilt og það er búið að vera alvega skelfilega leiðinlegt andrúmsloft hjá okkur undanfarna mánuði, misseri og ár,“ segir Þorgils Torfi.

Hann segir að nú hafi menn tekið ákvörðun um að láta persónulegar deilur víkja fyrir hagsmunum íbúa sveitarfélagsins. „Við töluðum saman, það var gott samtal menn voru einlægir á þeim fundi,“ segir Þorgils Torfi.



Guðmundur Ingi Gunnlaugsson oddviti segir að samstarfið innan meirihlutans sé gott núna. Verið sé að ljúka við fjárhagsáætlun næsta árs. „Samstarfið er gott þó við séum ekki sammála um allt. En við ræðum málin og komumst á endanum að niðurstöðu,“ segir hann. - jme

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

Nokkrir sýningarbílar á frábærum afslætti fram að áramótum. Fyrstir koma fyrstir fara á glæsilegum Chevrolet inn í nýtt ár.

ALLT AÐ 500.000 KR. AFSLÁTTUR

**Tryggðu þér eintak strax!**




Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## SVONA ERUM VIÐ



**2.298 skip og bátar voru á Íslandi á skipaskrá 1. janúar 2013.**

**Af þeim voru 1.694 fiskiskip, flest undir 15 brúttótonnum eða 1.293.**

Þau rúmlega 600 skip sem ekki flokkast sem fiskiskip eru af ýmsu tagi, svo sem skemmtiskip, seglskip, björgunarskip, dráttarskip, prammar og dýpkunarskip.

Þingmenn VG hafa ítrekað kallað eftir svörum um stöðu fjárlagavinnu:

# Segja fjárlagavinnu í uppnámi

**STJÓRNMÁL** Tveir fundir fjárlaganefndar féllu niður í vikunni, þrátt fyrir að vinna við breytingartillögur við fjárlagafrumvarp sé ekki hafin. Bjarkey Gunnarsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, alþingismenn Vinstri grænna, hafa ítrekað kallað eftir svörum á Alþingi um stöðu fjárlagavinnunnar í vikunni og hvort til standi að leggja fram frumvarp til fjáraukalaga.

Það að vinna í fjárlaganefnd sé ekki hafin bendir, samkvæmt tilkynningu frá Svandísi Svavarsdóttur, þingflokksformanni VG, til þess að fresta þurfi annarri umræðu um fjárlagafrumvarpið.

Fjárlögin munu fara til afgreiðslu Alþingis áður en fjáraukalögin verða kláruð. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði á miðvikudaginn að það væri óheppilegt í sjálfu sér, en þó væru dæmi um slíkt í fortíðinni.

Bjarkey Gunnarsdóttir þingmaður VG sagðist vera ósammála því að fjáraukafrumvarpið megi bíða. Að slíkt hefði ekki gerst í ein þrjátíu ár, utan 2008. - skó



BJARKEY GUNNARSDÓTTIR



BJARNI BENEDIKTSSON

Bland.is varar við svikurum:

# Þrír menn nafngreindir

**NEYTENDUR** Fyrirtækið Bland.is sendi notendum síðunnar viðvörun í pósti í gær. Þar var varað við ákveðnum notendum sem eru með reikning á síðunni.

Fram kom að fyrirtækinu hafi borist ítrekaðar tilkynningar um ákveðna notendur vegna tilrauna þeirra til að svíkja fé af notendum. Voru viðskiptavinir varaðir við því að leggja fé inn á óþekkta aðila án þess að vera komnir með vöruna í hendurnar. Þrír voru nafngreindir í póstinum. - sáp



**FUNDAHÖLD BYRJUÐ** Catherine Ashton frá ESB ásamt Mohamed Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Viðræður hafnar á ný:

## Reynt að semja við Íransstjórn

**GENF, AP** Fulltrúar sjö ríkja hófu viðræður í gær í Genf um kjarnorkuáætlun Írans, en Íransstjórn vonast til þess að refsiaðgerðum verði aflétt í framhaldinu.

Íranar hafa þó ekki viljað fallast á öll skilyrði Vesturlanda, sem krefjast þess að tryggt verði að Íranar komi sér ekki upp kjarnorkuvopnum.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur hvatt Bandaríkjaþing til þess að bíða með að samþykkja nýjar refsiaðgerðir á meðan viðræðum er ekki lokið. - gb

Vonbrigði í Póllandi:

## Gengu út af ráðstefnunni

**PÓLLAND, AP** Hundruð umhverfisverndarsinna gengu út af loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Póllandi.

Í yfirlýsingu sögðu þeir að nánast enginn árangur væri sjáanlegur eftir fundarhöldin, sem hófust í síðustu viku en lýkur í dag.

Fyrirfram var ekki búist við neinum tímamótaniðurstöðum á þessari ráðstefnu, en ráðstefnan hefur einkennst af deilum um fjármögnun á aðstoð við fátækari lönd, til að gera þeim kleift að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. - gb

# Atvinnurekendur vilja færa frídaga en stéttarfélög hugsi

Verkalýðshreyfingin hefur blendnar tilfinningar gagnvart frídagafrumvarpi Bjartrar framtíðar. Atvinnurekendur eru á móti fjölgun frídaga vegna aukins kostnaðar. Eldri borgarar vilja alls ekki færa uppstigningardag.

**VINNUMARKAÐUR** Samiðn leggur til að frídagafrumvarp Bjartrar framtíðar verði samþykkt og verði að lögum eins og það er lagt fram. BSRB og Starfsgreinasambandið telja að 1. maí sé svo helgur dagur fyrir verkafólk að ekki komi til greina að hrófla við honum. Þetta kemur fram í umsögnum um frídagafrumvarp Bjartrar framtíðar sem liggur fyrir Alþingi.

Rafiðnaðarsambandið er hins vegar á því að það megi taka 1. maí til endurskoðunar. „Það er engin að ræða um að fella 1. maí niður, það er sáralítið hlutfall launamanna sem tekur þátt í hátíðahöldunum og hægur vandi að koma þeim fyrir eftir sem áður í lok vinnudags," segja rafiðnaðarmenn og eru frekar jákvæðir gagnvart frumvarpinu í heild. BSRB gerir ekki athugasendur nema við tilfærslu 1. maí.

Í umsögn Starfgreinasambandsins má greina vafa. Annars vegar eru kynnt sjónarmið þeirra sem vilja fara þá leið sem kynnt er í frumvarðinu og hins vegar þeirra sem engu vilja breyta.

Landssamband eldri borgara telur að sú hefð sem skapast hefur um sumardaginn fyrsta og uppstigningardag, eigi sér sterkar rætur í íslenskri þjóðmenningu og ekki eigi að breyta því með einfaldri lagasetningu.

Samtök atvinnulífsins vilja færa frí vegna uppstigningardags og sumardagsins fyrsta upp að næstu helgi en lýsa andstöðu við fjölgun frídaga sem lögð er til í frumvarpinu.





**BLENDNAR TILFINNINGAR** Verkalýðshreyfingin er ekki einhuga um að gera fyrsta mánudag í maí að almennum frídegi í stað 1. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Félag atvinnurekenda telur frumvarpið að hluta til ágætt en gerir athugasemdir við aukinn kostnað atvinnurekenda yrði það að lögum. Viðskiptaráð lýsir sömu skoðun og á svipuðum nótum eru athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Frídagar eru hluti af vinnutímaákvæðum kjarasamninga og hafa breytingar á þeim áhrif á launakostnað sveitarfélaga," segir í umsögninni.

johanna@frettabladid.is

## FRÍDAGAR Í NOKKRUM RÍKJUM EVRÓPU





**→ Frídagafrumvarp Bjartrar framtíðar**

Samkvæmt frídagafrumvarpi Bjartrar framtíðar verður launafólki gefið frí á föstudegi eftir uppstigningardag og sumardaginn fyrsta. Beri jóladag, annan í jólum, nýársdag og 17. júní upp á frídag á að gefa aukafrídag næsta virka dag á eftir. 1. mai verður haldinn hátíðlegur fyrsta mánudag í maí.

**→ Reynt að færa fimmtudagsfrí 1998**

Í kjarasamningum 1998 var samið um að færa uppstigningardag og sumardaginn fyrsta til næsta föstudags. Tillagan hlaut ekki hljómgrunn þegar samningurinn var kynntur fyrir félögum Starfsgreinasambandsins.

Samningarnir voru felldir og þetta var eitt þeirra mála sem hafði þar mikil áhrif.

GILDIR FÖSTUDAG & LAUGARDAG

48 TÍMA OFURTILBOÐ





ZANUSSI Zanussi er dótturmerki Electrolux

**ZCV-664MW/MX Eldavél**
Glæsileg eldavél með keramik helluborði og XL 69 lítra ofni. 7 eldunarkerfi þ.á.m. blástur og grill.
4 hellur þ.á.m. ein XL hella.
HxB 85-93,5 x 59,5 cm
Fullt verð kr. 139.900/149.900

BLÁSTUR · XL OFN · A ORKA

Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**HITABREYTINGAR** Þessa daga kólnar og hlýnar á víxl og rétt er að vara við hálkumyndun. Í dag kólnar, einkum á norðanverðu landinu. Á morgun verður hæglætisveður, bjart og svalt en á sunnudaginn hlánar á ný með úrkomu vestan til.





**Á morgun**
Hæg SV-læg eða breytileg átt.





**Sunnudagur**
10-15 m/s V-til, annars hægviðri.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Berlín | 6° | Friedrichshafen | 3° | Las Palmas | 22° | New York | 13° | París | 6° |
| Aþena | 18° | Billund | 5° | Gautaborg | 5° | London | 7° | Orlando | 28° | San Francisco | 17° |
| Basel | 4° | Frankfurt | 6° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 14° | Ósló | -1° | Stokkhólmur | 4° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# EINFALT
## AÐ SKILA EÐA SKIPTA




Hagkaup býður upp á yfir 50.000 vörutegundir
og því er auðvelt að finna gjöf við allra hæfi.
Munið að biðja um skilamiða.

VERSLAÐU Á NETINU
HAGKAUP.IS




VAXTALAUST JÓLALÁN




RAFRÆNT GJAFAKORT

JÓLAGJAFIR ALLAN SÓLARHRINGINN
24
í Garðabæ
og Skeifunni

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Ljóð hvaða skálds las formaður skipulagsnefndar Mosfellsbæjar þegar hann sagði af sér?
**2.** Hver munu leiða lista Framsóknarflokksins í næstu borgarstjórnarkosningum?
**3.** Hvenær gerðist það síðast að engin Norðulandaþjóð lék í úrslitum HM í fótbolta?

**SVÖR**
**1.** Davíðs Stefánssonar.
**2.** Óskar Bergsson.
**3.** 198

Segja að handtökurnar í Gálgahrauni í október hafa verið siðlausar og vilja opinbera rannsókn:

# Hraunavinir segjast munu kæra lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** „Við ætlum að kæra lögregluna fyrir að setja friðsama mótmælendur í fangelsi,“ segir Gunnsteinn Ólafsson hraunavinur.

Það var 21. og 22. október sem Hraunavinir efndu til mótmæla í Gálgahrauni. Tilgangurinn var að koma í veg fyrir lagningu Álftanesvegar. Lögreglan var með mikinn viðbúnað á staðnum og handtók fjölda mótmælenda.

Hraunavinir segja að það hafi verið siðlaust að handtaka fólk og sekta fyrir að standa vörð um náttúruverndarlög. Þeir telji að allir sem stóðu að þessum „gjörningi“ ættu að biðja hina handteknu og aðra friðsama mótmælendur afsökunar. Þá vilja hraunavinir að innanríkisráðherra láti fara fram rannsókn á aðgerðum lögreglu.

„Þessar handtökur eru að mörgu leyti fordæmalausar, það þarf að skoða vel réttarstöðu þeirra sem voru handteknir,“ segir Ragnheiður Elva Þorsteinsdóttir, lögmaður Hraunavina, og bætir við að það komi í ljós á næstunni hversu margar kærur verði lagðar fram. - jme



**HANDTEKNIR** Lögmaður Hraunavina er að skoða réttarstöðu þeirra. Þeir ætla að kæra lögreguna fyrir ólögmætar handtökur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mótmæla vinnubrögðum:

## Of lítill tími í aðalskipulagið

**REYKJAVÍKURBORG** „Með svo óvönduðum vinnubrögðum sýnir borgarstjórnarmeirihluti Samfylkingar og Besta flokksins fjölmörgum einstaklingum og lögaðilum lítilsvirðingu sem sendu inn athugasemdir vegna tillögunnar í góðri trú,“ bókuðu sjálfstæðismenn í borgarráði þar sem afgreidd var tillaga að nýju aðalskipulagi til umfjöllunar í borgarstjórn næsta þriðjudag.

Fulltrúar meirihluta Besta flokksins og Samfylkingar bókaðu borgarfulltrúa hafa haft öll tækifæri til að kynna sér málið mjög ítarlega. „Gögn málsins eru borgarfulltrúum því af góðu kunn,“ sögðu þeir. - gar

Segir nýjar reglur ekki nóg:

## Segir brotið gegn börnum

**REYKJAVÍKURBORG** „Ósanngirni er alveg jafn ósanngjörn þótt tilvikin séu fá – og lögbrotin eru alveg jafn mikil lögbrot, jafnvel þó þau séu aðeins framin í undantekningartilvikum,“ bókaði Sóley Tómasdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, þegar borgaráð samþykkti í gær nýjar verklagsreglur við innheimtu á gjöldum vegna þjónustu við börn.

„Með nýju verklagi við innheimtu þjónustugjalda verður tryggt að foreldrar í skuldavanda fái vandaða málsmeðferð, að fjárhagslegar og félagslegar aðstæður fólks verði kannaðar og samningar gerðir í samræmi við greiðslugetu foreldra,“ sagði meirihlutinn. - gar

# Samstarf lykill að velgengni

Hvergi er ástand mála betra meðal OECD-ríkja en einmitt hér á landi þegar kemur að fæðingum. Ungbarnadauði er minnstur og keisaraskurðir hvergi eins fáir. Ljósmóðir þakkar þetta góðu samstarfi og samstilltu kerfi.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ástand mála í barnsfæðingum er hvergi betra en á Íslandi, að því er fram kemur í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, um heilbrigðismál sem kom út í gær. Úttektin í skýrslunni tekur til 34 aðildarríkja stofnunarinnar allt fram til ársins 2011, en þar má finna margvíslegar upplýsingar um heilbrigðismál.



**ANNA EÐVALDS-DÓTTIR**

Í skýrslunni sést meðal annars að tíðni ungbarnadauða er lægst á Íslandi, sem svarar 1,6 andlátum á fyrsta ári á hver 1.000 lifandi börn, en auk þess eru börn með lága fæðingarþyngd, undir 2.500 grömmum, líka hlutfallslega fæst hér á landi, eða 3,2 börn á hver 1.000. Til samanburðar er meðaltal OECD-landanna annars vegar 4,1 í ungbarnadauða og hins vegar 6,8 börn sem fæðast innan við 2.500 grömm að þyngd. Síðustu ár hefur ungbarnadauði verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjunum en hlutfall barna sem fæðast of létt hefur aukist lítillega.

Þá vekur líka athygli að hvergi er gripið sjaldnar til keisaraskurðar við fæðingu en einmitt á Íslandi þar sem 14,7% barna fæðast með þeim hætti, samanborið við 27% meðaltal í OECD og allt upp í tæpan helming barna í Tyrklandi og Mexíkó.

Þessu tengt, kemur einnig fram í skýrslunni að ljósmæður eru hvergi fleiri en einmitt hér á landi, en hér eru 175 ljósmæður á hverja 1.000 borgara samanborið við OECD-meðaltalið sem er 70 ljósmæður.

Anna Eðvaldsdóttir, varaformaður Ljósmæðrafélags Íslands, segir að ekki komi á óvart að Ísland komi svo vel út úr samanburðinum, þar sem allt utanumhald um barneignir hér á landi er eins og best verður á kosið.

„Við sem komum að þessum málum vinnum öll mjög vel saman og á faglegan hátt,“ segir hún.

„Þetta hefur lengi verið í góðum málum hjá okkur. Sérstaklega hvað varðar heimaþjónustuna sem ég held að sé hvergi í heiminum betri en hérna.“

Þá segir Anna að eftirfylgni með nýburum sé samstarf afar gott milli allra aðila og kerfið þétt þar sem auðvelt er að fá börn lögð inn ef eitthvað kemur upp á. „Svo er mun meiri eftirfylgni í kerfinu sem skilar sér í því að sjaldnar þarf að grípa til keisaraskurða en hér á árum áður.“

Anna segir loks að íslenskar ljósmæður hafi verið afar fljótar að tileinka sér margs konar nýjungar síðustu tuttugu árin. Til dæmis nudd og nálastungur, sem hafi reynst afar vel.

thorgils@frettabladid.is

### ➜ Tvöföld notkun þunglyndislyfja

Neysla þunglyndislyfja er langtum meiri hér á landi en í öðrum löndum sem skýrslan tekur til. Árið 2011 nam neyslan 106 dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa, sem er næstum tvöfalt á við meðalneyslu í OECD-löndum.

Magnús Jóhannsson, læknir hjá Landlæknisembættinu, sagði í samtali við Vísi í gær að þetta hefði verið vitað lengi, en ekki væri vitað hvers vegna svo sé. Full ástæða væri til að kanna málið og það yrði eflaust gert í ljósi þessara niðurstaðna.

„Þá verður farið í einhverja vinnu til að reyna að greina þetta. Við Íslendingar erum að nota meira af ýmsum lyfjum en þekkist annars staðar: Meira af örvandi lyfjum, róandi lyfjum, svefnlyfjum og þunglyndislyfjum svo eitthvað sé nefnt.“



**FREMST ALLRA** Íslendingar skara framúr þegar kemur að barnsfæðingum að því sem fram kemur í skýrslu OECD um heilbrigðismál. Hér minnst um ungbarnadauða og flestar ljósmæður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### ➜ Telja sig vera við góða heilsu




### ➜ Telja sig vera of þung




Bambus er eini veitingastaðurinn í Reykjavík sem býður upp á hlaðborð með hátíðarmat frá Asíu.

Við bjóðum upp á ljúffenga lemon önd, kínverska dimsum, sushi og kalkún með Asískri fyllingu og margt fleira, auk hefðbundin íslenskan jólamat.

**Hádegishlaðborð hefjast 22. nóvember og standa til 23. desember.**

**Verð:**
3.990 kr. Fim. - Fös. - Lau.

**Hóptilboð >20 manns 3.290 kr.**

BA MB US
asian cuisine & lounge
517-0123 / www.bambusrestaurant.is
Borgartúni 16, 105 Reykjavík, Iceland

Íbúasamtök segja íbúa eiga að hafa aðkomu að skipulagsákvörðunum:

# Mótmæla samþykktu skipulagi

**REYKJAVÍK** Íbúasamtök Vesturbæjar lýsa í fréttatilkynningu yfir miklum vonbrigðum með að mótbárur þeirra og rúmlega 400 íbúa og fagmanna, gegn deiliskipulagstillögu fyrir Vesturbugt hafi ekki náð eyrum skipulagsyfirvalda. Tillagan var samþykkt í skipulagsráði Reykjavíkur með smávægilegum breytingum.

Þótt komið hafi verið til móts við ábendingar og tillögur samtakanna að einhverju leyti með því að lækka sum hús um eina hæð, séu þau enn vonsvikin með samþykkt tillögunnar. Einnig segir að niðurstaða vinnuferlis deiliskipulagsins sé mjög umdeild meðal íbúa og fagfólks sem krefjist þess að tillagan og ferlið verði endurskoðað í heild sinni.

„Íbúar vilja nýtt hverfi sem er í beinni tengingu og í samhljómi við gamla Vesturbæinn. Við viljum sjá hverfi sem mun mæta væntingum og þörfum jafnt íbúa sem og allra Reykvíkinga og gesta borgarinnar.“ Enn fremur segir að sigurvegari hugmyndasamkeppninnar sem tillagan var byggð á, setji út á hana og segi hana ekki í samræmi við sínar tillögur og hugmyndir.

Samtökin segjast standa fast á því að skipulagsstefna og ákvarðanir sem tengjast þeim séu ekki einkamál stjórnmála- og embættismanna Reykjavíkur. „Íbúar og fagfólk á að eiga raunverulega aðkomu að ákvörðunum sem tengjast skipulagi í stað þess að kynningar og samráð séu lítið annað en leiktjöld.“ skó



**KIRKJUSKIPIÐ LÆKKAÐ** Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru á deiliskipulagstillögu fyrir Vesturbugt, var að kirkjuskip rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar var lækkað.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTISERÍUM

**MACK GAME LEIKJASTÓLL**
Flottur og þægilegur leikjastóll með innbyggðum hátölurum og SUBWOOFER. Hægt að tengja við allar helstu leikjatölvurnar eins og PlayStation, Nintendo, iPad, mp3 spilara o.fl.

LEIKJASTÓLL
**14.950**

Tilvalin jólagjöf

SPARIÐ 5000

KRONBORG OF DENMARK
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

LÚXUS GÆSADÚNSÆNG
FULLT VERÐ: 29.950
**24.950**
135 X 200 SM.

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

**KRONBORG DREAMER GÆSADÚNSÆNG**
Lúxus gæsadúnsæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni. Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga með 2,5 sm. háum veggjum á milli hólfa og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Koddi stærð: 50 x 70 sm. **7.995**
Stærðir: 135 x 200 sm. **29.950** nú **24.950** 135 x 220 sm. **34.950** nú **29.950**
200 x 220 sm. **49.950** nú **44.950**

STÆRÐ: 120 X 200 SM.

SPARIÐ 30.000

FULLT VERÐ: 84.950
**54.950**

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

**BLUE SKY AMERÍSK DÝNA**
Góð amerísk dýna með 4 sm. yfirdýnu.
Stærð: 120 x 200 sm.

KAUPTU 2 OG SPARAÐU 1000

25% AFSLÁTTUR

**AILI SÆNGURVERASETT**
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

KREP

FULLT VERÐ: 2.995
**2.245**

31% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.295
**895**

**JÓLAFÍGÚRA MEÐ LJÓSI**
Nokkrar gerðir.

**MOLLIE SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% polyester-míkrófíber.
140 x 200 sm. / 50 x 70 sm. Lokað með rennilás.
1 sett **1.995**
nú 2 sett **2.990**

SÆNGURVERASETT
**1.995**

NÝTT

40 STK.

40 STK.
**399**

**JÓLASERVÍETTUR**
Fáanlegar með nokkrum mismunandi munstrum.

DAGATALSKERTI

1 STK.
**249**

**DAGATALSKERTI**
Mikið úrval.

MEMORYFOAM

NÝTT

SPARIÐ 3000

FULLT VERÐ: 12.950
**9.950**

**VIDAR KERTASTJAKI**
Stórglæsilegur 5 arma kertastjaki á frábæru verði!
Hæð: 100 sm.

NÝTT

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Gildir til 24.11.13

HEILSUINNISKÓR
**2.995**

**HEILSUINNISKÓR**
Heilsuinniskór með MEMORY FOAM svampi.
Stærðir: 43-47.

Tilvalin jólagjöf

Dómur fyrir kynferðisbrot:

## Fjögur og hálft ár í fangelsi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm héraðsdóms yfir Eyþóri Kolbeini Kristbjörnssyni vegna kynferðisbrota gegn tólf stúlkum. Yngsta fórnarlambið var 12 ára. Einni stúlkunni nauðgaði Eyþór þegar hún var 15 ára.

Hann setti sig í samband við stúlkurnar á samfélagsmiðlum á internetinu og tók af þeim myndir og viðhafði kynferðislegt athæfi gegn þeim. Hann á að borga þeim fimm milljónir í bætur. **- sáp**

Securitas óskaði eftir fundi við yfirvöld í Hafnarfirði um innkomuvöktun:

## Vöktun hentar ekki Hafnarfirði

**HAFNARFJÖRÐUR** Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur hafnað beiðni Securitas um kynningarfund um innkomuvöktun með myndavélum í sveitarfélaginu.

Securitas kynnti innkomuvöktunina, sem ætluð er til stuðnings löggæslu, á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í október.

Kerfið felst í myndavélum við bæjarmörk sveitarfélaga ásamt greiningarhugbúnaði sem skráir númer ökutækja sem ekið er fram hjá. Miðað er við að búnaðurinn sé settur upp á bæjarmörkum hjá smærri sveitarfélögum en á hverfamörkum hjá þeim stærri.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir bæjarráð telja að þjónustan henti Hafnarfirði ekki.

„Við erum með Reykjanesbrautina þvert í gegnum sveitarfélagið og við værum ekki að auka öryggi með því að setja upp myndavélar við innkomur að sveitarfélaginu. Við töldum að þetta hentaði ekki Hafnarfirði,“ segir bæjarstjórinn. **- skó**



**HAFNARFJÖRÐUR OF STÓR** Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að með uppsetningu innvöktunar í sveitarfélaginu yrði öryggi ekki aukið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Uppsveifla Landsbankans:

## Hagnaðist um 22 milljarða

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hagnaðist um 22 milljarða króna fyrstu níu mánuði ársins. Á sama tímabili í fyrra hagnaðist bankinn um 13,5 milljarða. Munurinn er því nærri 70 prósent milli ára.

Í tilkynnngu er aukningin skýrð með hækkun rekstrartekna, lækkun kostnaðar, hækkandi virði hluta- og skuldabréfa, virðisbreytingu lána og hærri þjónustutekjum. „Við munum halda áfram á sömu braut,“ segir Steinþór Pálsson bankastjóri. **- gar**

Líf styrkir Kvennadeild LSH

## Selja leikföng og barnavörur

**GÓÐGERÐARMÁL** Líf styrktarfélag stendur fyrir fjáröflun til styrktar Kvennadeild Landspítalans. Almenningi gefst kostur á að gefa félaginu notuð leikföng og barnavörur, sem seld verða á barnavörubasar á sunnudag.

Á síðasta ári seldust vörurnar upp á rúmri klukkustund og því er fólk með fullar geymslur hvatt til að hugsa til Kvennadeildarinnar á laugardag. Tekið verður á móti vörum í Skeifunni 19 milli klukkan 11 og 15. **- eb**



**KÓPAVOGUR** Segja kynjaða hagstjórn bætu nýtingu fjármuna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Jafnréttisráð í Kópavogi:

## Telja kynjaða hagstjórn betri

**SVEITARFÉLÖG** „Jafnréttis- og mannréttindaráð telur að með því að nýta sér kynjaða hagstjórn sé unnt að auka jafnrétti innan sveitarfélagsins, bæta nýtingu opinberra fjármuna og efnahagsstjórn,“ segir í bókun sem ráðið gerði í kjölfar heimsóknar Hugrúnar R. Hjartardóttur frá Jafnréttisstofu sem kynnti kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð fyrir sveitarfélög.

„Jafnréttis- og mannréttindaráð mun halda áfram að kynna sér þessa aðferðafræði með það að markmiði að stuðla að innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar hjá Kópavogsbæ,“ segir ráðið. **- gar**




Ég hef hafið störf á
Stúdíó – Hallgerði,
Nóatúni 17
Tímapantanir 561 5455
Allir velkomnir
Kv. Bjöggi klippari


# Úthlutanir Evrópustyrkja frá 2000 að nálgast 26 milljarða

Milljarðatugir hafa runnið til íslenskra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga í gegnum rannsóknar-, mennta- og menningaráætlanir Evrópusambandsins síðustu áratugi. Íslensk erfðagreining hefur fengið 80 prósent af öllum framlögum til fyrirtækja. Í dag eru kynntar á vegum Rannís samstarfsáætlanir til næstu sjö ára.

**FRÉTTASKÝRING**



**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

**Hverju hafa samstarfsáætlanir Evrópusambandsins skilað?**

Íslendingar hafa verið virkir og afkastamiklir þátttakendur í evrópskum samstarfsáætlunum síðustu áratugi. Fram kemur á nýopnuðum yfirlitsvef á slóðinni evropusamvinna.is að frá árinu 2000 og fram á þetta ár hafi verið úthlutað um 145 milljónum evra (rétt tæpum 24 milljörðum króna) til margvíslegra verkefna hér á landi.

Eru þá ekki teknir með í reikninginn styrkir sem eftir á að ganga frá á árinu, en með þeim áætlar Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) að styrkir ársins nemi 15 til 16 milljónum evra. Að þeim fjárhæðum meðtöldum væru styrkveitingar frá árinu 2000 komnar í tæpa 26 milljarða króna.

**Borgum inn í samstarfið**

Rannís stendur í dag fyrir „Uppskeruhátíð samstarfsáætlana ESB“ í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík þar sem eru til kynningar um 50 verkefni sem hlotið hafa styrki úr evrópskum áætlunum. Í kynningargögnum kemur fram að síðustu 20 ár hafi íslensk fyrirtæki, stofnanir, skólar, félagasamtök og einstaklingar fengið um 200 milljónir evra í styrki úr evrópskum áætlunum (tæpa 33 milljarðar króna), auk þess sem um 25 þúsund Íslendingar hafi verið á faraldsfæti um alla Evrópu við nám, störf og starfsþjálfun af ýmsu tagi.



**HALLGRÍMUR JÓNASSON**

Á nýja Evrópusamvinnuvefnum er hægt að sjá yfirlit styrkjanna, skipt eftir landshlutum og sveitarfélögum, allt niður í einstök verkefni.

Þá fer líka fram í dag þreföld opnunarráðstefna „nýrrar kynslóðar Evrópuáætlana“ til næstu sjö ára. Það eru rannsókna- og nýsköpunaráætlunin Horizon 2020; mennta-, æskulýðs- og íþróttaáætlunin Erasmus+; og kvikmynda- og menningaráætlunin Creative Europe.

Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís, segir að vissulega sé um háar fjárhæðir að tefla, en ekki megi gleymast að Íslendingar láti líka af hendi peninga í þessar áætlanir Evrópusambandsins. „Miðað við þjóðartekjur greiðum við fyrir okkar hlutdeild í samstarfinu,“ segir hann, en viðurkennir um leið að raunin hafi verið að mun meira hafi skilað sér af fjármunum til landsins en látnir hafi verið af hendi. „Okkur gengur það vel í þessu og alveg sérstaklega upp á síðkastið.“

**Sækjum þekkingu og aðstöðu**

Tilgangurinn sé hins vegar ekki að sækja meiri peninga en settir eru í samstarfið. „Tilgangurinn er að komast með þetta litla samfélag okkar í rannsóknarumhverfinu, þar sem starfa um 3.500 manns, í tengsl við alla vísindamenn í Evrópu.“ Hallgrímur bendir á að á Norðurlöndum einum séu vísindamenn 230 þúsund talsins.

„Við erum náttúrlega að sækjast eftir því að komast í viðbótarþekkingu og viðbótaraðstöðu til þess að geta þróað bæði rannsóknir og nýsköpun hér á landi. Það er náttúrlega þungamiðjan í þessu.“

Ein birtingarmynd þess hversu vel íslenskum fræðimönnum hafi tekist að nýta sér áætlanir Evrópusambandsins segir Hallgrímur vera aukinn fjölda ritrýndra greina sem birst hafi í virtum alþjóðlegum tímaritum. „Þar er stöðugur vöxtur undanfarin ár og vöxtur umfram það sem gerist á Norðurlöndum sem við berum okkur saman við. Vöxturinn er mun meiri hér á landi.“

Þá segir Hallgrímur að fyrirtækjum hér á landi hafi gengið vel að nýta sér áætlanir ESB. Þar beri Íslensks erfðagreining þó höfuð og herðar yfir önnur, en fjórir fimmtu hlutar af úthlutunum til fyrirtækja hafa farið til fyrirtækisins. „En það er náttúrlega vegna þess að þeir vinna góða vinnu og eru yfirburðafyrirtæki á sínu sviði.“




**KORT** Á gagnvirku korti á upplýsingavefnum evropusamvinna.is er hægt að sjá alla styrki sem úthlutað hefur verið hér á landi undir formerkjum Evrópusamvinnu, sundurliðað eftir landshlutum og sveitarfélögum. Evrópustofa fjármagnaði gerð kortsins. MYND/SKJÁSKOT

**Styrkupphæðir Evrópuverkefna frá 2000**




**→ Úthlutunir eftir málaflokkum**

| Viðfangsefni/viðtakandi | 2000-2013 | Hlutfall | 2012 | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| *Rannsóknir* | 12,7 ma.kr. | 53,70% | 2,4 ma.kr. | 68,43% |
| *Menntun* | 5,4 ma.kr. | 22,82% | 648 m.kr. | 18,64% |
| *Menning* | 2,2 ma.kr. | 9,44% | 177 m.kr. | 5,10% |
| *Æskulýðsstarf* | 1,5 ma.kr. | 6,26% | 200 m.kr. | 5,76% |
| *Annað* | 1,2 ma.kr. | 4,87% | 34 m.kr. | 0,98% |
| *Kvikmyndir og margmiðlun* | 685 m.kr. | 2,90% | 38 m.kr. | 1,10% |
| *Heildarúthlutun* | 23.6 ma.kr. | 100,00% | 3,5 ma.kr. | 100,00% |
| *Lögaðilar* | 23,2 ma.kr. | 98,33% | 3,4 ma.kr. | 98,16% |
| *Einstaklingar* | 395 m.kr. | 1,67% | 63,9 m.kr. | 1,84% |

*Heimild: Evropusamvinna.is og Rannís*

markhonnun.is

# GAMANSÖGUR FRÁ FRÆKNU ÍÞRÓTTAFÓLKI




**Meðal sögumanna eru:**

Birgir Leifur golfari, Alfreð Finnbogason knattspyrnumaður, Ásdís Hjálmsdóttir frjálsíþróttakona
Sigurður Ragnar Eyjólfsson knattspyrnuþjálfari, Helena Sverrisdóttir körfuknattleikskona
Atli Eðvaldsson fyrrv knattspyrnumaður, Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona
Hallbera Guðný Gísladóttir knattspyrnukona, Sigurður Sveinsson fyrrv handknattleiksmaður
Hermann Hreiðarsson knattspyrnumaður, Þormóður Árni Jónsson júdókappi

**2.993 KR**

netto Kræsingar & kostakjör

bækur

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

Brotið á réttindum Apple:

## Samsung þarf að greiða Apple

**BANDARÍKIN, AP** Kviðdómur í Kaliforníu kvað upp þann úrskurð í gær að Samsung þyrfti að greiða Apple 290 milljónir dala, jafnvirði nærri 36 milljarða króna, fyrir framleiðslustuld.

Dómurinn snýst um nokkrar eldri tegundir spjaldtölva og síma frá Samsung, sem byggja á tækni frá iPhone og iPad tækjum frá Apple. Reiknað er með að Samsung áfrýi. Í réttarhöldum í mars verður deilt um nýrri tegundir tækja frá Samsung. - gb

Byssumaðurinn í París handtekinn í fyrrakvöld eftir mikla leit og færður á sjúkrahús:

# Ruglingsleg bréf fundust í fórum Dekhars

**FRAKKLAND, AP** Abdelhakim Dekhar var í gær hafður í varðhaldi á sjúkrahúsi í París, þar sem hann var ekki í ástandi til að svara spurningum lögreglunnar um það hvers vegna hann hafði gert skotárásir á nokkrum stöðum í París.

Í fórum hans fundust hins vegar tvö bréf, heldur ruglingsleg bæði, þar sem hann gagnrýnir fjölmiðla og kapítalismann og minnist eitthvað á Sýrland.

Hann hefur áður komist í kast við lögin, var handtekinn árið 1994 fyrir rán og morð og sat inni í nokkur ár.

Hann réðst inn á skrifstofur sjónvarpsstöðvar á föstudaginn í síðustu viku, með hótunum og veifandi skotvopni. Síðan réðst hann á mánudaginn inn á skrifstofur dagblaðs og skaut þar ungan mann, sem særðist alvarlega en er að ná sér á strik. Loks hleypti hann sama dag af skotum fyrir utan banka og tók leigubílstjóra í gíslingu.

Mikil leit var gerð að manninum og fannst hann loks, hálfmeðvitundarlaus eftir að hafa reynt að svipta sig lífi. Fyrrverandi vinnufélagi hans frá veitingastað í London hafði borið kennsl á hann á ljósmyndum úr öryggismyndavélum. - gb



**ABDELHAKIM DEKHAR** Fyrrverandi vinnufélagi hans bar kennsl á ljósmyndir í fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA








**RÆTT VIÐ FJÖLMIÐLA** Kevin Hyland frá Scotland Yard skýrir frá örlögum kvennanna þriggja. NORDICPHOTOS/AFP

# Frjálsar eftir þrjátíu ár í þrældómi

Maður og kona á sjötugsaldri voru handtekin í London. Höfðu haldið þremur konum í þrældómi í þrjá áratugi. Bresk mannúðarsamtök komust á sporið.

**BRETLAND, AP** Þrjár konur fengu frelsið í lok október eftir að hafa verið haldið föngnum í heimahúsi í Lambeth-hverfi í London í þrjá áratugi. Maður og kona, bæði 67 ára gömul, voru handtekin í gær.

Ein kvennanna er frá Malasíu, 69 ára gömul, önnur er frá Írlandi, 57 ára gömul, og sú yngsta, sem er bresk, er þrítug og hefur hún því verið í haldi parsins alla ævina.

Lögreglan segir að þær hafi nánast verið þrælar á heimili parsins, sjaldan getað komist út fyrir hússins dyr en engin merki finnist þó um kynferðisofbeldi.

Það voru mannúðarsamtökin Freedom Charity sem komust á sporið. Þessi samtök helga starf sitt baráttu gegn misneytingu barna, nauðungarhjónaböndum og svokölluðum heiðursmorðum.

Ein kvennanna hafði samband við samtökin eftir að hafa séð sjónvarpsþátt, þar sem fjallað er um starf samtakanna.

Parið var handtekið í gær, tæpum mánuði eftir að konunum tókst að flýja með aðstoð lögreglu. Konurnar þrjár hafa allar notið aðhlynningar og áfallahjálpar á öruggum stað í London.

Kevin Hyland, yfirmaður hjá lögreglunni í London, segir að samtökin hafi haft samband við lögregluna í október og skýrt frá því að kona, sem hafði verið haldið fanginni í heimahúsi í London, hafi haft samband við þau.

Töluverðan tíma tók að finna út hvaða hús væri um að ræða. Á meðan var reglulega rætt við konurnar þrjár símleiðis.

„Það þurfti að skipuleggja það fyrirfram hvenær þær gætu hringt til okkar og það þurfti að gerast með mikilli leynd, því þær mátu það svo að þær væru í mikilli hættu, segir Aneeta Prem, stofnandi Freedom Charity, segir að konurnar hafi verið í haldi í „ósköp venjulegu húsi í ósköp venjulegri götu“.

Einnig þurfti að bíða með handtöku þangað til tekist hefði að ræða almennilega við konurnar þrjár og staðfesta frásögn þeirra.

Hyland segir að deild hans innan lögreglunnar hafi aldrei kynnst öðru eins máli, þrátt fyrir að hafa árum saman fengist við mál sem tengjast nauðungarvinnu og þrælahaldi. Dæmi séu til þess að fólki hafi verið haldið allt að áratug, „en við höfum aldrei séð neitt jafn umfangsmikið fyrr.“

gudsteinn@frettabladid.is

Mál Júlíu Tímósjenkó:

## Frelsisfrumvörp felld á þinginu

**ÚKRAÍNA, AP** Þingið í Úkraínu felldi í gærmorgun frumvörp sem hefðu heimilað að Júlía Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra, yrði látin laus úr fangelsi, en hún hefur verið í haldi frá árinu 2011.

Þetta mun setja strik í reikninginn fyrir komandi ríkjaráðstefnu milli Úkraínu og ESB um nánara samband þar á milli, en ESB hefur sett það sem skilyrði að hún verði látin laus.

Fulltrúar flokks Viktors Janúkóvits forseta greiddu ekki atkvæði með einu einasta af sex frumvörpum sem lögð voru fram í þessum tilgangi. - þj

Nýr seðlabankastjóri vestra:

## Tekur við af Ben Bernanke

**BANDARÍKIN, AP** Bankamálanefnd öldungadeildar Bandaríkjanna samþykkti í gær að Janet Yellen verði næsti seðlabankastjóri landsins. Barack Obama tilnefndi hana fyrir nokkrum vikum.

Hún verður fyrsta konan til að gegna þessu starfi, en síðustu forveri hennar, Ben Bernanke, lýkur störfum í janúar. Hann tók við starfinu fyrir átta árum af Alan Greenspan, sem þá hafði verið seðlabankastjóri í nærri tvo áratugi. - gb

Öldungaþing kallað saman:

## Karsaí hvetur til samninga

**AFGANISTAN, AP** Hamid Karsaí, forseti Afganistans, hvatti allsherjarþing ættbálka- og héraðshöfðingja til þess að samþykkja samning við Bandaríkin um að þúsundir bandarískra hermanna verði áfram í landinu eftir að megnið af herliðinu fer burt, sem á að gerast á næsta ári.

Fyrirliggjandi samningur hefur verið gagnrýndur fyrir að vega að fullveldi Afganistans, meðal annars með því að afganskir dómstólar megi ekki rétta yfir bandarískum hermönnum, jafnvel þótt þeir gerist brotlegir við afgönsk lög. - gb




**FRANCISCO PAGOADA** Vildi verða borgarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hékk á krossi í Hondúras:

## Fékk ekki að bjóða sig fram

**HONDÚRAS, AP** Francisco Pagoada greip til þess ráðs að reisa kross, príla upp á hann og láta sig hanga þar til þess að mótmæla úrskurði dómstóls í Hondúras.

Dómstóllinn meinaði honum að bjóða sig fram til borgarstjóra í Tegucigalpa, en kosningar verða á sunnudaginn.

Kosinn verður forseti, nýtt þing og nærri 300 sveitarstjórnarmenn. - gb

Japanar vonast til að efnahagslögsagan geti nú stækkað:

# Splunkuný eyja varð til í eldgosi við Japan

**JAPAN, AP** Ný eyja bættist við í eyjaklasa suður af Japan nú í vikunni. Eyjan varð til í eldgosi, en eldvirkni er mikil í Japan.

Eyjan er 200 metrar í þvermál og gæti sokkið í sæ eins og fleiri eyjar, sem myndast hafa á þessum slóðum. Síðast gerðist það á áttunda áratug síðustu aldar.

Fari hins vegar svo að eyjan haldi velli stækkar efnahagslögsaga Japans og þar með styrkist staða Japans í deilum við Kínverja um yfirráð í hafinu.

Eyjan er partur af eyjaklasa með þrjátíu eyjum um þúsund kílómetra suður af höfuðborginni Tókýó.

Á miðvikudaginn sendi japanska strandgæslan frá sér viðvörun og skýrði frá því að svartur gosmökkur bærist til lofts frá gosstaðnum.

Kínverjar og Japanir hafa deilt um yfirráðasvæði í hafinu áratugum saman. - gb



**NÝJA EYJAN** Óvíst er hvort hún standist ágang sjávar til lengdar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA







## Eflum ungar raddir

Eflum ungar raddir eru mánaðarlegir tónleikar á sunnudögum í Kaldalóni. Þar er ungum og efnilegum söngvurum gefið tækifæri á að koma fram á einsöngstónleikum og eflast í leiðinni. Samfélagssjóður EFLU verkfræðistofu styrkir tónleikaröðina og því er aðgangur ókeypis. Rúnar Kristinn Rúnarsson er næsta unga röddin sem kemur fram en hann leggur stund á söngleikjatónlist. Þeir tónleikar verða sunnudaginn 24. nóvember klukkan 16:00.

**Verið velkomin í Hörpu í boði EFLU verkfræðistofu.**

EFLA
ALLT MÖGULEGT Í 40 ÁR

EFLA HF. • HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND

# Þungar áhyggjur af hvarfi hrefnu

Talsmenn hvalaskoðunarfyrirtækja og hvalveiðimanna lýsa þungum áhyggjum af breyttu atferli hrefnu við Ísland. Hrefnan sækir aðeins í litlum mæli inn á landgrunnið, minna en hún gerði. Umhverfisbreytingum er um að kenna er mat sérfræðings Hafrannsóknastofnunar.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Meiriháttar breytingar hafa orðið á atferli hrefnu hér við land. Hvalurinn er að stórum hluta horfinn af landgrunninu, þar sem hann hefur helst haldið til. Þetta veldur forsvarsmönnum hvalaskoðunarfyrirtækja, jafnt sem hvalveiðimönnum, þungum áhyggjum.

Þetta var meðal þess sem kom fram á Sjávarútvegsráðstefnunni sem stendur yfir í Reykjavík.

Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur Hafrannsóknastofnunar, hélt erindi í málstofu sem laut að hvalveiðum og ferðaþjónustu. Gerði hann grein fyrir breytingum á útbreiðslu og stofnstærðum hvala við Ísland. Staða hvalastofna er sterk; hnúfubak hefur fjölgað gríðarlega og vísbendingar eru um að stofninn hafi náð sínu vistfræðilega hámarki. Sama á við um langreyði. Hins vegar eru uppi stórar spurningar um hrefnuna.

**Hrefnan horfin**

Gísli útskýrði að á nokkurra ára tímabili hefði hrefnunni snarfækkað á landgrunni Íslands, og má tala um hrun í því sambandi. Hrefna hefur löngum verið algeng allt umhverfis landið á sumrin, en þéttleikinn mestur í Faxaflóa og við suðausturhorn landsins.

„Fækkun hrefnu frá 2001 til 2007, sem var regluleg hvalatalning, varð til þess að við endurtókum talninguna á landgrunninu. Hún staðfesti að þessi mikla fækkun hefur orðið og í samræmi við upplýsingar frá hvalaskoðunarfyrirtækjum og hvalveiðimönnum. Þessi árin er mun minna af hrefnu á landgrunninu en verið hefur og ekki síst þar sem hún var þéttust.“

**Vöxtur og áhyggjur**

Faxaflóinn hefur verið, og er, langmikilvægasta veiðislóð hrefnuveiðimanna og á sama tíma vettvangur eins stærsta vaxtarbrodds ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu, hvalaskoðunar.

Rannveig Grétarsdóttir, formaður Hvalaskoðunarsamtaka á Íslandi, sagði frá því að vöxtur greinarinnar væri stöðugur og mikill. Frá Reykjavík fara um 120.000 manns í hvalaskoðun í ár, og það er hrefnan sem stólað er á.

En áhyggjur Rannveigar af þróun mála var augljós, hin mikla fækkun hrefnunnar á Faxaflóa. Algengt var að bátarnir fyndu nokkur dýr í hverri ferð til að sýna, en það á ekki við lengur. „Þeim hefur fækkað svo mikið að við megum ekki við því að missa þær sem þó koma,“ sagði Rannveig og bætti við að helstu rök hvalaskoðunarfyrirtækjanna í dag væru að það þyrfti að verja þá hvali sem koma ár eftir ár.

Átökin á milli ferðaþjónustunnar og veiðimanna eru því á Faxaflóa. Rannveig telur að veiðarnar séu óþarfa áhætta fyrir hvalaskoðun í ljósi mikilvægis hennar og vaxtar. Biðlaði hún til hvalveiðimanna að hætta veiðum á Faxaflóa, og stunda veiðar sínar annars staðar.

**Hræðsluáróður**

Gunnar Bergmann Jónsson, formaður Félags hrefnuveiðimanna, benti á að hræðsluáróður úr ýmsum áttum um áhrif hvalveiða á ferðaþjónustuna hefði sýnt sig að vera með öllu ástæðulaus. Vegna takmarkana á veiðimöguleikum á Faxaflóa með afmörkun veiði- og skoðunarsvæða hafa hrefnuveiðimenn farið á veiðislóð hringinn í kringum landið og niðurstaðan er alls staðar sú sama. „Ástandið er grafalvarlegt, það var mikið minna af hrefnu, ekki bara á Faxaflóa, heldur líka annars staðar,“ sagði Gunnar og bætti við að 36 dýr hefðu náðst af 216 dýra kvóta í sumar. Allt selst innanlands, og veitingahúsin taka nú meira en almenni markaðurinn.

Gunnar tók skýrt fram að það væri ekki til umræðu að hvalveiðimenn bökkuðu frá veiðum í Faxaflóa, enda myndu veiðarnar ekki bera sig þegar veiðar, og ekki síst vinnsla, væru staðsett á svæðinu. Eins sagði Gunnar að veiðarnar væru svo litlar að þær hefðu engin áhrif á stofninn.

Niðurstaða málstofunnar var ef til vill sú að seint verður hægt að sætta sjónarmið hvalveiðimanna og ferðaþjónustunnar. Hins vegar kölluðu bæði Rannveig og Gunnar eftir rannsóknum á hrefnunni, svo hægt væri að leita svara við þeim miklu breytingum sem blasa við.



**Í HVALASKOÐUN** Um 200.000 manns fara í hvalaskoðun á Íslandi í ár. Alls fara 120.000 frá Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### HREFNAN HORFIN VEGNA HLÝNUNAR SJÁVAR

Gísli Víkingsson fór yfir hugsanlegar ástæður fyrir fækkun hrefnunnar, en tók fram að fækkun hrefnu á grunnsævi segði ekkert um stöðu stofnsins, sem getur dreift sér um stórt svæði. Hann útilokaði strax að veiðar eða hvalaskoðun hefðu nokkuð með fækkun hrefnu að gera á Faxaflóa. Sjúkdómar eru önnur stærð, en ekkert sem bendir til þess að stofninn hafi stráfallið af þeim sökum. Slíkt kæmi til dæmis fram í hvalrekum og sýnatökum á einstökum dýrum.

Fækkun hrefnu á grunnsævi við Ísland á síðustu árum er því vegna breytinga í umhverfinu, er mat Gísla, og þá hlýnun sjávar. Því fylgjandi er gjörbreytt fæðuframboð fyrir hvalinn; þekkt er að sandsílastofninn er hruninn, göngumynstur og stofnstærð loðnu er breytt og vísbendingar um minni ljósátu. Útbreiðsla og atferli annarra hvala en hrefnu styðja þessa kenningu.



# GERIÐ VERÐSAMANBURÐ



Vnr. 88165989-91
Aðventuljós, 7 ljósa,
hvítt, rautt eða í viðarlit.
**1.390 kr.**

*Mikið úrval af jólavöru á lægra verði*

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



KLÚBB verð **319 kr./lm.**
Almennt verð 399 kr.
Vnr. 88948640-45
Slönguljós, glær,
rauð eða mislit, 11 mm.



Vnr. 88900722-67
Útisería, 40/80 eða
120 ljósa, marglit, blá,
græn eða rauð.
KLÚBB verð frá **1.390 kr.**
Almennt verð frá 1.499 kr.

Vnr. 88167392
Snjókorn, akrýl,
25 ljós, 40x40 cm
KLÚBB verð **2.990 kr.**
Almennt verð 3.790 kr.



## KLÚBBVERÐ GILDA FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS

Vnr. 49800206
Upplýstur jólasveinn, 80 cm.



KLÚBB verð **4.990 kr.**
Almennt verð 5.990 kr.

Vnr. 88166879
Krans með perlum,
25 cm, 20 ljósa.



KLÚBB verð **2.990 kr.**
Almennt verð 3.990 kr.

Vnr. 88167384
Ljósahringur,
120 ljós, 40 cm.



KLÚBB verð **4.290 kr.**
Almennt verð 5.990 kr.

KLÚBB verð **4.790 kr.**
Almennt verð 5.990 kr.



88949201-7
Útisería, 20 ljós,
glær, rauð eða marglit.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

facebook.com/BYKO.is

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# JÓLABÆKURNAR




30% AFSLÁTTUR
4.120KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.899KR




30% AFSLÁTTUR
2.790KR
UPPHAFLEGT VERÐ 3.990KR




30% AFSLÁTTUR
3.490KR
UPPHAFLEGT VERÐ 4.990KR




30% AFSLÁTTUR
3.490KR
UPPHAFLEGT VERÐ 4.990KR




30% AFSLÁTTUR
5.240KR
UPPHAFLEGT VERÐ 7.498KR




30% AFSLÁTTUR
9.380KR
UPPHAFLEGT VERÐ 13.400KR




30% AFSLÁTTUR
3.490KR
UPPHAFLEGT VERÐ 4.999KR




3.890KR




KYNNINGARVERÐ
4.180KR
VENJULEGT VERÐ* 5.980KR




30% AFSLÁTTUR
3.840KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.499KR




20% AFSLÁTTUR
19.900KR
UPPHAFLEGT VERÐ 24.899KR




30% AFSLÁTTUR
4.540KR
UPPHAFLEGT VERÐ 6.499KR




30% AFSLÁTTUR
4.180KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.980KR




KYNNINGARVERÐ
1.930KR
VENJULEGT VERÐ* 2.980KR

Gildir 22.-24. nóvember. *Venjulegt verð er það verð sem bókin mun kosta að loknu kynningarverði.

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA
Skilamiði
HAGKAUP

# Á BETRA VERÐI Í HAGKAUP

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM




30% AFSLÁTTUR
6.290KR
UPPHAFLEGT VERÐ 8.990KR




30% AFSLÁTTUR
4.190KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.999KR




30% AFSLÁTTUR
4.400KR
UPPHAFLEGT VERÐ 6.299KR




4.440KR

**LYGI EFTIR YRSU**
Væntanleg í verslanir á höfuðborgarsvæðinu í dag föstudag en laugardag í Hagkaups-verslanir úti á landi.




30% AFSLÁTTUR
4.190KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.990KR




30% AFSLÁTTUR
4.540KR
UPPHAFLEGT VERÐ 6.490KR




30% AFSLÁTTUR
4.180KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.990KR




30% AFSLÁTTUR
4.190KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.990KR




4.440KR




30% AFSLÁTTUR
2.999KR
UPPHAFLEGT VERÐ 4.299KR




2.580KR




35% AFSLÁTTUR
1.600KR
UPPHAFLEGT VERÐ 2.480KR




KYNNINGARVERÐ
3.840KR
VENJULEGT VERÐ* 5.490KR




30% AFSLÁTTUR
2.300KR
UPPHAFLEGT VERÐ 3.299KR

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**MÁLÞING** Ingibjörg Auðunsdóttir heldur erindi á málþingi um einelti í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Erfið samskipti hjá stúlkum er vaxandi vandi:

# Fullorðnir ráðþrota vegna eineltis stúlkna

„Erfið samskipti og einelti stúlkna er vaxandi vandamál," segir Ingibjörg Auðunsdóttir, sérfræðingur á miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Ingibjörg heldur erindi í dag á málþingi sem Olweusar-áætlunin gegn einelti stendur fyrir. Hún var ein af fyrstu verkefnastjórunum sem fóru í gegnum Olweusar-áætlun og síðustu sex ár hefur hún einbeitt sér að einelti stúlkna.

„Í dag er mun meira kallað eftir aðstoð vegna samskiptaerfiðleika stúlkna. Kannski er ein skýringin sú að fólk hefur meiri skilning og ákveðið vinnulag varðandi stráka en er óöruggara og oft ráðþrota gagnvart hegðun stúlkna sem er meira falin."

> **Fólk hefur meiri skilning og ákveðið vinnulag varðandi stráka.**
> *Ingibjörg Auðunsdóttir sérfræðingur*

Einelti stúlkna lýsir sér oft í baktali, að hundsa og útiloka, en það er gert án þess að fullorðnir sjái.

„Samskiptin hafa líka færst yfir í tæknina sem gerir málið enn flóknara. Tæknin er góð en spurning hvernig við notum hana og hvaða áhrif hún hefur á þroska barna. Félagsfærnin fer minnkandi ef börnin hafa alltaf samskipti í gegnum tölvur."

- ebg

# Brjálað að gera í heimilisþrifum

Tveir vinir stofnuðu fyrirtækið Heimilisþrif síðastliðið sumar. Það er helst fjölskyldufólk sem vill eyða tímanum í annað en þrif sem pantar þjónustuna.



**EIGENDUR HEIMILISÞRIFA** Vinirnir Auðbergur Daníel Hálfdánarson og Hafsteinn Ormar Hannesson taka að sér að þrífa heimili landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er greinilega þörf fyrir svona þjónustu," segir Hafsteinn Hannesson, sem stofnaði fyrirtækið Heimilisþrif ásamt vini sínum, Auðbergi Daníel Hálfdánarsyni, síðasta sumar.

„Við höfum ekkert þurft að auglýsa og það er samt alveg brjálað að gera. Kúnnarnir okkar mæla með okkur við vini sína sem eru að leita að einhverjum til að þrífa heimilið og svo flýgur orðsporið," segir Hafsteinn.

Íslendingar virðast í auknum mæli kaupa þrif fyrir heimilið. Hannes segir það fyrst og fremst vera fjölskyldufólk sem kaupi þjónustu þeirra.

„Karlarnir á heimilinu virðast ekki sjá mikið um þessi mál. Flestir póstar og símtöl eru frá konum á aldrinum 25-45 ára. Þeir sem við höfum talað við segjast vilja eyða tímanum í annað en þrif og eru ánægðir með að þetta sé ekki svört starfsemi heldur fyrirtæki á bak við sem ber ábyrgð ef eitthvað kemur upp á."

Hafsteinn og Auðbergur fengu hugmyndina að fyrirtækinu þegar systir Hafsteins lenti í vandræðum með þrif. Hún hafði borgað einstaklingi fyrir að þrífa eftir flutninga en var svo svikin um þjónustuna.

„Við sáum að markaðurinn var galopinn. Við byrjuðum á að búa til heimasíðu, gerðum verðskrá og köstuðum okkur út í djúpu laugina. Síðan byrjuðu pantanirnar bara að hrúgast inn. Við erum báðir að vinna í þessu með námi en það er svo mikið að gera að annaðhvort þurfum við að ráða starfsfólk eða minnka við okkur námið."

Vinirnir tveir sjá fyrst og fremst um þrifin sjálfir. „Sumir verða svolítið hissa þegar tveir gaurar mæta á svæðið. Einu sinni mættum við til konu sem hafði greinilega enga trú á okkur en þegar hún sá afraksturinn varð hún mjög ánægð."

> **Sumir verða svolítið hissa þegar tveir gaurar mæta á svæðið.**
> *Hafsteinn Hannesson.*

Heimilisþrif býður bæði upp á regluleg þrif sem og einstaka skipti. Hægt er að velja á milli mismunandi pakka eftir því hve ítarleg þrifin eiga að vera.

„Flestir fá okkur til sín einu sinni til tvisvar í mánuði. Við finnum líka að fólk er farið að undirbúa jólin og panta jólaþrifin. Við fengum fyrstu jólabókunina í ágúst," segir Hafsteinn.

erlabjorg@frettabladid.is





MÚRBÚÐARVERÐ
Spandy heimilisryksugan
• 1600W
• mikill sogkraftur > 18KPA
• Hepa filter
• margnota poki
5.990
CE
Cisa 43840
Eldhústæki
7.490
NAPOLI
hitastýrt
sturtusett
26.900
Djús/ávaxtablandari
með glerkönnu
400w 1,3l.
3.990
NOVA 18V Rafhlöðuborvél
2 hraðar
4.990
AUKA
RAFHLAÐA
FYLGIR
NOVA
18V
DekaCryl 7
Innimálning. 10 lítrar
5.995
DEKA CRYL 7
Innimálning
MÚRBÚÐIN
Botnventill
og vatnslásar
fylgja öllum
vöskum
Bol-871 48x cm þvermál
Þykkt stáls 0,8mm
6.990
ALB10DAS 10,8V
Li-Ion Bor/skrúfvél
1,4Ah 30Nm
11.990
ALM18DB 18V Li-Ion
borvél 2,8Ah / 38Nm
29.990
Li-Ion
DEKA SPARTL LH
LH
Deka Spartl LH. 3lítrar
1.990
V-tech epoxy lím
385
V-tech alhliða lím, 7ml.
198
Gua 539-1 með veggstál-
plötu, grind fylgir, 1mm stál
16.990
Ryco LDL-MD236A
lampi m.grind 2x36w T8
122x30x7,5cm með perum
6.990
Fjöltengi. 3 innstungur
595
LED pera 3W
1.195
ZB LED ljós
með hleðslurafhlöðu
2.995
SHA-207
Vinnuljóskastari
á telescope fæti
400W ECO pera
5.995
15 metra
rafmagnssnúra
2.995
INDUSTRY
GRADE
3 kW
Ryco-1509 Olíufylltur
2000W rafmagnsofn
m/termo stillingum og
yfirhitavörn 9 þilja
7.990
Rafmagnshita-
blásari 2Kw
1.890
Rafmagnshita-
blásari 3Kw 1 fasa
8.990
Ljóskastari 36W
sparpera CFL
2.990
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Reykjavík | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri | Óseyri 1. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Ráðherra gagnrýnir samskiptaleysi skóla og trúfélaga:

# Biblíur bannaðar

Ræða Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra á kirkjuþingi um síðustu helgi hefur vakið nokkra athygli, ekki sízt gagnrýni hennar á borgarstjórnarmeirihlutann í Reykjavík – þótt hún talaði reyndar undir rós – fyrir að reyna að skera á samskipti skóla og kristinna trúfélaga.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

„Sum sveitarfélög og sumir stjórnmálamenn hafa talið það forgangsverkefni á þeim tímum sem við nú lifum að finna leiðir til að færa trúna, boðskap hennar og áherslur eins langt frá æsku þessa lands og mögulegt er. Á tímum þar sem eðlilega er mikið rætt um víðsýni, umburðarlyndi og fjölbreytni er þannig markvisst unnið að því að halda öllu sem skilgreina má sem trúarlegt frá skólabörnum,“ sagði Hanna Birna.

Ráðherrann benti líka á að á sama tíma og börn fengju á vegum skólanna að kynnast margs konar fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum væri „Gídeonfélagið hins vegar sett á bannlista“ og „af alvöru rætt um að heimsóknir barna í kirkjur landsins, einstaka Faðir vor eða jólasálmar geti skaðað æsku þessa lands.“

Einhvers misskilnings hefur gætt hjá þeim sem hafa brugðizt ókvæða við ummælum Hönnu Birnu, til dæmis um að hún vilji trúboð í skólum og sé á móti almennri fræðslu um margvísleg trúarbrögð, önnur en kristindóminn. Hvorugt liggur í orðunum, þvert á móti lagði ráðherrann áherzlu á að skólastarf ætti að „einkennast af fjölbreytni, vali og trú á því að einstaklingarnir sjálfir fái með fræðslu og upplýsingu tækifæri til að móta sínar lífsskoðanir, trú og sannfæringu.“

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð áherzla á að nemendur fái fræðslu um kristindóminn, ekki sízt í samhengi við sögu og menningu íslenzku þjóðarinnar. Þetta tvennt verður ekki skilið svo auðveldlega sundur eftir rúmlega þúsund ára samfylgd. Þar er líka markmið að nemendur þekki bæði kirkjuna í sinni heimabyggð og Biblíuna, svo dæmi séu nefnd. Að banna heimsóknir Gídeonfélagsins á skólatíma og hætta kirkjuferðum, eins og ýmsir grunnskólar í Reykjavík hafa gert, rímar illa við þau markmið.

Reglur borgaryfirvalda um samskipti skóla og trúfélaga ganga raunar miklu skemmra en fyrstu tillögur Samfylkingarinnar og Bezta flokksins, þar sem átti að úthýsa jólaföndrinu, sálmasöng og helgileikjum úr skólunum, hætta að gefa frí vegna fermingarfræðsluferða og banna prestum að veita áfallahjálp í skólanum. Þær ganga samt lengra en nauðsynlegt er til að vernda hagsmuni þess minnihluta íbúa Reykjavíkur, sem ekki játar kristna trú. Full þörf var á að setja skýrar reglur til að tryggja að börn foreldra sem aðhyllast önnur trúarbrögð eða engin þyrftu ekki að taka þátt í hefðum eða athöfnum sem væru þeim á móti skapi og fengju verðug verkefni í staðinn. Borgaryfirvöld féllu hins vegar í þá gryfju, vegna kvartana lítils minnihluta, að taka gamlar og góðar hefðir af meirihlutanum sem hafði aldrei beðið um það.

Það er rétt hjá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur að það átti ekki að vera neitt forgangsverkefni. Og gott hjá henni að vekja athygli á því hversu öfugsnúin þessi viðleitni er. Þetta er ágætt umræðuefni núna þegar styttist í aðventuna með sínum rammkristnu hefðum og venjum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

FAAS

## Fræðslufundur um Lewy Body heilabilun

FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma heldur fræðslufund þriðjudaginn 26. nóvember nk. Fundurinn sem hefst kl. 20.00 verður haldinn í Sóltúni - hjúkrunarheimili, Sóltúni 2, Reykjavík.

**Dagskrá:**

- Fréttir af starfi FAAS
- Dr. Jón Snædal flytur erindi um Lewy Body heilabilun
- Umræður og fyrirspurnir

Kaffiveitingar í boði Sóltúns.

Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta. Allir eru velkomnir.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stóra leyndarmálið

Í pistli á Evrópuvaktinni víkur Styrmir Gunnarsson að hinum nýútkomnu uppgjörsbókum ráðherra síðustu ríkisstjórnarinnar og hinum ýmsu uppljóstrunum sem þar koma fram. Meðal annars er það sú staðreynd að mikill ágreiningur hafi verið innan stjórnarliðsins og líkir Styrmir róstunum við átök sem sprengdu vinstri stjórnir á árum áður.

### Slöppu fjölmiðlarnir



„Nú er komið í ljós að ágreiningurinn var ekki minni innan ríkisstjórnar Jóhönnu og Steingríms. En annað hvort tókst þeim betur að fela þann ágreining eða fjölmiðlar voru slappari við að afhjúpa þann ágreining en fyrr á tíð.“ Það er rétt. Þessir slöppu fjölmiðlar fjölluðu ekkert um innanbúðardeilur innan stjórnarinnar. Ekki mismunandi áherslur í varnarsamstarfi, ekki um klofning í Icesave, ekki um djúpstæðan ágreining varðandi virkjunarmál og orkuvinnslu og alls ekki um ESB.

### Breytt fegurðarskyn



Framsóknarflokkurinn telur að það verði að tryggja núverandi staðsetningu Reykjavíkurflugvallar, eða svo sagði í tilkynningu sem kjördæmaráð flokksins sendi frá sér þegar Óskar Bergsson var kynntur til sögunnar sem oddviti flokksins i borgarstjórnarkosningunum í vor. Óskari var hins vegar mjög í nöp við flugvöllinn fyrir nokkrum árum. Í grein sem hann ritaði í Morgunblaðið um miðjan mars 2001 segir Óskar: „Í skipulagslegu tilliti er gamaldags herflugvöllur, sem tekur yfir 170 hektara lands í hjarta höfuðborgarinnar, fráleitur. Hið víðáttumikla flugvallarsvæði þar sem sóðaskapur einkennir meira og minna allt svæðið hefur verið ögrun við fegurðarskyn Reykvíkinga um áratugaskeið.“ Í þá gömlu daga sá Óskar ekkert annað en Löngusker sem heppilegt flugvallarstæði.

thorgils@frettabladid.is,
johanna@frettablaðið.is

## HALLDÓR




# Meta verður jarðstrengi

UMHVERFISMÁL



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
framkvæmdastjóri Landverndar

Í síðustu viku kynnti kanadíska ráðgjafafyrirtækið Metsco Energy Solutions Inc. niðurstöður sínar um tækniþróun jarðstrengja og kostnaðarsamanburð við loftlínur á háum spennustigum. Niðurstaðan er ótvíræð: jarðstrengir og loftlínur eru hvoru tveggja raunhæfir valkostir og ber að taka báða til skoðunar þegar ákvarðanir eru teknar um einstök verkefni í meginflutningskerfinu. Skýrsla Metsco sýnir að jarðstrengur er aðeins fjórum til tuttugu prósentum dýrari en loftlína eftir því hve stór raflínan er (132kV eða 220kV). Kostnaðarmunur er því fjarri því að vera margfaldur eins og ranglega hefur verið haldið fram hérlendis hingað til.

Landsnet gagnrýndi ákveðnar forsendur fyrir kostnaðarútreikningum Metsco í Fréttablaðinu þann 15. nóvember síðastliðinn, sérstaklega það að Metsco notar 60 ára líftíma jarðstrengja og loftlína í útreikningum sínum. Þess skal getið að Metsco vitnar til ritaðra heimilda erlendis frá um áætlaðan líftíma nútíma jarðstrengja, en niðurstöður rannsókna sýna að þeir standast ítrustu kröfur um endingu. Jafnframt fullyrðir franska raforkuflutningsfyrirtækið að strengirnir endist í yfir 70 ár, en fyrirtækið hefur einna mestu reynslu af rekstri jarðstrengja í Evrópu.

Landsnet hefur hingað til hafnað því að meta umhverfisáhrif jarðstrengja líkt og gert er fyrir loftlínur. Þetta hefur fyrirtækið gert á grundvelli fullyrðinga sinna um að kostnaðarmunur jarðstrengja og loftlína sé alltof mikill þannig að það muni hvort eð er ekki koma til þess að leggja strengina og því gæti umhverfismat þeirra valdið óraunhæfum væntingum hjá fólki. Í ljósi niðurstaðna Metsco, heldur þessi röksemdafærsla Landsnets ekki lengur.

Stórar loftlínur eru mjög umdeild mannvirki á Íslandi, ekki síst vegna sjónrænna áhrifa þeirra. Til dæmis sýna niðurstöður kannana neikvætt viðhorf mikils meirihluta ferðamanna á hálendinu til háspennulína. Ekki gengur lengur að skýla sér á bak við dýrari jarðstrengi og Landsnet skuldar því almenningi í landinu að meta kosti og galla jarðstrengja til jafns á við loftlínur á þeim línuleiðum sem fyrirtækið vinnur núna að, þar með talið á Reykjanesskaga (Suðvesturlínur), í Skagafirði, Hörgársveit, Eyjafirði, Fljótsdal og víðar. Slíkur samanburður ætti að auðvelda mat á því hvar ásættanlegt er að leggja raflínur í jörð og hvar ekki, ekki síst á lengri línuleiðum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hommaregnboginn brennur

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Í fimmta skipti á tveimur árum var kveikt í risastórum regnboga sem stendur á torgi Frelsarans (plac Zbawiciela) í Varsjá. Í eitt af þeim skiptum var hugsanlega um slys að ræða (eldurinn kviknaði út frá flugeldi) en annars voru skemmdarvargar að verki. Nú seinast, á þjóðatíðardeginum 11. nóvember, báru þjóðernissinnar eld að listaverkinu svo litskrúðugu gerviblómin sem það skreyttu brunnu til kaldra kola. Eftir stendur nakinn stálboginn.

Bara pæling: Þegar einhver hugsar: „Í dag ætla ég að kveikja í regnboga,“ dettur honum ekki í hug að hann gæti hugsanlega, bara hugsanlega, verið í vonda liðinu?

Þess má geta að þegar boginn brann, nú fyrir rúmri viku, var viðgerðum á honum nýlokið eftir seinustu íkveikju. Yfirvöld höfuðborgarinnar borguðu fyrir þá viðgerð. Líkt og fyrir þær fyrri. Og líkt og þær munu gera fyrir þá næstu. Og næstu.

### Segðu mér hverjir vinir þínir eru?

Lítum nú á tvenn ummæli í tengslum við þennan atburð. Hvor tveggja koma frá pólskum hægrimönnum:

*Ummæli 1:* „Við þurfum að læra að virða frelsi annarra. Það getur ekki verið þannig að menn eyðileggi almannaeigur bara ef þeim finnst þær ekki vera á réttum stað og ekki líta rétt út. Þess vegna finnst mér að við eigum að endurbyggja þetta í hvert skipti. Því ef við beygjum okkur fyrir skemmdarvörgum þá hafa þeir unnið. Ég mun ekki leyfa þeim að vinna og þess vegna munum við endurbyggja þetta eins oft og þurfa þykir.“

*Ummæli 2:* „Hommaregnboginn á torgi Frelsarans brennur. Hvað ætli mötuneytiskerlingin eigi eftir að eyða miklum peningum í endurgerð hans áður en hún ákveður að fjarlægja hann? – Hún er þegar búin að eyða 100 þúsund zlotýum [4 milljónum króna] í að gera hann upp! Hvað væri hægt að brauðfæða mörg svöng börn fyrir það? En hún vill frekar eyða peningum í flugelda og í áróður fyrir hommaskap.“

Fyrri ummælin koma frá Hönnu Gronkiewicz-Waltz, borgarstýru Varsjár. Andstæðingar hennar uppnefna hana „mötuneytiskerlinguna“. Hún tilheyrir Borgaravettvangi, fyrrverandi systurflokki Sjálfstæðisflokksins.

Seinni ummælin koma frá lögmanninum Bartosz Kownacki, þingmanni Laga og réttlætis, núverandi systurflokki Sjálfstæðisflokksins. Facebook eyddi þeim út. Lögmannafélag Varsjárborgar hefur tekið þau til skoðunar. Einn háttsettur flokksbróðir þingmannsins kallaði þau reyndar heimskuleg og óþörf í útvarpsviðtali í seinustu viku en að öðru leyti virðist flokkurinn ætla að láta þau átalin. Enda virðast flestir innan Laga og réttlætis vera á svipaðri grunnskoðun þótt þeir styðji ekki beinlínis ofbeldi og vilji ekki samsama sig hægri-þjóðernissinnum. (Pólsk stjórnmál eru eins og þau íslensku, nema spegluð: Því lengra sem farið er til hægri þeim mun smærri eru flokkarnir og því síður geta þeir unnið saman.)

### Evrópskir hægrimenn klofna

Fyrir nokkrum árum klufu breskir íhaldsmenn sig úr stóru evrópsku hægriflokkasamtökunum EPP, sem þeim þóttu of Evrópusinnuð, og stofnuðu sín eigin samtök, samtök evrópskra íhaldsmanna og umbótasinna (ECR). Þeirra helstu bandamenn í nýju samtökunum urðu Tékkarnir í ODS og Pólverjarnir í Lögum og réttlæti.

Þá ákvað Sjálfstæðisflokkurinn að segja sig úr EPP og ganga til liðs við ECR, væntanlega vegna þess að síðari samtökin eru Evró-skeptískari. Ég get í sjálfu sér skilið að til sé fólk sem vilji dempa federalískar tilhneigingar innan ESB og telji að sambandið eigi að einbeita sér að málum tengdum hinum sameiginlega frjálsa markaði. Það er hins vegar spurning hvort allir bandamenn í þeirri baráttu séu jafn góðir, óháð skoðunum þeirra á öðrum málum.

### Er mönnum sama?

Eflaust eiga einhverjir aðrir flokkar á Íslandi sér einhverja vafasama systurflokka hér og þar og kannski ætti ekki að lesa of mikið úr því. En kannski vegna þess að ég hef bakgrunn í þessu tiltekna Evrópuríki þá fyndist mér þægilegra ef íslenskir hægrimenn stæðu þar með þeim hægrimönnum sem leyfa gleðigöngur en ekki þeim sem banna þær. Að þeir stæðu með þeim hægrimönnum sem vilja endurreisa táknmyndir um umburðarlyndi jafnóðum og þær eru eyðilagðar en ekki með þeim hægrimönnum sem vilja fá þær burt og fagna því, leynt eða ljóst, þegar þær brenna.

# Lausnin í málefnum utangarðsfólks?

SAMFÉLAGSMÁL
Hrafnhildur Lilja Harðardóttir
sálfræðingur



**➜ Ætlum við að vera samfélag sem veitir þjónustu litaða af firringu, fordómum og forræðishyggju eða ætlum við að veita þjónustu byggða á valdeflingu, stuðningi og þörfum þjónustuþega?**

Þjónusta við utangarðsfólk í Reykjavík hefur aukist svo um munar á undanförnum árum, enda er þörfin brýn. Þeim áföngum sem náðst hafa í aukinni þjónustu við þennan hóp ber að fagna en það er hins vegar ljóst að enn er úrbóta þörf. Heimilislausum fjölgar enn og þau úrræði sem í boði eru mæta í sumum tilvikum ekki þörfum þeirra sem þeim er ætlað að þjónusta.

Að vera utangarðs felur það í sér að lifa lífi sem ekki er innan hefðbundins ramma samfélagsins. Flestir í þessum hópi eiga við margþættan og langvarandi vanda að stríða sem gerir þeim erfitt fyrir að fóta sig í samfélaginu í hefðbundnum skilningi. Þegar þjónusta á tiltekinn hóp verða þarfir hans að vera í forgangi og þjónustan að endurspegla þörfina.

Skaðaminnkun er hugtak sem notað hefur verið í síauknum mæli í umræðunni um utangarðsfólk. Hugtakið felur í sér að virðing fyrir einstaklingnum sé höfð að leiðarljósi, að sá skaði sem lífshættir hafa á einstaklinginn sé lágmarkaður og að honum sé mætt þar sem hann er staddur, án skilyrða um edrúmennsku. Það er staðreynd að stór hópur utangarðsfólks á við langvarandi vímuefnavanda að stríða og hefur ekki tekist að fóta sig í hefðbundnum meðferðarúrræðum. Skaðaminnkun hefur gefið góða raun í vinnu með fíklum í mörgum nágrannalöndum okkar sem endurspeglast meðal annars í því að nálgunin er orðin hluti af stefnumótun í vímuefnamálum allra þeirra þjóða sem tilheyra Evrópusambandinu. Reykjavíkurborg hefur þegar tekið skref í átt að skaðaminnkun í mörgum þeim úrræðum sem í boði eru fyrir utangarðsfólk en erfiðlega gengur að stíga skrefið til fulls og skaðaminnkun er ekki formlega hluti af stefnumótun í heilbrigðismálum á Íslandi eins og víða tíðkast.

Ef yfirvöld ætla sér að þjónusta þennan hóp er mikilvægt að honum sé mætt þar sem hann er staddur. Ætlum við að vera samfélag sem veitir þjónustu litaða af firringu, fordómum og forræðishyggju eða ætlum við að veita þjónustu byggða á valdeflingu, stuðningi og þörfum þjónustuþega? Við erum nú þegar aftarlega á merinni þegar kemur að þjónustu við utangarðsfólk þegar litið er til nágrannalandanna og það er tímabært að tekist sé á við vandann eins og hann er, ekki eins og við kjósum að sjá hann.

**Rauðir dagar** 18.-22. nóvember

Hvernig fjármagnar þú önnina?



Komdu í Íslandsbanka Kringlunni í dag milli kl. 15.00 og 17.00 og sjáðu hvernig Námsvild og Íslandsbanka Appið geta létt þér lífið í vetur.

**Rauðir dagar – í útibúinu þínu**

Í dag lýkur Rauðum dögum Íslandsbanka þar sem við höfum lagt sérstaka áherslu á fræðslu um flest það sem viðkemur fjármálum heimilisins.

Komdu í heimsókn í útibúið þitt, fáðu kaffi og gagnlegan fróðleik um fjármál.

**Nánar á islandsbanki.is**

**Föstudagur 22. nóvember**

**Netbankinn**
Kynning og kennsla fyrir eldri borgara.
Íslandsbanki Eiðistorgi kl. 10.00.

**Tölvan og snjallsíminn**
Kennsla á Netbankann og Íslandsbanka Appið.
Öll útibú kl. 12.15-12.45.

**Þjónusta við námsfólk**
Kynning á Námsvild og Íslandsbanka Appinu.
Íslandsbanki Kringlunni kl. 15.00-17.00.

**Við bjóðum góða þjónustu**

Íslandsbanki




# Viðreisn Landspítala: Tíminn á þrotum

HEILBRIGÐISMÁL

**Karl Andersen**
prófessor á hjartadeild LSH
**Engilbert Sigurðsson**
prófessor og yfirlæknir á geðsviði LSH
**Friðbjörn Sigurðsson**
yfirlæknir á almennri lyflækningadeild LSH
**Runólfur Pálsson**
yfirlæknir á nýrnalækningadeild LSH
**Margrét Jóna Einarsdóttir**
deildarlæknir á lyflækningasviði LSH
**Tómas Guðbjartsson**
prófessor og yfirlæknir á skurðdeild LSH

Margra ára niðurskurður hefur þrengt svo að starfsemi Landspítala að nú ríkir neyðarástand á sumum starfseiningum. Sérhæft starfsfólk hefur gefist upp og leitað annað eftir vinnu. Ungir læknar ráða sig ekki til starfa vegna óhóflegs vinnuálags og skorts á kennslu. Tæki eru úr sér gengin og húsnæðið úrelt. Læknanemar og nemar í öðrum greinum heilbrigðisvísinda geta að óbreyttu ekki hugsað sér að Landspítali verði þeirra framtíðarvinnustaður. Framtíð Landspítala og íslenskrar heilbrigðisþjónustu er í uppnámi. Því miður var þessi mikli vandi að mestu fyrirsjáanlegur og dapurlegt að ekki skyldi vera brugðist við fjölda vísbendinga um síversnandi stöðu spítalans fyrir löngu.

Enginn vafi leikur á að fjármögnun Landspítala hefur verið ábótavant í mörg ár. En vandinn er mun umfangsmeiri. Að okkar mati er einnig um kerfislægan vanda í íslensku samfélagi að ræða sem varðar innviði og umgjörð heilbrigðisþjónustu hér á landi. Þar ber hæst skort á skýrri stefnu og fjármögnun, ófullnægjandi þjónustustýringu og stundum ómarkvissa nýtingu fjármuna. Botninum er vonandi náð á Landspítala og tími endurreisnar runninn upp. Allir sem hlut eiga að máli verða að taka höndum saman ef ekki á illa að fara. En hvað er til ráða?

**Stjórnvöld skilgreini aðgerðir**
Við teljum að skilgreina þurfi aðgerðaáætlun sem felur í sér eftirfarandi:

**1** Stjórnvöld verða tafarlaust að lýsa því yfir að hafin sé endurreisn Landspítala. Ella öðlast starfsfólk Landspítala ekki trú á lausn þessa krefjandi verkefnis sem framundan er og nýir læknar munu ekki ráða sig til starfa þar sem þörfin er mest, t.d. á lyflækningasviði og myndgreiningardeild.

**2** Tryggja verður Landspítalanum nægilegt fjármagn til uppbyggingar og rekstrar. Bæta þarf aðbúnað sjúklinga og aðstöðu starfsfólks til að sinna sjúklingunum. Sérlega er aðkallandi að endurnýja úreltan tækjakost spítalans. Lágmarks fjármagn til tækjakaupa á sambærilegum sjúkrahúsum erlendis er almennt 3-5% af rekstrarfé. Það samsvarar um 1-1,5 milljörðum króna á ári á Landspítala. Þó er ljóst að nú þegar þarf mun hærri upphæð til að koma tækjakosti spítalans í viðunandi horf eftir margra ára niðurskurð til tækjakaupa. Að öðrum kosti verður að skilgreina hvaða hluta starfsemi LSH á að leggja niður eða jafnvel flytja úr landi. Sú hugmynd að fljúga með veikt fólk til útlanda til meðferðar hugnast okkur ekki, sérstaklega þegar hægt er að veita þessa meðferð hér á landi.

Rekstrarleg hagkvæmni verður þó áfram að vera í fyrirrúmi. Þá er löngu tímabært að fjármögnun Landspítala taki mið af unnum verkum og að tekjur til einstakra þátta starfseminnar endurspegli þau verk sem þar eru unnin.

**3** Hlúa þarf betur að mannauði spítalans. Landspítalinn verður að bregðast við endurteknum könnunum mannauðssviðs og verða góður vinnustaður. Fyrsta flokks heilbrigðisþjónusta verður ekki veitt nema með vel menntuðu starfsfólki sem er stolt af sínu starfi og líður vel í vinnunni. Í hvert sinn sem starfsmaður segir upp og flytur úr landi tapast mikill mannauður og fjárfesting. Þannig verður íslenskt samfélag fyrir miklu, og stundum óbætanlegu tjóni. Þekking og ómetanleg reynsla fer forgörðum. Bæta þarf starfskjör og skapa þarf svigrúm til að umbuna starfsfólki fyrir mikið vinnuálag. Einnig þurfa starfsmenn að geta þróað starfsferil sinn og axlað aukna ábyrgð svo að hæfileikar hvers og eins fái notið sín. Starfsánægja og góð vinnuaðstaða eru ekki síður mikilvægir þættir í þessu sambandi en bætt launakjör.

**4** Lagfæra þarf húsnæði Landspítala og endurskipuleggja starfsemina í Fossvogi og við Hringbraut. Forsenda sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík um síðustu aldamót var að starfsemi þeirra flyttist innan fárra ára í nýja byggingu þar sem öll starfsemi væri undir sama þaki. Ekkert hefur orðið af byggingu nýs spítala og óljóst hvenær af því verður. Dreifð starfsemi í 17 byggingum, sem sumar eru rúmlega 80 ára gamlar, stendur spítalanum fyrir þrifum. Því er brýnt að grípa til ráðstafana hvað húsnæði spítalans varðar og endurskipuleggja starfsemina þar til nýr spítali verður að veruleika.

**5** Endurskoða verður frá grunni innra skipulag Landspítala og skapa umgjörð sem gerir starfsfólki kleift að bjóða upp á framúrskarandi klíníska þjónustu. Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar, fjölgun aldraðra og síaukin byrði vegna langvinnra sjúkdóma hefur leitt til mikilla breytinga á daglegum verkefnum sjúkrahússins.

**6** Hefja verður háskólahlutverk Landspítalans til vegs og virðingar. Háskólasjúkrahús hefur þríþætta hlutverki að gegna; að veita sjúkum þjónustu, mennta nemendur í heilbrigðisvísindum og sinna vísindarannsóknum. Engan af þessum þáttum má vanrækja, ella blasir hnignun við. Sérstaklega þarf að rækta hlutverk framhaldsmenntunar Landspítalans í stærstu greinum læknisfræðinnar. Þetta er brýnt því auk þess að leggja stund á sérnám eru námslæknar mikilvægir starfskraftar á spítalanum. Öflug framhaldsmenntun hér á landi er auk þess forsenda nægilegrar nýliðunar.

**Fyrsta skrefið er að viðurkenna vandann**
Við teljum að unnt sé að reisa Landspítala við með samhentu átaki heilbrigðisyfirvalda, stjórnenda og starfsmanna stofnunarinnar. Ráðherra heilbrigðismála og fulltrúar fagstétta verða að standa í stafni og fara fyrir þessu mikilvæga verkefni. Fyrsta skrefið er að stjórnvöld viðurkenni vandann og lýsi því yfir að viðreisn Landspítala sé hafin.

**➜ Enginn vafi leikur á að fjármögnun Landspítala hefur verið ábótavant í mörg ár. En vandinn er mun umfangsmeiri. Að okkar mati er einnig um kerfislægan vanda í íslensku samfélagi að ræða sem varðar innviði og umgjörð heilbrigðisþjónustu hér á landi.**

# ÚRVAL VANDAÐRA HLJÓMTÆKJA



**ARCHOS 80B PLATINUM 8GB SPJALDTÖLVA**
8" IPS Skjár, Quad-Core A9 1,6GHz örgjörvi með Quad-Core GPU Mali 400 MP4 skjástýringu.
Android 4.2 Jelly Bean.

39.995



ÖRÞUNNT VANDAÐ TÆKI

89.999

FINLUX

**39" FULL HD EDGE LED TV:**
**LED ÖRÞUNNT FULL HD 1920X1080**
**FINLUX 39FLHKR185B**
DVB-T2 móttakari ásamt CI+ kortarauf
Styður USB upptöku á utanáliggjandi drif
2x HDMI 1.4, 2x USB, 2x Scart
Dolby Digital Plus
Orkunotkun A



**POINT OF VIEW 701, 7" TAB**

14.999



59.999

**YAMAHA FRONT SURROUND SOUNDBAR**



39.999

**YAMAHA SMÁSTÆÐA**
Með iPod dokku, CD og USB afspilun. Margir litir.



129.999

**YAMAHA RESTIO HÁTALARI**



79.999

**YAMAHA 5.1 HEIMABÍÓPAKKI,**
Magnari, bassabox, miðja og 4 hátalarar. 675 wött.

Allt vöruúrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Innilegar þakkir til allra sem sýnt hafa okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**MARGRÉTAR KRISTJÁNSDÓTTUR**
**Austurvelli, Eyrarbakka.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Ljósheima á Selfossi.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórhildur Gísladóttir** **Einar Kjartansson**
**Kristján Gíslason** **Ólöf Guðmundsdóttir**
**Hrafnhildur Gísladóttir** **Guðbjörn Ólafsson**
**Margrét Bragadóttir** **Bjarni Jakobsson**



Faðir okkar,

**GUÐMUNDUR HELGASON**
**tæknifræðingur,**

er látinn. Útförin mun fara fram í kyrrþey.

**Helgi Guðmundsson**
**Katrín Guðmundsdóttir**
**Sverrir Guðmundsson**
**Guðmundur Guðmundsson**
**Eyjólfur Guðmundsson**
**Guðrún Guðmundsdóttir Thoroddsen**
**og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar,

**SIGURBJÖRG SVEINSDÓTTIR**
**Lönguhlíð 3,**

lést á hjartadeild Landspítalans mánudaginn 18. nóvember.

**Stella E. Kristjánsdóttir**
**Elsa Pálsdóttir** **Edvard Lövdahl**
**Magnús Pálsson** **Ingunn Vilhjálmsdóttir**
**Kristín Pálsdóttir** **Guðjón Guðlaugsson**
**barnabörn, langömmubörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar og sonur,

**GAUTI GUNNARSSON**
**bóndi,**
**Læk, Flóahreppi,**

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi föstudaginn 15. nóvember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 23. nóvember kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarreikning í vörslu Kvenfélags Hraungerðishrepps, 0152-05-070009, kt. 590592-2349.

**Guðbjörg Jónsdóttir**
**Gísli Gautason**
**Jón Gautason**
**Eyrún Gautadóttir**
**Gunnar Mar Gautason**
**Sigríður Guðjónsdóttir**



Útför

**SVEINS ÞÓRARINSSONAR**
**bónda, Kolsholti 1, Flóahreppi,**

sem andaðist 11. nóvember, fer fram frá Selfosskirkju 26. nóvember kl. 13.00.

**Halla Aðalsteinsdóttir**
**Þórarinn Sveinsson** **Kristjana Gunnarsdóttir**
**Aðalsteinn Sveinsson** **Kolbrún J. Júlíusdóttir**
**Elín Bjarnveig Sveinsdóttir** **Einar Hermundsson**
**Alda Agnes Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






**LEIKKONAN** Margrét verður við æfingu á leiklestri á afmælinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leikles á afmælisdaginn

## Margrét Guðmundsdóttir leikkona er áttræð í dag og ætlar að verja deginum í þágu listarinnar. Hún lék yfir 100 hlutverk í Þjóðleikhúsinu þar sem ferillinn spannaði 54 ár.

Margrét er komin út í dyr á íbúð sinni þegar hún er trufluð með símhringingu. Hún er á leið í sína daglegu sundferð og er ekkert sérstaklega hrifin af því að vera beðin um viðtal í tilefni áttræðisafmælisins í dag. „En, jæja, allt í lagi,“ segir hún eftir smá umhugsun og bætir við. „Annars hef ég voða lítið að segja.“

Það kemur í ljós þegar farið er að spjalla að Margrét hefur verið dálítið upptekin síðustu daga. Hún er nefnilega í leiklistarverkefni – hvað annað? „Hún Hlín Agnarsdóttir verður sextug á morgun og þá ætlum við nokkrar konur að leiklesa nýtt leikrit eftir hana í Tjarnarbíói. Það verður hennar afmælisveisla. Við erum sex í þessu. Þannig að ég geri ekkert á mínu afmæli annað en vinna við það sem mér finnst skemmtilegast,“ lýsir Margrét hress í bragði.

Margrét á þrjú börn, átta barnabörn og eitt barnabarnabarn og reiknar með að hóa í ættingja og vini einhvern tíma á næstunni í tilefni tímamótanna. Útilokar heldur ekki utanlandsferð einhvern tíma í vetur. Hún kveðst vera við góða heilsu, enda hreyfi hún sig mikið.

Leiklistin heillaði Margréti snemma, enda segist hún hafa átt foreldra sem höfðu áhuga á leiklist. Hún var innan við tvítugt er hún steig fyrst á svið í Þjóðleikhúsinu, þá nemandi í skóla hússins. Það var í sýningunni Litla Kláusi og Stóra Kláusi. „Bessi, sem seinna varð maðurinn minn, steig líka sín fyrstu spor á sviði í því verki,“ segir hún og á við hinn dáða leikara Bessa Bjarnason, sem hún missti árið 2005.

Síðasta hlutverk Margrétar í Þjóðleikhúsinu var í Átta konum. Þá hafði hún leikið yfir hundrað hlutverk þar á 54 ára ferli. „Ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa átt minn starfsferil í hinu dásamlega Þjóðleikhúsi með því frábæra fólki sem þar var, bæði leikurum og öðrum.“

gun@frettabladid.is



**ÞRÁINN AGNARSSON**

sem lést þriðjudaginn 12. nóvember, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 25. nóvember kl. 13.00.

**Guðlaug Bára Þráinsdóttir**
**Óskar Þór Þráinsson** **Anna Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður, faðir, afi og tengdafaðir,

**ÓLAFUR RAGNARS**
**Miðvangi 139, Hafnarfirði,**

lést þann 11. nóvember síðastliðinn.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

**Svandís Ragnars**
**Jón Þór Ragnars** **Ingibjörg M. Bjarnadóttir**
**Hulda Hlín Ragnars** **Þór Bæring Ólafsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**ÓLÖF STEINA FRIÐRIKSDÓTTIR**
**Tvååker, Svíþjóð,**

andaðist á sjúkrahúsinu í Varberg hinn 19. nóvember.

**Sigurður Tryggvason**
**Þorsteinn Sigurðarson**
**Ragnar Sigurðsson**
**Erna Sigurðardóttir**
**Hrefna Sigurðardóttir**
**Fríða Friðriksdóttir**
**Örn Friðriksson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir mín, tengdamamma og amma,

**MARGRÉT LAUFEY INGIMUNDARDÓTTIR**
**áður Fellsmúla 20 og Eiðismýri 30,**
**Hjúkrunarheimilinu Höfða, Akranesi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Höfða, Akranesi, mánudaginn 18. nóvember. Útför hennar fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

**Sigurður H. Einarsson** **Hrafnhildur Stella Sigurðardóttir**
**Ævar Þór Sigurðsson**
**Salka Margrét Sigurðardóttir**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ERLING STEINAR AUÐUNSSON**
**skipstjóri**
**frá Suðureyri við Súgandafjörð,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 17. nóvember. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 25. nóvember kl. 13.00.

**Brynja Unnur Magnúsdóttir**
**Magnús Brynjar Erlingsson** **Kristín Guðmundsdóttir**
**Þorsteinn Erlingsson** **Elin Anita Nilsen**
**Hjálmar Erlingsson** **Scarlet Cunillera**
**Unnur Sigríður Erlingsdóttir** **Einar Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BARNAVÖRUMARKAÐUR

**Líf styrktarfélag stendur fyrir barnavörubasar á sunnudaginn milli 11 og 14 í Skeifunni 19. Allur ágóði rennur óskiptur til framkvæmda Kvennadeildar Landspítalans. Tekið verður á móti barnavörum á basarinn laugardaginn 23. nóvember milli 11 og 15 á sama stað.**


Betra blóðflæði
Betri líðan - betri heilsa

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 45-50% minna Nitric Oxide. SUPERBEETS örvar Nitric Oxide framleiðslu strax.
Betra blóðflæði, allt að 30% æðaútvíkkun, 30% meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, 20% meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar.
Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna.
Hefur áhrif á og bætir: Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, þvagblöðru og ristil, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, heila, skapferli, þynnku, astma, lungnaþembu.
Ríkt af andoxunarefnum.






Nitric Oxide
Nóbelsverðlaun 1998
Sameind ársins 1992

SUPERBEETS Rauðrófukristall
100% lífrænt og því fullkomlega öruggt
30 daga skammtur. 1 teskeið daglega (2 tsk. fyrir æfingar) blandað í 150 ml af vatni.
Bætt blóðflæði 30 min eftir inntöku.

Náttúruleg kynörvun fyrir karla og konur
Hvað gerir VIAGRA - SILDENAFIL
The release of nitric oxide molecules causes erection.

Fæst í apótekum, heilsubúðum, World Class og Sportlíf




Umboð: www.vitex.is





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að stökkum og djúpsteiktum kjúklingalundum í nachos-kryddhjúpi og spennandi spínatsalati. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**STÖKKT OG GOTT**
Kjúklingur með mexíkóskum keim frá Holta.
MYND/GVA

## STÖKKAR OG DJÚPSTEIKTAR KJÚKLINGALUNDIR

### Í NACHOS-KRYDDHJÚP OG SPENNANDI SPÍNATSALATI

**SPÍNATSALAT**

- **2 lárperur, hýðis- og steinlausar í bitum**
- **1 agúrka, skræld og kjarnlaus í bitum**
- **1 dl kasjúhnetur**
- **3/4 poki spínat**
- **200 g soðið bankabygg**

*Öllu blandað vel saman*

**SÍTRÓNUDRESSING**

- **Fínt rifinn börkur af 1 sítrónu**
- **Safinn úr 1 sítrónu**
- **1 msk. maple-síróp eða sykur**
- **1 msk. ljóst edik**
- **½-1 dl olía**
- **Salt og nýmalaður pipar**

*Allt sett í skál og blandað vel saman.*

*Blandið sítrónudressingunni vel saman við salatið og kryddið með salti og pipar.*

**KJÚKLINGUR**

- **600 g kjúklingalundir frá Holta**
- **1 dl hveiti**
- **1 msk. oreganó**
- **1 tsk. paprikuduft**
- **1 tsk. chili-duft**
- **1 tsk. cumin, steytt**
- **1 tsk. salt**
- **½ tsk. pipar**
- **1 dl mjólk**
- **2 egg**
- **1 dl rasp**
- **1 dl nachos, kurlað**

*Blandið saman hveiti og öllu kryddinu ásamt salti. Pískið saman mjólk og egg. Blandið saman raspi og nachos. Veltið lundunum fyrst upp úr kryddhveitinu, síðan eggjablöndunni og síðast raspblöndunni. Djúpsteikið í olíu við 180°C í djúpsteikingarpotti eða í djúpri pönnu í 4-6 mínútur eða þar til lundirnar eru steiktar í gegn. Einnig má pönnusteikja lundirnar.*

*Berið fram með spínatsalatinu og góðu brauði.*




JÓLAGJÖFIN HENNAR
NÝ LEÐURJAKKASENDING



Skoðið laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S:551 4422
Vertu vinur á Facebook



www.nings.is



FYRIR PARTÝIÐ
Sushi-, spjót- og smáréttabakkar
NINGS
Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899
Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara

STÓRGLÆSILEGUR Á STÓRU STELPURNAR



Líttu við og leyfðu okkur aðstoða þig við valið.

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
lokað á laugardögum í sumar

Vertu vinur



Algjört undraefni

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum," segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun voru öll einkennin horfin.




„Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni."

Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA



Sendu sms-ið barn í númerið 1900
til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur

www.unicef.is

unicef



**KERAMÍKER** Hönnunar- og lífsstílsverslunin ABC Home í New York hefur falast eftir verkum Bjarna Sigurðssonar keramíkers í verslun sína á Manhattan. MYND/GVA

# SELUR LEIRLIST Á MANHATTAN

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Bjarni Sigurðsson keramíker hefur gert samning við eina stærstu hönnunarverslun Bandaríkjanna. Útsendararnir rákust inn fyrir rælni.*

Þetta er ofboðslega spennandi. Það eru margir búnir að spyrja mig hvernig í fjandanum ég hafi komist þarna inn," segir Bjarni Sigurðsson, keramíker og galleríeigandi, en hönnunar- og lífsstílsverslunin ABC Home í New York hefur falast eftir verkum hans í verslun sína á Manhattan.

ABC Home er ein stærsta og virtasta verslun sinnar tegundar í Bandaríkjunum með áherslu á nýstárlega og vandaða hönnun fyrir heimilið. Það er því talsverður áfangi að koma vörum þar í sölu og við spyrjum því eins og hinir, hvernig kom það til?

„Þrjár konur frá versluninni rákust bara af einhverri rælni inn í Gallerí Kaolin á Skólavörðustíg, þegar þær voru á ferðinni á landinu í vor og keyptu heilan helling af munum eftir mig. Svo höfðu þær samband aftur og vildu funda á Skype. Þar fékk ég meira en klukkutíma til að kynna mig og sýna þeim það sem ég var að gera og fékk svo pöntun frá þeim upp á 530 muni. Þetta er svo bara byrjunin en þær ætla sér að panta meira af smámunum og fleiru," segir Bjarni og er að sjálfsögðu ánægður með samninginn. „Það er líka gaman að búa til gjaldeyri fyrir landið, sýna aðeins hvað listin getur gert," segir hann kankvís.

### ÞEKKTUR Í DANMÖRKU

Bjarni lauk námi frá Århus Kunstakademi árið 2000 og starfaði síðan að list sinni í Danmörku um árabil. Þar hefur hann skapað sér nafn í leirlistaheiminum og eru verk hans til sölu víða um Danmörku, allt frá listasöfnum á borð við nútímalistasafnið Louisiana og keramiksafnið Grimmerhus til hönnunarverslana á borð við Designer Zoo í Kaupmannahöfn og Árósum og Kalejdoskop í Álaborg.



Bjarni flutti heim árið 2007 og stofnaði Gallerí Kaolin á Skólavörðustíg sem hann rekur ásamt fleiri keramíkhönnuðum. Hann rekur einnig Gallerí Fabúlu í Geirsgötu 7. Undanfarin ár hefur Bjarni einnig opnað vinnustofu sína að Hrauntungu í Hafnarfirði fyrir jólin.

### JÓLASTEMMING Á VINNUSTOFUNNI

„Ég hef gert það að venju að halda jólamarkað þessa helgi á vinnustofunni minni. Þá baka ég smákökur og hita glögg og býð upp á léttar veitingar. Fólk getur kíkt hingað inn og fengið að skoða það sem ég er að fást við," segir Bjarni.

Hann opnar dyrnar klukkan 17 í dag en á morgun og á sunnudaginn verður opið frá klukkan 11 til 17.

Vinnustofan er að Hrauntungu 20 í Hafnarfirði.

heida@365.is

**JÓLAMARKAÐUR**
Bjarni hefur það fyrir venju að opna vinnustofu sína og bjóða upp á smákökur og glögg fyrir jólin. Hann opnar í dag klukkan 17 en á morgun og á sunnudag verður opið milli klukkan 11 og 17.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# Lífið

FÖSTUDAGUR
22. NÓVEMBER 2013

*Hjalti Karlsson grafískur hönnuður*
**HLAUT VIRT HÖNNUNAR-VERÐLAUN 2**

*Ragnhildur Sif Reynisdóttir*
**INNBLÁSTURINN ERU ÆSKU-MINNINGAR 4**

*Sænski verslunareig-andinn Linnea Ahle*
**PETIT.IS BARNA-FATAVERSLUN Á NETINU 12**

*Hera Björk Þórhallsdóttir*

# ÉG Á ENN EFTIR AÐ TOPPA MIG

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Mannmargt var á veitingastaðnum Snaps á laugardagskvöldið. **Högni í Hjaltalín** skeggræddi við vin sinn á meðan fjölmiðlamaðurinn Eiríkur Jónsson snæddi kvöldverð einn við barinn. Þá borðaði **Björn Zoëga**, fyrrverandi forstjóri Landspítalans, kvöldmat í góðra vina hópi. Sama





kvöld var leikritið Refurinn frumsýnt í Borgarleikhúsinu og þar vantaði ekki stjörnurnar. Hjónin **Bryndís Schram** og Jón Baldvin Hannibalsson létu sjá sig ásamt Vilborgu Halldórsdóttur, eiginkonu Helga Björns leikhúsmóguls, Viðari Eggertssyni og fjölmiðlaparinu Sigríði Dögg og Valdimari Birgissyni.





**Lífið**
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á visir.is
**Ellý Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Stefán Karlsson
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**

Förðun Rakel Ásgeirsdóttir hjá MAC
Hár Emilía hjá Emóra Árbæ
Stílisti Marín Manda




# HJALTI ÞETTA ER ROSALEGUR HEIÐUR

***Hjalti Karlsson hlaut hin eftirsóttu sænsku Torsten og Wanja Söderberg-hönnunarverðlaun og opnaði sýningu á Röhsska-safninu í Gautaborg í kjölfarið.***

Ég er búinn að kaupa mér ný jakkaföt. Það var númer eitt, tvö og þrjú," segir Hjalti Karlsson hlæjandi þegar hann er spurður út í verðlaunféð sem hann hlaut á dögunum þegar hann tók við Torsten og Wanja Söderberg-hönnunarverðlaununum við hátíðlega athöfn í Gautaborg. Verðlaunin eru veitt framúrskarandi hönnuði frá Norðurlöndunum ár hvert, en Hjalti hlaut nítján milljónir í verðlaunafé. „Það er of snemmt að segja hvað þetta þýðir fyrir mig en þetta er rosalegur heiður og ég er nánast orðlaus," segir Hjalti, sem var staddur á Íslandi í stuttri heimsókn þegar blaðamaður náði tali af honum.

Hjalti Karlsson er grafískur hönnuður sem hefur búið í New York í Bandaríkjunum undanfarin tuttugu ár og rekur hönnunarfyrirtækið KarlssonWilker ásamt Jan Wilker, meðeiganda sínum. Í kjölfar verðlaunaafhendingarinnar settu þeir félagar upp sýninguna This is how I do it á Röhsska-safninu í Gautaborg. „Við erum búnir að vinna að þessari sýningu í rúmlega þrjá mánuði en þetta er risastór salur. Ég ákvað að skipta salnum í tvennt og búa til tímalínu af minni vinnu síðastliðin tuttugu ár öðrum megin en á hinum helmingi sýningarinnar eru sjö stórar myndir sem hafa allar með Svíþjóð að gera."

Verkefnin hafa verið margvísleg í gegnum árin og hefur hönnunarteymið KarlssonWilker meðal annars starfað fyrir Puma, MTV í USA og Time Magazine.

„Við hönnuðum eitt sinn tólf blaðsíður fyrir Time Magazine og ákváðum að troða lítilli mynd af okkur á forsíðuna sem við héldum að þeir myndu gera athugasemd við, en þeir gerðu það ekki," útskýrir Hjalti. Aðspurður um tengslin til Íslands segist hann koma reglulega til landsins og hefur meðal annars verið að vinna með hljómsveitinni Gus Gus á Íslandi.







Hjalti Karlsson er ánægður með verðlaunin.




## STARFSHEITIÐ Ljósmyndari

Sissa Ólafsdóttir, ljósmyndari og skólastýra Ljósmyndaskólans, er í sínu draumastarfi. Sem barn var hún þó harðákveðin í að verða nunna en fór aðra leið og lærði þroskaþjálfann. Nokkrum árum síðar fann hún sterka þörf til að skapa og ákvað þá loks að slá til og læra ljósmyndun.

***Hver voru þín fyrstu skref í ljósmyndun?*** Ég byrjaði að vinna fyrir Ingólfskaffi, módelsamtök og tímarit. Þá hélt ég að mig langaði til að verða tískuljósmyndari. Fljótlega byrjaði ég þó að mynda það sem mér fannst áhugaverðast á þeim tíma, þ.e.a.s taka barna-, fjölskyldu- og brúðarmyndir. Ég féll kylliflöt fyrir verkum ljósmyndarans Sally Mann þegar ég var í námi. Það voru einhverjir töfrar í myndunum hennar sem ég vildi ná fram í mínum myndum, á minn hátt.

***Hvað er skemmtilegast við starfið?*** Það er svo margbreytilegt, engir tveir dagar eru eins og það eru margar mismunandi leiðir til að taka góða ljósmynd. Eins hef ég í gegnum starfið kynnst mörgum af mínum bestu vinum og fengið að upplifa yndislegar stundir. Ljósmyndun er líka alltaf að breytast, sem er spennandi. Þegar ég byrjaði í ljósmyndun var allt myndað á filmu. Þegar stafrænar myndavélar komu til sögunnar opnaðist nýr heimur sem gerði manni skyndilega kleift að gera svo miklu meira við ljósmyndina.

***Hvað gerir þú í frítíma þínum?*** Ljósmyndun er ekki bara vinnan mín heldur líka mitt helsta áhugamál. Þegar ég er í fríi hugsa ég um ljósmyndun og leita að innblæstri. Ég ferðast, fer mikið á sýningar, horfi á bíómyndir og vinn að eigin verkefnum. Ég var einmitt að byrja á nýju verkefni þar sem ég vinn með nýtt, spennandi þema og þá fer allur minn frítími í að vinna að því.

***Einhver góð ráð fyrir þá sem hafa áhuga á ljósmyndun?*** Besta ráð mitt til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref er að mynda og mynda og mynda. Einnig að læra á myndavélina þannig að þú vitir hvað hún getur gert fyrir þig. Skoða svo myndirnar gagnrýnum augum og sjá hvað þú getur gert betur. Ég trúi því einnig að þú verðir miklu betri ljósmyndari ef þú myndar það sem þú hefur áhuga á. Ekki reyna að vera eins og allir aðrir, það er til fullt af góðum ljósmyndurum, en fáir sem eru einstakir.

Vefsíða: sissa.is






Fylgstu með á facebook -
Lindex Iceland
of
Peysa.
5995,–
LINDEX


Ágústa Johnson og Guðlaugur Þór Þórðarson.


Sendiherra Svíþjóðar, Bosse Hedberg, og eiginkona hans Christina ásamt Yesmine.


Friðrik Ómar og Selma.

# FÓLK ÚTGÁFUTEITI Í TILEFNI DAGSINS

Margmenni mætti til veislu þegar Yesmine Olsson hélt útgáfuhóf á dögunum. Hófið var haldið í Björtu lofti í Hörpu í tilefni af útgáfu matreiðslubókarinnar Í tilefni dagsins. Veislan heppnaðist einstaklega vel en boðið var upp á glæsilegar veitingar úr bókinni. Margir þekktir einstaklingar mættu á svæðið og einnig kom sendiherra Svíþjóðar, Bosse Hedberg. Hjónakornin Ágústa Johnson og Guðlaugur Þór Þórðarson kíktu við. Erpur Eyvindarson, Þórunn Högna, ritstjóri Home Magazine, Hafdís Jónsdóttir, og Selma Björnsdóttir mættu hress í hófið.


Elín Magnúsdóttir, Brandur Gunnarsson, Arnar Laufdal Ólafsson, Þórunn Högna.


Erpur Eyvindarson tilbúinn að bragða á veitingum.


Hafdís Jónsdóttir, Gassi og Björn Leifsson.


Dýrindis kræsingar voru í boðinu.


Yesmine ásamt eiginmanni sínum, Adda Fannari.


Gluggað í nýju bókina, Í tilefni dagsins.


Arna Þóra Káradóttir, Ólafía Kvaran og Hildur Björk Guðmundsdóttir ásamt Yesmine.


María Fjóla Pétursdóttir, Ragnheiður Melsteð og Björg Fenger.




**Öflug vörn gegn sveppasýkingum**

„Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína. Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitningu í lífi og starfi. Ég hef lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvægi og orku og hef prófað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni," segir Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfi og fíkniráðgjafi.

„Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prófað. Ég mæli með henni fyrir skjólstæðinga mína sem gjarnan eru að glíma við ójafnvægi í lífi sínu."

Bio-Kult Candéa

# BLÓMALÍNAN TENGIST ÆSKUMINNINGUM

***Ragnhildur Sif Reynisdóttir hannar blómaskartgripina Sif skartgripir.***

Fyrsta blómalínan varð til í kringum ömmu mína Maríu, sem var svo mikil blómakona og í framhaldi af því varð til blúndublómalínan Auður, sem ber sama nafn og móðir mín," segir Ragnhildur Sif Reynisdóttir, sem sýndi hönnun sína á sýningunni Handverk og hönnun fyrir skömmu. Þetta var í fyrsta sinn sem hún tók þátt í sýningunni en hún segist hafa fengið ótrúlegan meðbyr. Það er langt síðan Ragnhildur Sif byrjaði að starfa við skartgripahönnun en gull- og silfursmíði hefur verið í fjölskyldunni í margar kynslóðir.

„Það hefur þó alltaf blundað í mér að byrja með mitt eigið og því ákvað ég að flytja út til Bretlands og læra skartgripahönnun." Ragnhildur Sif lauk mastersgráðu í faginu og hannar undir nafninu Sif skartgripir. „Ég smíða allt sjálf en fljótlega þarf ég að fá hjálp við vinnuferlið því það er rosalega mikið föndur í kringum þetta."

Sif skartgripir fást meðal annars í versluninni Kraum, Ernu Skipholti 3, Rhodium í Kringlunni og Hilton Reykjavík Nordica. Vefsíðan er skartgripir.is.


Skartgripalínan tengist blómum og blúndum.





Hafið, ástin, fegurðin og sorgin.
Tvær gullfallegar bækur á góðu verði.

IÐA

Tilboðið gildir til og með 28. nóvember.



# TÍSKA Í HVERJU ERT ÞÚ UNDIR JÓLADRESSINU?

***Seiðandi undirföt, samfellur, sokkabuxur og aðrir fylgihlutir eru jafnmikilvægir og sjálf jólafötin. Fatnaðurinn frá Sigurboganum endurspeglar bæði tísku og þægindi sem svo margar konur sækjast eftir. Sjálfsöryggi eitt og sér getur verið einstaklega kynþokkafullt en réttu undirfötin undirstrika það. Í hverju verður þú undir jóladressinu í ár?***



**Jakki úr refaskinni** Sigurboginn
**Samfella** Wolford úr Sigurboganum
**Aðhaldskjóll** Wolford úr Sigurboganum
**Sokkabuxur** Wolford úr Sigurboganum
**Skór** Bossanova
**Púðar** Further North á Skólavörðustíg

***Ljósmyndun*** *Björg Vigfúsdóttir*
***Stílisti*** *Erna Bergmann*
***Förðun*** *Fríða María með MAC og Blue Lagoon Skincare*
***Hár*** *Fríða María með Label.M*
***Föt*** *Sigurboginn, Laugavegi*
***Skór*** *Bossanova í Kringlunni og Smáralind*
***Púðar*** *Further North á Skólavörðustíg*
***Módel*** *Bryndís Helgadóttir*



**Samfella** Wolford úr Sigurboganum
**Sokkabuxur** Wolford úr Sigurboganum
**Eyeliner** Blacktrack Fluidline frá MAC






**Samfella** Wolford úr Sigurboganum
**Sokkabuxur** Wolford úr Sigurboganum
**Skór** Bossanova
**Púðar** Further North á Skólavörðustíg
**Augnskuggi** Hot Paprika Pro Longwear frá MAC



**Samfella** Wolford úr Sigurboganum
**Sokkabuxur** Wolford úr Sigurboganum
**Skór** Bossanova
**Púðar** Further North á Skólavörðustíg


Marta Jonsson
er þekkt fyrir fallega hönnun
á hágæða töskum og skóm,
margir litir og frábær verð.
MJ
MARTA
JONSSON
LAUGAVEGI 51,
101 REYKJAVÍK
SÍMI: 553 0816
PÓSTSENDUM
ÍSLENSKUR HÖNNUÐUR
23.900,-
21.900,-
17.900,-
21.900,-
21.900,-
21.900,-
24.995,-
19.995,-
24.900,-
19.900,-
24.900,-
23.900,-
17.900,-
19.995,-
19.995,-
23.900,-
www.martajonsson.com

# HERA BJÖRK DRAUMURINN AÐ SYNGJA MEÐ GEORGE MICHAEL

***Hera Björk Þórhallsdóttir hefur mikla rödd. Hún lenti í öðru sæti í dönsku Eurovision-keppninni með lagið Someday árið 2009. Ári seinna tók hún þátt í Eurovision-keppninni fyrir Íslands hönd með lagið Je Ne Sais Quoi við góðar undirtektir og í byrjun árs sigraði hún í söngvakeppninni Viña Del Mar í Chile. Lífið ræddi við Heru Björk um nýja jóladiskinn, flutninginn til Chile og drauminn um að syngja með George Michael.***

Tónlistin er ættarfylgja en hún segist hafa hangið í pilsfaldinum á móður sinni þegar hún var yngri og hlustað á söng hennar með mikilli aðdáun. Það kom því aldrei neitt annað til greina en að verða söngkona, þrátt fyrir að hún berðist gegn því. „Þetta er það sem ég kann og á að vera að gera. Ég fór að læra viðskiptafræði í Háskólanum og reyndi lengi að berjast gegn listinni en mér var ætlað þetta og þegar ég sættist við sjálfa mig fór ég að blómstra.“

***Er sönglistin meðfædd eða þurftir þú að hafa fyrir henni á yngri árum?*** „Ég hef alltaf haft röddina en ég þurfti að hafa fyrir því að standa með sjálfri mér og elska mína rödd. Viðurkenna hvað ég hafði að vinna með. Ég er bara ég. Maður er alltaf í einhverjum óréttlátum samanburði og ég var eflaust orðin 35 ára þegar ég loksins sætti mig við mig. Ég streittist lengi á móti því að verða söngkona. Mér líður langbest uppi á sviði. Þar er ég örugg og þetta er það sem ég kann og það sem ég á að gera.“

***Hvernig er tilfinningin þegar þú ert á sviði?*** „Hún er bara dásamleg. Þegar ég er vel undirbúin að vinna vinnuna mína með fólki sem ég treysti þá er þetta bara frábært. En ef maður er ekki undirbúinn þá er þetta auðvitað jafn ömurlegt og mann langar til að hverfa. Ef athyglin er á þér og þú ert ekki undirbúin þá sprettur upp þessi ótti við að mistakast. Heimsbyggðin hræðist meira að standa upp og tala, hvað þá syngja, heldur en að deyja.“

## Ég á eftir að toppa mig

***Nú vannst þú söngvakeppnina Viña Del Mar Festival í Suður-Ameríku í febrúar með laginu Because You Can. Myndir þú segja að það sé toppurinn á ferli þínum hingað til?*** „Já, að vissu leyti, að ná svona árangri á markaði sem þekkti mig ekki og fá þessa viðurkenningu frá heimshluta sem hefur aldrei heyrt á mig minnst. Það var æðislegt. Þá hugsar maður, veistu, já, ég er alveg búin að vera dugleg undanfarin ár. Ég er að gera eitthvað rétt. Hins vegar á ég svo æðislegar minningar frá Eurovision í Ósló að ég held að það hafi verið toppurinn á þeim tíma. Sú keppni gerði það að verkum að ég fór til Viña Del Mar og er búin að ferðast og syngja úti um allan heim. Ég held þó að ég eigi eftir að toppa mig og fá tækifæri til að gera eitthvað magnað.“

***Hvernig fékkstu tækifæri til að taka þátt í þessari keppni í Chile?*** „Skipuleggjendur keppninnar voru í rauninni bara að leita að söngkonum. Þá langaði greinilega í dívur í rauðum kjólum og þá var bara gúglað og ég kom upp. Þeir hlusta og heillast og bjóða mér. Þannig að þetta kom algjörlega upp í hendurnar á mér og þegar við Valli, umboðsmaðurinn minn, fengum tölvupóst frá þeim þá vorum við bæði alveg: Chile? Hvar er það eiginlega?“ segir hún hlæjandi.

***Hvað hefur síðan gerst í kjölfar keppninnar?*** „Ég hef verið að ferðast örlítið hér innan Evrópu og aðeins í Bandaríkjunum að syngja og fékk nokkur tilboð frá Suður-Ameríku sem ég þurfti að afþakka því ég var svo langt í burtu. Ég hefði þurft að borga flugið sjálf og það er býsna dýrt svo ég hef því miður þurft að segja nei við því. En að sama skapi hefur verið að gerjast í mér einhver geðveiki, einhver útþrá því ég verð að kanna hvað er þarna úti.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Flytur til Chile með fjölskylduna

***Nú eruð þið fjölskyldan að flytjast búferlum til Chile í byrjun næsta árs, ekki satt?*** „Jú, við tókum þessa ákvörðun með börnunum okkar, að flytja og sjá hvað bara gerist. Ég held að þetta sé alveg rétt ákvörðun. Það er allt sem að beinir okkur í þá áttina. Ég er komin með ákveðið verkefni í tengslum við keppnina úti. Það er að myndast skemmtilegt tengslanet við alls konar fólk sem vill vera í sambandi. Við ætlum bara að fara á staðinn og taka þetta á tilfinningunni sem stríðir gegn öllu sem okkur er kennt. Fólk er alltaf að segja: Já, stökktu út í djúpu laugina en vertu með kút, súrefnisgrímu og öll öryggisatriði á hreinu,“ segir hún skellihlæjandi.

„Við mæðgurnar förum í bíltúr í vor og tókum aðeins púlsinn á væntanlegum flutningum því þegar maður er 15 ára er mikil breyting að flytja á framandi slóðir en hún sagði við mig: Mamma, þú átt alltaf eftir að sjá eftir því ef þú flytur ekki núna. Ég hugsaði bara, ef krakkarassgatið sér þetta svona skýrt þá hlýtur þetta bara alveg að vera málið.“

***Hvað með spænskuna, ertu með hana alveg á hreinu?*** „No comprende… ég mun alveg bjarga mér. Ég er korter í að vera altalandi. Ég bara finn það, ég held ég hafi verið sígauni í kringum Barcelona í fyrra lífi. Ég er með hana í blóðinu og hefur fundist alla ævi að ég eigi að tala spænsku. Ég verð alltaf svo hissa þegar ég heyri spænsku; bíddu, ég á að skilja þetta og ég á að getað talað þetta? Hvað er eiginlega að þessu í kerfinu hjá mér? Þess vegna held ég að ég verði bara mjög fljót. Þeir voru voðalega skotnir í mér þegar ég var að koma með einhverja svona frasa og þá náði ég alltaf að hljóma bara eins og innfædd.“

## Finnst gott að vera ég

***Þú ert svo óhrædd og virkar mjög tilbúin í slaginn. Hvaðan kemur þetta öryggi í fasi þínu?*** „Ég hlýt að geta þakkað uppeldinu það, því ég hef aldrei verið barin niður og mér hefur verið kennt að trúa því að ég geti gert allt sem ég vil. Þetta kom held ég samt allt þegar ég fór að hvíla í sjálfri mér og sú vinna fór ekki í gang fyrr en seint. Ég hef alltaf verið örugg og það myndi fólk segja sem er búið að þekkja mig lengi en það var alltaf pínu frontur. Bæði var þetta pínu vörn eða bara að sannfæra sjálfa mig um að ég gæti allt. Í dag hvíli ég bara í sjálfri mér og finnst gott að vera ég. Ég hef bara trú á því sem ég er að gera.“

***Nú ert þú að fara gefa út jólaplötuna Ilmur af jólum 2. Er þetta mjög hátíðleg plata?*** „Platan er ágætis framhald af plötunni sem ég gerði fyrir þrettán árum og hét Ilmur af jólum 1. Þetta er svona sjálfstætt framhald. Þetta er svolítið eins og að fæða barn, sem er alveg ótrúlegt. Þessa plötu er ég búin að ganga með í maganum í næstum tíu ár. Svo var kominn tími núna. Ég er bæði þrettán árum eldri og lífsreyndari svo þessi plata er þroskaðri og dínamískari og dramatískari, hátíð-



# Yfir tvö þúsund félagsmenn

**Sjúkraliðafélag Íslands er landsfélag stofnað 21. nóvember árið 1966 og á því 50 ára afmæli 2016. Upphaflega var það fagfélag sem ekki hafði samningsrétt en árið 1992 hófst nýr kafli í sögu félagsins þegar sjúkraliðar náðu til sín samningsréttinum.**

Í dag semur Sjúkraliðafélagið sjálft um laun og önnur kjarasamningsbundin réttindi fyrir sína félagsmenn," útskýrir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, en félagið heldur úti öflugri þjónustu við félagsmenn um allt land.

Á skrifstofu félagsins vinna sex starfsmenn í fimm stöðugildum og eru skrifstofur félagsins staðsettar að Grensásvegi 16 í Reykjavík.

### Fjölmennt félag

„Alls eru félagsmenn SLFÍ 2.050. Þar til viðbótar eru lífeyrisþegar og fagfélagar, það er sjúkraliðar sem starfa við annað, svo umfangið er talsvert. Félagið samanstendur af níu landshlutadeildum og þremur fagdeildum og mynda formenn landshlutadeildanna hina eiginlegu félagsstjórn, ásamt þeim sem kosnir hafa verið sérstaklega í framkvæmdastjórn. Formaður er kosinn í allsherjaratkvæðagreiðslu og er fulltrúaþing haldið árlega," útskýrir Kristín.

Trúnaðarmannaráð SLFÍ samanstendur af öllum trúnaðarmönnum félagsins og kemur saman að lágmarki einu sinni á ári og oftar ef þurfa þykir. Þá er Sjúkraliðafélag Íslands aðili að BSRB og er eitt af stærstu aðildarfélögum þess.

### Löggild starfsstétt

„Sjúkraliðastéttin er löggild starfsstétt og starfar samkvæmt núgildandi lögum um heilbrigðisstarfsmenn sem gildi tóku 1. jan 2013. Áður starfaði stéttin undir sérlögum um sjúkraliða frá 1986," segir Kristín. „Við erum í nánu samstarfi við systursamtök okkar í Evrópu og höfum um nokkurt skeið haldið sérstakan Evrópudag sjúkraliða, sem er 26. nóvember. Þema þessa árs verður sérstök áhersla á vinnuvernd og mótmæli við gríðarlegu starfsálagi á stéttina."

Kristín bendir á að sjúkraliðastéttin hafi þurft að beita verkfallsrétti til að ná fram kröfum sínum og þá sérstaklega í upphafi samningsréttarins, þegar sýna þurfti fram á að félagið hefði styrk og rétt til að semja sjálft um kjör sín og kaup. Í dag semji félagið sjálft um öll sín kjaramál.

Heimasíða félagsins er www.slfi.is.



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Sjúkraliðanámið vinsælt

**Birna Ólafsdóttir, sjúkraliði og formaður fræðslunefndar SLFÍ, segir sjúkraliða eftirsótta til starfa á fjölbreyttum sviðum heilbrigðisgeirans. Félagið leggi mikinn metnað í menntun sjúkraliða og hefur aðsóknin í námið verið góð. Boðið er upp á grunnnám, framhaldsnám og símenntun.**

Við höfum lagt mikla áherslu á að grunnmenntun sjúkraliða sé góð, þá er boðið upp á framhaldsmenntun á fjórða hæfniþrepi við Fjölbrautaskólann við Ármúla þar sem sjúkraliðar geta séræft sig. Boðið hefur verið upp á framhaldsnám í öldrunar- og geðhjúkrun og hafa um það bil 160 sjúkraliðar farið í gegnum þetta nám, sem tekur eitt ár. Unnið er að nýrri námskrá fyrir framhaldsnám við sótthreinsun, speglun og störf á skurðstofum sem væntanlega verður tilbúið 2015. Einnig er boðið upp á símenntunarnámskeið hjá símenntunarmiðstöðinni Framvegis," segir Birna Ólafsdóttir, sjúkraliði og formaður fræðslunefndar Sjúkraliðafélags Íslands.



Birna Ólafsdóttir sjúkraliði og formaður fræðslunefndar Sjúkraliðafélags Íslands. MYND/GVA

Hún segir sjúkraliðanámið vinsælt nám og aðsóknin í námið hefur verið góð.

„Einhver hópur heldur þó alltaf áfram til annarrar menntunar og starfa því sjúkraliðamenntunin byggir á miklum samskiptum sem fólk getur nýtt sér í margvíslegri starfsemi."

### Fjölbreytt nám

Sjúkraliðanámið sjálft er 120 eininga nám á framhaldsskólastigi og á þriðja hæfniþrepi. Námið er kennt um allt land og í tveimur framhaldsskólum í Reykjavík, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og í Fjölbrautaskólanum við í Ármúla. Námið tekur þrjú til þrjú og hálft ár og byggist upp á bóklegu námi, starfsþjálfun og vinnustaðanámi.

Í vinnustaðanámi taka leiðbeinendur sem eru sjúkraliðar inni á deildum stofnana að sér sjúkraliðanema og kenna þeim. Í starfsþjálfun á sjúkraliðaneminn að vera orðinn sjálfstæðari í starfi.

„Sjúkraliðanemar fara yfirleitt á þrjú mismunandi svið, öldrunarsvið, handlækninga-, lyflækningasvið og/eða sérdeild. Þeir öðlast því fjölbreytta reynslu og eiga að geta gengið inn á hvaða svið sem er að námi loknu," útskýrir Birna og segir sjúkraliða eftirsótta starfskrafta. „Sjúkraliðar starfa mjög víða. Til dæmis á sjúkrahúsum og öldrunarheimilum, á læknastofum og í heimahjúkrun. Þörfin fyrir sjúkraliða í heimahjúkrun fer vaxandi þar sem stefna heilbrigðisyfirvalda er að til dæmis aldraðir geti verið sem lengst heima."

### Öflugt framhaldsnám og símenntun

„Þá bjóðum við upp á framhaldsnám á fjórða hæfnisstigi, sem er eins árs sérnám í geðhjúkrun og öldrunarhjúkrun í Fjölbraut í Ármúla. Nú þegar hafa um það bil 160 sjúkraliðar farið í gegnum framhaldsnám. Við erum einnig að vinna að nýju framhaldsnámi sem fer í gang 2015, meðal annars á skurðstofum og fleiru," segir Birna og vill meina að sérhæfing sé það sem koma skal.

„Sjúkraliðar eru að taka á sig meiri ábyrgð og sérmennta sig til þess. Sjúkraliðar eru einnig mjög duglegir að sækja sér símenntun en við höfum árum saman boðið upp á fjölmörg námskeið sem sjúkraliðar geta bætt ofan á sinn grunn. Ég leyfi mér að fullyrða að þar sé engin heilbrigðisstétt með tærnar þar sem sjúkraliðar eru með hælana."

# Sjúkraliðar ánægðir, þrátt fyrir allt

**Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, segir almenna starfsánægju ríkja í röðum sjúkraliða. Þeim þyki vænt um starfið og þá sem þeir þjónusta. Launaþróun stéttarinnar sé þó ekki í takt við menntunina og aukið álag. Starfsfólk SLFÍ leggi mikinn metnað í að þjónusta félagsmenn.**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, segir að leiðrétta þurfi laun sjúkraliða. Stéttin haldi ekki í við aðrar stéttir innan BSRB en vinnuálag stóraukist. Almennt séu sjúkraliðar þó ánægðir í vinnunni.

„Hagfræðingur félagsins tók saman launaþróun stéttarinnar frá árinu 1997 og bar saman við aðrar stéttir innan BSRB og fram kom að verulega þarf að leiðrétta laun stéttarinnar, eins og fleiri stétta innan heilbrigðisgeirans," segir Gunnar.

„Kjarakönnun Capacent sýndi fram á mikla óánægju sjúkraliða með launin og þar kom einnig fram að enn einu sinni hefur álagið aukist, á milli áranna 2012 og 2013. Þrátt fyrir álagið og í allt of mörgum tilvikum lág laun, þá eru sjúkraliðar víða um land virkilega ánægðir í störfum sínum," bendir Gunnar á. Hann segir að sjúkraliðum þyki vænt um starfið og þá sem þeir þjóni og vinni með.

„Þá skiptir ekki síður máli að innan heilbrigðiskerfisins eru víða hæfir stjórnendur svo fólki líður vel í vinnunni þrátt fyrir allt. SLFÍ hóf í haust að verðlauna þann stjórnanda sem hefur þótt skara fram úr og getur stjórnað sínu fólki á jákvæðan hátt og með gagnkvæmri virðingu."

### Ánægja með störf SLFÍ

Í könnun Capacent kemur fram að sjúkraliðar á öllu landinu nýta sér þjónustu skrifstofu SLFÍ mikið og er almenn ánægja með þjónustuna. „Það gleður okkur auðvitað sem sinnum þeirri þjónustu," segir Gunnar. „Það er metnaður allra sem vinna á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands að þjónusta okkar fólk sem allra best."

### Áhersla á orlofsmál

„Eftir hrun hefur ásókn í orlofsbústaði félagsins aukist töluvert og þar af leiðandi er meiri áhersla lögð á orlofsmál innanlands," segir Gunnar. „Félagsmenn SLFÍ eiga og reka sex orlofshús víðsvegar um landið og orlofsíbúð bæði í Reykjavík og á Akureyri. Einnig leigir félagið íbúð í Kaupmannahöfn og er allt þetta húsnæði vel nýtt árið um kring. Yfir sumartímann leigir félagið þar að auki fjögur hús til viðbótar, í Bolungarvík, á Seyðisfirði, í Stykkishólmi og á Hellisandi og tvo tjaldvagna. Þá hefur orlofsnefnd skipulagt og niðurgreitt tvær nokkurra daga gönguferðir innanlands með leiðsögumanni sem einnig er sjúkraliði. Við höfum þar að auki verið með til sölu gjafabréf frá WOW og Icelandair. Orlofssjóður niðurgreiðir einnig hótelmiða, veiðikortið, útilegukortið, golfkortið, ferðir hjá FÍ og dvöl í íbúðum á Spáni svo eitthvað sé nefnt."



Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, afhendir Lilju Hauksdóttur, deildarstóra á Mörkinni hjúkrunarheimili, viðurkenningu fyrir góða stjórnun. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Yndislegt starf og gefandi

Anna María Guðmundsdóttir, sjúkraliði á Sólvangi, hefur starfað við fagið í tuttugu og sex ár. Hún bætti við sig framhaldsnámi í öldrunarhjúkrun árið 2008 sem hún segir nýtast sér vel í starfinu.

Ég lauk grunnnáminu árið 1986 frá Sjúkraliðaskóla Íslands og hef unnið við fagið alla tíð. Þetta er yndislegt og gefandi starf," segir Anna María Guðmundsdóttir, sjúkraliði á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði.

Anna María nýtti sér möguleika á framhaldsmenntun sjúkraliða og lauk framhaldsmenntun í öldrunarhjúkrun árið 2008. Eftir útskrift starfaði hún á St. Jósefsspítala en hóf svo störf á Sólvangi. Hún segir framhaldsnámið nýtast sér vel.

„Það er mikið undir hverjum deildarstjóra komið hversu vel hann treystir sjúkraliðunum til að sinna hinum ýmsu verkum. Ég er svo heppin að það gerir minn deildarstjóri svo sannarlega og ég axla mun meiri ábyrgð eftir að ég bætti við mig framhaldsnáminu," segir Anna María. „Ég hef þó heyrt að víða séu starfandi sjúkraliðar sem eru búnir að sækja sér framhaldsnám en eru ekki nýttir sem skyldi. Það er synd og hlýtur að eiga eftir að breytast. Þeir eru þá allavega óuppgötvuð auðlind," segir Anna María.

Á Sólvangi eru þrír sjúkraliðar auk Önnu Maríu með framhaldsmenntun og segir hún menntun þeirra allra nýtta til fulls á hjúkrunarheimilinu. Hún segir álagið geta verið mikið í vinnunni.

„Hér er mjög góður andi og manni er treyst en álagið er töluvert. Það er alltaf verið að draga úr mannskap. Starfið sjálft er yndislegt og mjög fjölbreytt. Hér er enginn dagur eins og hver vakt ólík annarri en auðvitað vildi maður óska að mönnunin væri meiri."



Anna María Guðmundsdóttir sjúkraliði nýtti sér möguleikann á framhaldsmenntun sjúkraliða í Fjölbraut í Ármúla og lauk framhaldsmenntun í öldrunarhjúkrun árið 2008. Hún vinnur á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði og segir menntunina nýtast sér vel í vinnunni. MYND/DANÍEL



Hver dagur er ólíkur öðrum og engin vakt eins, segir Anna María. Hér mælir hún blóðsykur hjá vistmanni á Sólvangi.



Starfið er gefandi og andinn er góður í vinnunni. Álagið getur þó verið mikið. Anna María ásamt Ingibjörgu Valdimarsdóttur, starfsmanni í aðhlynningu, Guðrúnu Hauksdóttur deildarstjóra, Heiðrúnu Guðmundsdóttur sjúkraliða, sem einnig er með framhaldsmenntun í öldrunarhjúkrun, og Ester Magnúsdóttur, starfsmanni í aðhlynningu.



„Ég axla mun meiri ábyrgð eftir að ég bætti við mig framhaldsnáminu," segir Anna María.„ Ég hef þó heyrt að víða séu starfandi sjúkraliðar sem búnir eru að sækja sér framhaldsnám en eru ekki nýttir sem skildi."

# Dagurinn ótútreiknanlegur

**Hermann Jónsson sjúkraliði starfar á slysa- og bráðamóttökudeild Landspítalans. Hann segir dagana í vinnunni geta verið óútreiknanlega og starfið strembið á köflum. Vinnuandinn á deildinni sé hins vegar góður og starfið ótrúlega gefandi.**



„Fyrst og fremst er maður í þessu starfi til að vinna með fólki, sem þarf á aðstoð að halda en ekki launanna vegna. Sjúkraliðastarfið er virkilega gefandi."



Sjúkraliðarnir eyða mestum tíma með sjúklingi og fylgjast með lífsmörkum. Hermann segir nauðsynlegt að vera nærgætinn og geta lesið í þarfir fólks, ekki síður aðstandenda en sjúklinga.



Hermann Jónsson útskrifaðist sem sjúkraliði fyrir þremur árum. Hann vann á Heilbrigðisstofnun Vesturlands áður en hann byrjaði á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans og líkar starfið vel. Hann segir jafnaðargeð nauðsynlegt í starfi sjúkraliða. MYND/GVA

Hér gerist margt sem getur fylgt manni óméðvitað heim og dagarnir geta verið strembnir. En við vinnum mörg hérna á bráðasviðinu og mórallinn er mjög góður," segir Hermann Jónsson, sjúkraliði á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans.

Hann segir erfitt að lýsa venjulegum degi í vinnunni, hver vakt sé óútreiknanleg og í mörg horn að líta.

„Sjúkraliðarnir á bráðamóttökunni taka fyrstu lífsmörk þeirra sem koma inn með sjúkrabíl. Við sjáum einnig um að fylgjast með lífsmörkum sjúklinga eins og læknir segir til um, tökum blóðþrýsting, mælum hita, blóðsykur, öndunartíðni og súrefnismettun og tökum hjartalínurit svo eitthvað sé nefnt. Hér ganga hlutirnir hratt fyrir sig og góður sjúkraliði þarf að vera nærgætinn og geta lesið vel í fólk og aðstæður," segir Hermann.

„Í bráðatilfellum fylgir sjúklingnum oft hópur aðstandenda sem þarf að halda utan um. Þá þarf að lesa í þarfir fólks og setja sig inn í aðstæður. Þeir sem eyða mestum tíma með sjúklingnum eru sjúkraliðarnir. Við fylgjumst með því hvernig honum líður, hvort honum sé heitt eða of kalt, hvort þurfi að hækka undir höfðalaginu, deyfa ljósin og þar fram eftir götunum. Við erum eins og lifandi monitor. Starf sjúkraliða er algerlega fordómalaust starf. Það eiga allir rétt á sömu þjónustu," segir Hermann og viðurkennir að það þurfi jafnaðargeð og sterkar taugar í starf sjúkraliðans.

„Maður núllstillir sig algerlega þegar maður stimplar sig inn í vinnuna, og að sama skapi reynir maður að skilja vinnuna eftir við stimpilklukkuna í lok vaktar. Fyrst og fremst er maður í þessu starfi til að vinna með fólki, sem þarf á aðstoð að halda en ekki launanna vegna. Sjúkraliðastarfið er virkilega gefandi."

# BANDALAG HÁSKÓLAMANNA

Bandalag háskólamanna

Heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði

26 aðildarfélög

10.000 félagsmenn

www.bhm.is


# Verðum að stórbæta samkeppnishæfni um vel menntað vinnuafl

**Efling rannsókna og nýsköpunar er lykillinn að framtíðarmöguleikum á íslenskum vinnumarkaði. Bæta þarf alla umræðu og markmiðasetningu sem snýr að hlut háskólamenntaðra á vinnumarkaði og verður það meginverkefni BHM á næstu misserum.**

BHM sem heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði hafa að meginmarkmiði að efla virðingu fyrir menntun sem forsendu nýsköpunar og þróunar. Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, segir bandalagið miða að því að tryggja háskólamenntuðum aðlaðandi vinnumarkað á Íslandi. „Þegar ég tók við formennsku í BHM vorið 2008 fannst mér sem það hlyti að vera auðvelt að koma þessum skilaboðum á framfæri. Núorðið ætti þetta auðvitað að vera sjálfsagt mál, en við erum ennþá að berjast fyrir þessu og enn virðist vera nóg verk að vinna.“ Að sögn Guðlaugar er íslensk vinnumarkaðsumræða gamaldags og hefur lítið breyst í áranna rás. „Markmið þau sem lesa má út úr yfirlýsingum aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda benda ekki til þess að hér sé framsækinn vinnumarkaður sem vill með markvissum hætti styrkja vaxandi greinar og tryggja vöxt í þeim geirum sem byggja á menntun. Þó liggja fyrir greiningar óháðra aðila um að hagsæld Íslands til framtíðar sé háð því að hér verði lögð aukin áhersla á rannsóknir, þróun og uppbyggingu háskólasamfélagsins.“

Samkvæmt skýrslu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey er þessi hluti vinnumarkaðarins kallaður „alþjóðlegi geirinn“ sem einkennist af því að vinnuaflið og verkefnin eru óháð landamærum, byggja ekki á náttúrulegum auðlindum og kalla á hátt þekkingarstig. „Ísland er mjög vanþroskað þegar kemur að umræðu og markmiðasetningu hvað þennan geira snertir. Úr því þarf að bæta og þar sér BHM meginverkefni sitt á næstu misserum og árum.“

Nýleg yfirlýsing forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra til aðila vinnumarkaðar í aðdraganda kjarasamninga tíundar sömu atriði og öll síðustu ár þegar kemur að menntamálum; að efla iðn-, starfs- og tæknimenntun, efla fullorðinsfræðslu og fyrirbyggja brottfall úr framhaldsskólum. „Þetta eru allt að sönnu þörf verkefni en BHM hefði að auki viljað sjá þarna skýr skilaboð um að efling rannsókna og nýsköpunar sé vinnumarkaðslegt markmið sem stefna beri að. Þar liggur nefnilega lykillinn að framtíðarmöguleikum á íslenskum vinnumarkaði, um það er ég alveg sannfærð.“

### Þjóðarsátt vekur engan sæluhroll innan BHM

Talið berst að komandi kjarasamningum og þeirri kröfu að allir gangi í takt sem merkja má frá stjórnvöldum og vinnuveitendum að sögn Guðlaugar. Hún segir þjóðarsátt síst af öllu vekja sæluhroll innan BHM. „Tíminn í kringum gerð hinnar einu sönnu Þjóðarsáttar var afar erfiður þeim sem stóðu í víglínunni fyrir hönd háskólamenntaðra. Undirritaðir höfðu verið „tímamótasamningar“ sem áttu að leiðrétta kjör félagsmanna en fjármálaráðherra felldi samninginn úr gildi. BHM var því svo sannarlega ekki aðili að sáttinni sem svo var kölluð. Hér í húsi muna menn þetta frekar sem valdbeitingu. Ég er óneitanlega hugsi yfir stemningunni sem nú svífur yfir vötnum, því staðan í kjörum okkar fólks er um margt svipuð og var á þessum tíma.“

### BHM hefur varað við atgervisflótta

Guðlaug segir forsvarsmenn BHM hafa varað við atgervisflótta allt frá hruni og framan af hafi verið blásið á þann málflutning. „Við höfum líka vakið athygli á því að ekkert er gert hérlendis til að fylgjast með því hvernig hópurinn sem flyst úr landi er samsettur hvað menntun varðar. Til að mynda fluttust um 200 Íslendingar úr landi umfram aðflutta á síðasta ársfjórðungi. Við vitum ekki hvers konar menntun það er sem við missum úr landi þar sem það er ekki mælt og hið opinbera virðist ekki hafa áhuga á þessari tölfræði. Flestir Íslendingar eiga ættingja eða vini sem ílengjast erlendis eftir nám eða hverfa héðan til að freista gæfunnar handan hafs. Við finnum því alveg að ekki er lengur blásið á þennan málflutning BHM um atgervisflótta en lítið er hins vegar gert til að bregðast við.“

> **Tíminn í kringum gerð hinnar einu sönnu Þjóðarsáttar var afar erfiður þeim sem stóðu í víglínunni fyrir hönd háskólamenntaðra.**

Hún segir stöðuna þannig að launakjör háskólamenntaðra hafi dregist aftur úr og séu ekki samkeppnishæf við umheiminn. Skýra stefnu skorti um uppbyggingu starfa fyrir þennan hóp og stjórnvöld og aðrir aðilar vinnumarkaðar virðast fastir í fortíðinni hvað þetta varðar. „Brottflutningur ungs fólks með haldbæra menntun er viðvarandi ógn og yfir vötnum svífur krafa um „hóflegar launahækkanir“ og sátt á vinnumarkaði til að vinna gegn sveiflum gjaldmiðilsins okkar. Spurningin sem við hjá BHM spyrjum okkur í þessari stöðu er einfaldlega: er ábyrgt að taka þátt í slíkri tilraun?“

Guðlaug segir BHM hljóta að gera ríka kröfu um skýr svör frá stjórnvöldum varðandi alla þætti efnahagsstjórnarinnar. „Haft var eftir forsætisráðherra nýlega að ekki væri hægt að ýta ábyrgð á gerð kjarasamninga yfir á stjórnvöld. Á móti segi ég: stjórnvöld geta ekki ýtt ábyrgð á efnahagsstjórn yfir á aðila vinnumarkaðar. Þar þarf mun fleira að koma til. Það fylgir því gríðarleg ábyrgð af hálfu háskólamenntaðra og BHM að kyrrsetja kjör fólks okkar ef efnahagsumhverfið að öðru leyti er óstöðugt. Samkeppnishæfnin um vel menntað vinnuafl er afleit eins og stendur, en hvar verður hún ef kjörin verða ekki bætt og efnahagslegur stöðugleiki ekki tryggður meðan eftirmálar hrunsins eru gerðir upp? Stórt er spurt.“

> **Samkeppnishæfnin um vel menntað vinnuafl er afleit eins og stendur, en hvar verður hún ef kjörin verða ekki bætt og efnahagslegur stöðugleiki ekki tryggður meðan eftirmálar hrunsins eru gerðir upp?**
>
> *Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM*



# Óvissa í aðdraganda kjarasamninga

**Georg Brynjarsson** er hagfræðingur BHM og verkefnastjóri kjara- og réttindanefndar. Hann fylgist auk þess með framvindu efnahagsmála og sinnir fræðslu, ráðgjöf og almennri upplýsingamiðlun um hagræn efni innan bandalagsins. Blaðamaður settist niður með Georg og ræddi við hann um stöðu efnahagsmála um þessar mundir.

**Hvernig lítur umhverfi efnahagsmála út fyrir þér svona í aðdraganda kjarasamninga?**

Þar er fyrst og fremst talsverð óvissa. Það má í raun segja að það skorti ákveðna framtíðarsýn í efnahagsmálum á Íslandi, allavega er ekki mikil samstaða um hana ef hún á annað borð er til. Nú er búið að leggja aðildarviðræður Íslands við ESB til hliðar og það sem meiru máli skiptir er að það virðist ekki hafa komið nein skýr framtíðarsýn í efnahagsmálum í hennar stað. Þannig að ég skil svo sem vel hina fjölmörgu forystumenn í atvinnulífinu sem kalla eftir því að aðildarviðræðum við ESB sé haldið áfram, enda verði niðurstaðan hvort sem er lögð í dóm kjósenda. Það hefur skapast hér nokkurs konar tómarúm og það er hætt við að menn ætli sér að reyna að leysa efnahagsvandamálin með sömu gömlu aðferðunum og hingað til, sem ég á erfitt með að sjá að virki núna frekar en áður. Við þurfum allavega einhverja framtíðarsýn, það er ljóst.

Það verður að tryggja hér víðsýni og við þurfum að fylgja málum eftir. Það var til dæmis ekki gott að sérfræðinganefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Seðlabanka Evrópu, framkvæmdastjórnar ESB og íslenskra stjórnvalda um lausnir varðandi gjaldeyrishöftin var sjálfhætt í tengslum við aðildarviðræðurnar. Það er erfitt að sjá að það þjóni hagsmunum okkar að slíta starfi nefndar sem hafði aðgang að helstu sérfræðingum í heimi og var að leita lausna á okkar stærsta efnahagsvandamáli. Það hefði verið áhugavert að sjá hvað hefði komið út úr því, við þurfum á allri aðstoð að halda.



„Að mínu mati skortir ákveðna framtíðarsýn í efnahagsmálum á Íslandi. Það er allavega ekki mikil samstaða um hana ef hún er á annað borð til. Nú er búið að leggja aðildarviðræður Íslands við ESB til hliðar og það sem meiru máli skiptir er að það virðist ekki hafa komið nein skýr framtíðarsýn í efnahagsmálum í hennar stað. MYND/GVA

Í aðdraganda þessara kjarasamninga verður mér oft hugsað til Írlands. Þetta minnir mig á þegar menn veltu því fyrir sér hvort landið kæmi betur út úr þeim miklu efnahagsþrengingum sem bæði Írland og Ísland hafa glímt við. Í sjálfu sér er staðan enn afleit í báðum löndunum, en eitt er auðvitað áberandi og það er að Írland býr við stöðugan gjaldmiðil, frelsi í viðskiptum og opna markaði sem allt er grundvöllur þess að hefja þróttmikla viðspyrnu. Á meðan sitjum við Íslendingar í súpunni með gjaldeyrishöft, snjóhengjur, lokað hagkerfi og að því er virðist pólitískari einangrunarstefnu, en allt þetta dregur úr möguleikum þess að við getum byggt upp til framtíðar. Þetta snýst um að búa til efnahagsumhverfi með framtíðarmöguleikum til vaxtar, það er vandséð að það blasi við okkur Íslendingum núna.

**Hver væru að þínu mati eðlileg næstu skref?**

Ég hef áður bent á að aðilar með ólíkar skoðanir geti þó náð saman um margt til að byrja með. Við búum ekki aðeins við óvissu til lengri tíma litið, heldur einnig til skemmri tíma. Tökum stjórn peningamála sem dæmi. Núverandi peningastefna tók gildi í mars 2001 þegar meginmarkmið stjórnar peningamála varð stöðugleiki í verðlagsmálum. Höfum þá í huga að Seðlabankinn hefur, að því er best verður séð, fremur beitt vaxtatækinu með hliðsjón af gengisþróun undanfarin misseri heldur en verðstöðugleika. Það ætti því að vera forgangsverkefni að eyða, af fremsta megni, óvissu er varðar peningastefnuna. Það gæti verið fyrsta skref og þar ættu menn alveg að geta náð saman.

**Hvernig sérð þú það útfært?**

Nú, menn hljóta í það minnsta að vera orðnir þreyttir á sveiflukenndu gengi krónunnar. Á því græðir enginn til lengri tíma, jafnvel þótt útflytjendur nýti sér þessar sveiflur til stundargamans af og til. Verkalýðshreyfingin hefur ítrekað lýst yfir áhuga sínum á því að hér sé tekin upp fastgengisstefna. Það skil ég vel, enda ljóst að óstöðugt gengi er helsta ástæða verðbólguvandans sem við glímum við. Við höfum aðgang að gnægð rannsókna á smáríkjum og litlum gjaldmiðlum sem við hljótum að vilja nýta okkur. Við verðum að átta okkur á því að ytri gengisfellingar, það er gengisfelling gjaldmiðilsins, er mun skaðlegri leið en innri gengisfellingar, þar sem nafnlaunabreytingum er beitt til að styrkja samkeppnisstöðu hagkerfisins. Allir Íslendingar með verðtryggð lán hljóta að taka undir þetta heilshugar.

Annað dæmi er skortur á skýrri framtíðarsýn til að laða að og auka fjárfestingu. Dæmin sanna að fjárfesting hefur aukist verulega í tilvonandi aðildarríkjum ESB, en þess háttar skýra framtíðarsýn varðandi fjárfestingu skortir hérlendis. Við höfum ekki efni á því að einangrast enn frekar, til dæmis með því að líkja erlendri fjárfestingu við skuldsetningu og viðhafa langvarandi óvissu um eignir erlendra aðila hérlendis. Svo gilda auðvitað alveg sömu rök um vinnumarkaðinn. Íslenskur vinnumarkaður er í harðri samkeppni við hinn evrópska og við verðum að standa okkur í þeirri samkeppni. Þessa samkeppni eigum við að líta á sem tækifæri og vera víðsýn þegar við leggjum á ráðin um að gera Ísland samkeppnishæft við nágrannaríkin. Þar eru atriði eins og opnun markaða, samkeppnishæf mynt, niðurfelling tolla og alþjóðlegt umhverfi lykilatriði til að eiga einhverja möguleika til framtíðar.

**Hvernig kemur þetta inn í kjarasamningagerðina?**

Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa ítrekað að háar nafnlaunahækkanir leiði til verðbólgu og hafa máli sínu til stuðnings bent á að lítil kaupmáttaraukning hafi verið af launahækkunum síðustu kjarasamninga. Það er óumdeilt að of háar launahækkanir sem atvinnulífið ræður ekki við geta leitt til hækkunar verðlags. En við hljótum að spyrja, hvað annað leiðir til hækkunar verðlags? Hvað ætla stjórnvöld að leggja til málanna ef almenningur á að fallast á kaupmáttarrýrnun í þágu einhverrar þjóðarsáttar um stöðugleika?



> **„Spár um að lágar launahækkanir næstu kjarasamninga muni leiða til aukins kaupmáttar til lengri tíma byggja nefnilega á því að taka sénsinn á því að þróun gengis og verðlags og þar með vaxta, verði á grundvelli raunhagkerfisins, en ekki þess mikla ójafnvægis sem er á fjármálamörkuðum vegna áhrifa fjármagnshafta og þungrar greiðslubyrði erlendra lána.**

Ég yrði fyrstur manna til að hvetja forystumenn launþegahreyfinganna til að stilla sínum kröfum um aukinn kaupmátt í hóf ef hið opinbera sýndi okkur nákvæma og trúverðuga áætlun um hvernig gengisstöðugleiki verður tryggður nú þegar við stöndum frammi fyrir afnámi gjaldeyrishafta, gríðarlegum afborgunum erlendra skulda opinberra aðila og hundruð milljarða króna skuldaleiðréttingum til heimila. Spár um að lágar launahækkanir næstu kjarasamninga muni leiða til aukins kaupmáttar til lengri tíma byggja nefnilega á því að taka sénsinn á því að þróun gengis og verðlags og þar með vaxta, verði á grundvelli raunhagkerfisins, en ekki þess mikla ójafnvægis sem er á fjármálamörkuðum vegna áhrifa fjármagnshafta og þungrar greiðslubyrði erlendra lána. Hvernig krónunni reiðir af í þeim ólgusjó sem fram undan er hefur því úrslitaáhrif á kaupmátt eftir næstu kjarasamninga. Að þessu sögðu finnst mér blasa við að umræður um íslensku krónuna séu í raun hinar eiginlegu kjaraviðræður almennings í landinu.

# Mikilvægi stéttarfélaga

Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM, segir mikla óvissutíma í loftinu á vinnumarkaði vegna hagræðingarkrafna ríkisstjórnarinnar og að margir hafi leitað sér ráðgjafar hjá stéttarfélögum sínum.

Undanfarið hefur umræðan snúist um hagræðingar og mögulegar uppsagnir hjá ríkisstofnunum. „Allar umræður um hagræðingu og niðurskurð á vinnumarkaði auka á ótta og óvissu hjá starfsmönnum. Hagræðing eða sameining stofnana þarf ekki að leiða til uppsagna og afstaða BHM er sú að ef verkefni eru enn til staðar er enn þörf fyrir starfsfólk að sinna þeim.

Ekki er hægt að líta fram hjá því að aukin verkefni og mikið álag í starfi kalla á meiri veikindi og jafnvel kulnun. Þessir þættir geta jafnframt valdið því að fleiri eineltismál koma upp á vinnustöðum. Mikilvægt er að stjórnendur standi rétt að málum, komi til þess að segja þurfi starfsmönnum upp,“ útskýrir Erna. „Mest reynir á ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæði stjórnsýslulaga.

Það er löglegt að segja upp starfsmönnum vegna hagræðingar eða skipulagsbreytinga en hafa ber í huga að uppsögn er alltaf mjög íþyngjandi fyrir þá sem í hlut eiga,“ segir Erna.

### Ágreiningur vegna uppsagnar

Margir leita til stéttarfélaga innan BHM þegar upp kemur ágreiningur vegna uppsagnar. „Stjórnendum ber að horfa til meðalhófsreglunnar þegar hagræða þarf í rekstri og velja vægustu leiðina t.d með því að gera breytingar á starfi eða verksviði eða finna fólki annað starf innan stofnunarinnar,“ segir Erna.

„Rétt er að taka fram að flestir forstöðumenn stofnana standa rétt að þessum málum en því miður eru alltaf undantekningar á því. Sem dæmi hafa verið að koma til mín mál sem eiga það sameiginlegt að starfsmönnum er sagt upp störfum með vísan til hagræðingar í rekstri en á sama tíma eru ný störf auglýst hjá sömu stofnun. Nýlegt dæmi gerðist á opinberri stofnun þar sem starfsmanni var sagt upp í hagræðingarskyni vegna erfiðleika í rekstri en á sama tíma var verið að ráða ellefu nýja starfsmenn. Það er skrítin staða og maður spyr hver sé hin raunverulega ástæða uppsagnar. Þess konar vinnubrögð ganga einfaldlega ekki upp og samræmast ekki því lagaumhverfi sem opinberir starfsmenn búa við. Ef önnur ástæða en hagræðing er á bak við uppsögn gilda allt aðrar reglur sem forstöðumönnum ber að fylgja,“ segir Erna. „Nokkur svona mál hafa komið upp undanfarin misseri,“ bætir hún við.

Ég vil ekki ætla neinum stjórnanda að misnota aðstöðu sínu með því að nota hagræðingarkröfur til að losa sig við óæskilega starfsmenn. Umboðsmaður Alþingis hefur þó sagt í áliti sínu er tengist þessari umræðu að það geti verið freistandi að misbeita valdi sínu á þennan hátt. Til dæmis með því að leggja ákveðna stöðu niður. Við hjá BHM viljum að það sé staðið rétt að uppsögnum og farið að lögum,“ bætir Erna við.



Allar umræður um hagræðingu og niðurskurð á vinnumarkaði auka á ótta og óvissu hjá starfsmönnum.

Vinnuöryggið sem margir sóttust eftir hjá hinu opinbera er ekki til lengur. „Uppsagnir dynja yfir í holskeflum og erfitt að komast í nýja vinnu,“ greinir Erna frá og bætir við að því miður sé það að aukast að nýjum aðferðum sé beitt við uppsagnir. „Starfsmanni er afhent uppsagnarbréf í lok dags og honum vísað samdægurs á dyr í fylgd öryggisvarða eins og hann hafi gerst brotlegur í starfi. Áður gátu starfsmenn haldið sambandi við sinn gamla vinnustað þótt þeir hefðu lent í niðurskurði. Svo er því miður ekki í dag og það er sorglegt,“ segir Erna enn fremur.

„Það er óvissuástand á vinnumarkaði um þessar mundir hvað varðar mögulegar uppsagnir og bendir á að það sé mikilvægt að halda áfram að vera í stéttarfélagi þótt fólk fari á atvinnuleysisbætur,“ segir Erna Guðmundsdóttir.

# Sálfræðin er vannýtt auðlind

Sálfræðingafélag Íslands, sem verður sextíu ára á næsta ári, er ört vaxandi fag- og stéttarfélag sálfræðinga. Meðal helstu baráttumála félagsins er vinna að bættum kjörum og að almenningur fái greiðari aðgang að sálfræðiþjónustu og fái sálfræðilega meðferð niðurgreidda líkt og aðra heilbrigðisþjónustu.

Efst á baugi hjá stjórn SÍ er hvernig við getum unnið að bættu aðgengi almennings að sálfræðingum,“ segir Hrund Þrándardóttir, formaður Sálfræðingafélags Íslands. Hún, ásamt öðrum í stjórn félagsins, hefur fundað með heilbrigðisráðherra og hefur óskað eftir því að stofnaður verði samstarfshópur fulltrúa Sálfræðingafélags Íslands og heilbrigðisráðuneytis sem vinni að þessum málum. „Geðrænn vandi vex stöðugt í vestrænum samfélögum og nú má gera ráð fyrir að á hverju ári þjáist um 10 prósent Íslendinga af lyndis- og kvíðaröskunum. Kostnaður vegna vandans er gríðarlegur, lyfjakostnaður, tapaðar vinnustundir á vinnumarkaði og í skólum svo eitthvað sé nefnt,“ segir Hrund og telur brýnt að í aðgerðum gegn vandanum sé beitt aðferðum sem rannsóknir sýni að séu áhrifaríkar.

„Sálfræðileg þekking og meðferð er vannýtt auðlind í íslensku samfélagi. Bæði hvað varðar forvarnir og eflingu lýðheilsu og í meðferð fyrir börn og fullorðna,“ segir Hrund. Hún leggur áherslu á að rannsóknir sýni að aukin notkun tiltekinna sálfræðilegra meðferða sé þjóðhagslega hagkvæm. Þá sé bæði mikilvægt að almenningur hafi aukinn aðgang að sálfræðingum og ekki síður mikilvægt að sálfræðimeðferð sé niðurgreidd líkt og tíðkast með aðra heilbrigðisþjónustu.

### Löggildingin mikilvæg

Fjöldi félaga í Sálfræðingafélagi Íslands hefur tvöfaldast frá árinu 2007. Í dag eru félagar um 500 og fer enn ört fjölgandi. „Þeir sem eru í félaginu eru með löggilt starfsleyfi sem sálfræðingar,“ segir Hrund og telur löggildinguna afar mikilvæga fyrir skjólstæðinga sálfræðinga. „Þannig hafa þeir tryggingu um ákveðnar lágmarkskröfur varðandi nám þeirra og færni og geta vitað hvaða lög og siðareglur gilda um störf þeirra,“ segir Hrund. Hún segir almenning oft ekki átta sig á þessari tryggingu og haldi að löggilding sé fyrst og fremst vörn fyrir fagstéttirnar. „En því er í raun öfugt farið.“

Hrund segir ýmsa aðila sem ekki séu löggiltir heilbrigðisstarfsmenn auglýsa meðferð án þess að ljóst sé hvaða bakgrunn þeir hafi. „Um þá gilda engin lög og skjólstæðingar geta ekki gert athugasemdir við störf þeirra við neina opinbera aðila.“

### Auknar námskröfur

Mikill áhugi er á sálfræðinámi og sálfræðingum hefur fjölgað mikið á undanförnum árum. Nýlega var námsfyrirkomulaginu breytt á Íslandi með nýrri reglugerð. „Nú eru gerðar auknar kröfur. Eftir grunnnám tekur við tveggja ára framhaldsnám og síðan bætist nú við eins árs kandídatsár eftir útskrift. Þá vinna nemendur á stofnunum undir handleiðslu fagmanna áður en þeir fá löggildingu sem sálfræðingar,“ útskýrir Hrund og telur nemendur koma sterkari til starfa fyrir vikið. Þeir geti hins vegar haft tengingu við SÍ áður en þeir fá löggildingu enda bjóði félagið upp á nemaaðild fyrir sálfræðinema á framhaldsstigi.

### SÍ í sextíu ár

Það er mikil gróska í félaginu, nefndum og félagsmönnum og hefur fræðsla á vegum félagsins það sem liðið er af vetri verið áhugaverð og einkar vel sótt að sögn Hrundar. „Sálfræðingafélag Íslands verður sextíu ára á næsta ári og verður sálfræðiþingið haldið sjálfan afmælisdaginn,“ upplýsir Hrund en félagið hefur síðustu fimm ár haldið tveggja daga sálfræðiþing í samstarfi við sálfræðideildir við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri. „Þar kynna sálfræðingar og sálfræðinemar rannsóknir og störf, stofnanir kynna störf sín og nýjungar og farið verður yfir víðan völl sálfræðisviðsins sem er mjög breiður.“



„Geðrænn vandi vex stöðugt í vestrænum samfélögum og nú má gera ráð fyrir að á hverju ári þjáist um 10% Íslendinga af lyndis- og kvíðaröskunum,“ segir Hrund Þrándardóttir, formaður Sálfræðingafélags Íslands. MYND/GVA

# Atvinnuleysi háskólamanna er mikið áhyggjuefni

**Hlutfall háskólamenntaðra af atvinnulausum er nú í sögulegu hámarki. Þetta sýna mælingar Vinnumálastofnunar á atvinnuleysi í október 2013. Þar kemur fram að 23% atvinnulausra á Íslandi eru með háskólamenntun. Þetta verður að teljast varhugaverð þróun.**

Þrátt fyrir það hefur dregið verulega úr atvinnuleysi á undanförnum árum. Til að mynda voru 8.592 á atvinnuleysisskrá í október 2012 en ári síðar hefur þeim fækkað í 6.766. Mynd 1 sýnir atvinnuleysi á Íslandi frá janúar 2008 til október 2013 eftir menntun. Þar sést hvernig atvinnuleysi hefur hjaðnað hratt hjá þeim sem minnsta menntun hafa. Atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra hjaðnar mun hægar en þó hefur dregið lítillega úr atvinnuleysi þeirra. Í október voru 1.540 af þeim 6.766 sem voru á atvinnuleysisskrá með háskólamenntun.

Frá aldamótum til ársins 2008 var hlutfall háskólamenntaðra af atvinnulausum á bilinu 7-14% en frá árinu 2008 hefur hlutfallið hægt og bítandi þokast upp á við og hefur sem fyrr segir aldrei verið hærra en nú. Þegar mynd 2 er skoðuð kemur þessi þróun í ljós. Þar sést hvernig hlutfall þeirra sem minnsta menntun hafa hefur minnkað frá því í janúar 2008 á meðan hlutfall háskólamenntaðra hefur vaxið jafnt og þétt.

Þetta getur gefið vísbendingar um að ekki verði til nógu mörg ný störf fyrir háskólamenntaða á vinnumarkaðnum. Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis 18. nóvember síðastliðinn benti Gylfi Zoega, hagfræðingur í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands, á að lágt gengi hér á landi hefði skapað láglaunastörf. Hann nefndi í því samhengi að þótt ferðaþjónustan hefði skapað mörg störf þá væri stór hluti þeirra ekki hálaunastörf fyrir vel menntað fólk.

Þegar gögn Vinnumálastofnunar eru greind frekar kemur í ljós að atvinnuleysi er mest á meðal háskólamenntaðra á félags- og mannvísindasviði. Það sem af er liðið ári hafa að meðaltali 536 háskólamenntaðir á félags- og mannvísindasviði verið atvinnulausir á mánuði. Næst flestir atvinnulausir háskólamenn eru með kennaramenntun en þeir voru að meðaltali 149 atvinnulausir á mánuði það sem af er ári 2013. Þar af eru flestir grunnskólakennarar að mennt eða 67 að meðaltali á mánuði.

### Mest atvinnuleysi á meðal viðskiptafræðinga og lögfræðinga

Ef skoðað er frekar svið félags- og mannvísinda kemur í ljós að atvinnuleysi er mest á meðal viðskiptafræðinga en að meðaltali voru 222 viðskiptafræðingar atvinnulausir á mánuði það sem af er ári 2013.

Þá má sjá að 69 lögfræðingar og 49 markaðsfræðingar hafa að meðaltali verið atvinnulausir á mánuði það sem af er ári.

Þá má sjá að 69 lögfræðingar og 49 markaðsfræðingar hafa að meðaltali verið atvinnulausir á mánuði það sem af er ári.

Á seinni árum hefur mikil áhersla verið lögð á menntun og fleiri hafa sótt í háskólanám en áður tíðkaðist. Menntunarstig í landinu hefur þar af leiðandi hækkað. Sem betur fer því að mennt er jú máttur. Menntun skiptir m.a. máli vegna þess að hún getur stuðlað að tækninýjungum og auðveldað okkur að tileinka okkur tækni og nýjungar annarra þjóða. Til þess að menntun okkar nýtist sem best þarf líflegan vinnumarkað, frjósamt vísindasamfélag og virka fjármagnsmarkaði sem veita þeim frumkvöðlum fjármagn sem líklegastir eru til þess að koma fram með góðar viðskiptahugmyndir.

Hærra menntunarstig er hægt að staðfesta með því að skoða hlutfall háskólamenntaðra af vinnuafli. Samkvæmt gögnum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands hefur hlutfall háskólamenntaðra af vinnuafli aukist jafnt og þétt frá árinu 1991 til 2012, úr 10,82% í 31,09%.

Við getum flest verið sammála um að menntun sé málið. Til að viðhalda menntunarstigi í landinu verður að tryggja að störf séu til reiðu fyrir háskólamenn að námi loknu. Ef svo er ekki getum við þurft að horfa áfram á aukið hlutfall háskólamenntaðra af atvinnulausum eða jafnvel að einstaklingar sem sækja sér háskólamenntun í landinu flytjist á brott og nýti menntun sína til verðmætasköpunar í öðrum löndum. Sú þróun getur verið ansi dýr fyrir íslensk stjórnvöld.

Það er því nokkuð ljóst að mikilvægt er að grípa til aðgerða sem glæða íslenskan vinnumarkað lífi. Mynda hvata og skapa störf fyrir háskólamenntaða sem gerir þeim kleift að nota þekkingu sína til aukinnar verðmætasköpunar á Íslandi.



**Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir**
Hagfræðingur Þjónustuskrifstofu FFS

**Mynd 1** Atvinnuleysi eftir menntun.




**Mynd 2** Atvinnuleysi eftir menntun: Hlutfall af heild.







**Mynd 3** Atvinnulausir háskólamenn eftir menntun.




**Mynd 4** Atvinnulausir háskólamenn á sviði félags- og mannvísinda eftir menntun.

| Ár | Hlutfall | Ár | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 1991 | 10,82% | **2002** | 17,53% |
| 1992 | 10,98% | **2003** | 24,29% |
| 1993 | 11,17% | **2004** | 24,47% |
| 1994 | 11,76% | **2005** | 25,50% |
| 1995 | 12,68% | **2006** | 26,09% |
| 1996 | 13,56% | **2007** | 26,49% |
| 1997 | 13,53% | **2008** | 27,36% |
| 1998 | 13,61% | **2009** | 28,78% |
| 1999 | 14,82% | **2010** | 28,27% |
| 2000 | 14,99% | **2011** | 29,59% |
| 2001 | 15,86% | **2012** | 31,09% |

**Tafla 1** Hlutfall háskólamenntaðra af vinnuafli samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

* Vinnumarkaðurinn eftir kyni, aldri, búsetu og menntun 1991-2012

# Ljósmóðir fegurst starfa og orða

**Ljósmæðrafélag Íslands stendur á gömlum merg. Það var stofnað 2. maí 1919 og fagnar því 95 ára afmæli sínu næsta vor.**

Ljósmóðurstörf hafa verið unnin í einhverri mynd frá upphafi mannkyns. Fyrr á öldum sáu sóknarprestar og meðhjálparar um að velja guðhrædda og skynsama konu til starfans. Fólst starfið þá aðallega í nærveru og stuðningi við verðandi móður og fjölskyldu, í og eftir fæðingu," segir Áslaug Íris Valsdóttir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands.

Formleg menntun ljósmæðra hófst árið 1761 þegar Bjarni Pálsson landlæknir fékk tilskipun um að taka til sín siðsamar konur og veita þeim tilhlýðilega kennslu í ljósmóðurlist og vísindum.

„Þá var ekki algengt að konur kæmust til mennta og ljósmæður eru fyrsta stétt íslenskra kvenna til að hljóta starfsréttindi," útskýrir Áslaug.

Til gamans má geta að fyrir hundrað árum voru árslaun ljósmæðra hjá Reykjavíkurbæ frá 100 til 420 kr. Á sama tíma hafði sótari 2.000 krónur í árslaun og verkfræðingar 2.700 krónur.

„Þótt framfarir hafi orðið í launamálum ljósmæðra á heilli öld er enn full þörf á að bæta kjör þeirra," segir Áslaug. „Í dag er ljósmæðrastéttin á Íslandi eingöngu skipuð konum en nokkrir karlar störfuðu sem ljósfeður fram á tuttugustu öld."

Íslenskar ljósmæður hafa nú í 252 ár notið bestu menntunar sem völ hefur verið á hverju sinni.

„Við stofnun Háskóla Íslands 1911 kom til tals að færa ljósmæðranámið þangað en frá því var fallið og Yfirsetukvennaskólinn var stofnaður 1912. Sá skóli varð síðar Ljósmæðraskóli Íslands og starfaði til ársins 1994," segir Áslaug.

Frá 1996 færðist menntun ljósmæðra í Háskóla Íslands. Inntökuskilyrði eru fjögurra ára nám í hjúkrun sem lýkur með B.S. prófi. Ljósmóðurnámið er síðan tvö ár og lýkur með Candidata Obstetriciorum-gráðu. Ljósmæður ljúka því sex ára háskólanámi til að fá starfsréttindi.

„Ljósmæður hafa góða atvinnumöguleika erlendis og hafa verið eftirsóttar á Norðurlöndum. Nokkur fjöldi þeirra hefur brugðist við ástandinu hér heima með því að sækja þangað. Aðrar starfa sjálfstætt við heimaþjónustu og heimafæðingar," upplýsir Áslaug.

Áslaug segir ljósmæður gleðjast yfir því að starfsheiti þeirra hefur í tvígang verið valið fallegasta íslenska orðið.

„Ljósmóðir var lögfest sem starfsheiti 1924 en kom fyrir á prenti í Guðbrandsbiblíu 1584. Tilgátur eru um uppruna orðsins og ein er sú að skyggnir menn hafi séð ljóshnoðra við naflastreng barns. Hlutverk ljósmóður var að aðstoða ljóshnoðrann við að komast í heiminn; að aðstoða sálina við að sameinast efninu," segir Áslaug.

Hugmyndafræði og störf ljósmæðra byggja á bestu gagnreyndu þekkingu, faglegri reynslu og viðhorfum sem stéttin býr yfir á hverjum tíma.

„Ljósmæður starfa með konum og fjölskyldum þeirra, og sinna þeim á frjósemisskeiði þeirra," segir Áslaug.




Áslaug Íris Valsdóttir er formaður Ljósmæðrafélags Íslands. Í því eru nú 272 kjarnfélagar en samtals eru félagar tæplega 600 ef fagfélagar og Ljósurnar, félagsskapur ljósmæðra 60 ára og eldri, eru taldir með. MYND/GVA

# Félagsráðgjafafélag Íslands 50 ára

**Félagsráðgjafar eru ört vaxandi heilbrigðisstétt á Íslandi. Eitt af hlutverkum þeirra er að aðstoða fólk og fjölskyldur við að fóta sig í gegnum stofnanakerfi nútímans.**



María Rúnarsdóttir er formaður Félagsráðgjafafélags Íslands. MYND/DANÍEL

Fyrstu félagsráðgjafarnir komu heim úr námi á sjötta áratug síðustu aldar og hófu þá störf hjá Reykjavíkurborg við barnavernd, í félagsþjónustu og á Heilsuverndarstöðinni. Á þeim tíma voru þeir aðeins fimm talsins og því fljótlega ljóst að þörf væri á fleiri félagsráðgjöfum," útskýrir María Rúnarsdóttir, formaður Félagsráðgjafafélags Íslands sem stofnað var árið 1964.

„Félagsmenn eru nú um 450 og er félagið fag- og stéttarfélag félagsráðgjafa. Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna, semja um kjör þeirra, efla félagsráðgjöf og koma sjónarmiðum hennar á framfæri," segir María.

Félagsráðgjafi er lögverndað starfsheiti og má enginn kalla sig félagsráðgjafa nema hafa til þess tilskilin leyfi frá landlækni, að loknu fimm ára námi til meistaragráðu í félagsráðgjöf.

„Störf félagsráðgjafa eru ekki lögvernduð nema að takmörkuðu leyti þótt skylt sé að veita félagsráðgjöf á margvíslegum sviðum samfélagsins. Svo tryggja megi faglega þjónustu er stefna Félagsráðgjafafélags Íslands að störf félagsráðgjafa á ákveðnum sviðum skuli vera lögvernduð. Félagsráðgjafar eru eina stéttin sem hefur félagsmálalöggjöf og meðferð barnaverndarmála sem skyldufög í námi sínu, auk klínískrar þjálfunar í viðtalstækni, vinnu með börnum og unglingum, fjölskyldu- og hópavinnu, og meðferð," útskýrir María.

Félagsráðgjafar starfa á margvíslegum sviðum velferðarmála, þar á meðal í félags-, heilbrigðis- og skólaþjónustu, við barnavernd og endurhæfingu, að málefnum fatlaðs fólks, innflytjenda, utangarðsfólks og aldraðra, og við almannatryggingar, stjórnun og stefnumótun.

„Samfélagsþróun gerir að verkum að fólk þarfnast aðstoðar við að fóta sig í gegnum stofnanakerfi nútímans," segir María. „Afleiðingar efnahagshrunsins koma glöggt fram á starfsvettvangi félagsráðgjafa þar sem æ fleiri eru í þörf fyrir félagsráðgjöf vegna fjárhags-, félags- og sálfélagslegs vanda. Hlutverk félagsráðgjafa er að aðstoða fólk við að greiða úr flækjum, veita upplýsingar um réttindi, skyldur og boðleiðir og tryggja að þörfum fólks sé mætt. Þá beitir félagsráðgjafi faglegri þekkingu til að veita ráðgjöf, stuðning og meðferð og kemur að mótun nýrra úrræða sem eiga að tryggja velferð og virkni og auka þannig hagsæld íslensks samfélags," segir María.

Álag í störfum félagsráðgjafa hefur aukist á síðastliðnum árum og þungi mála farið vaxandi.

„Við gerð nýrra kjarasamninga leggur Félagsráðgjafafélag Íslands áherslu á að unnið verði markvisst að því tryggja félagsráðgjöfum viðunandi vinnuaðstæður og að menntun, stjórnsýslu- og fjárhagsleg ábyrgð í störfum félagsráðgjafa sé metin í launum. Þá förum við fram á leiðréttingu grunnlauna og að unnið verði á kynbundnum launamun."

# Þroskaþjálfun og réttindabarátta

**Þroskaþjálfafélag Íslands gerir kröfu um að fatlaðir einstaklingar eigi rétt á faglegri þjónustu þroskaþjálfa.**

Sérstaða þroskaþjálfa er annars vegar víðtæk og hagnýt þekking á sviði stefnumótunar, skipulags og framkvæmdar heildrænnar þjónustu og hins vegar einstaklingsmiðuð þjónusta, óháð aldri og aðstæðum.

Hugmyndafræðin er grundvölluð í lögum, reglugerð og siðareglum þroskaþjálfa. Hún byggir meðal annars á jafnrétti, virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og mannhelgi. Hver manneskja er einstök og á rétt til fullrar þátttöku í samfélaginu á eigin forsendum.

Í hartnær 50 ár hefur réttindabarátta og réttindagæsla verið stór þáttur í starfi þroskaþjálfa og hefur stéttin tekið þátt í að móta þjónustu og ryðja í burt hindrunum í samfélaginu í því skyni að bæta lífsskilyrði, lífsgæði og jafna tækifæri fólks. Stéttin hefur því knúið fram miklar breytingar í málaflokknum og verið leiðandi afl við það gríðarlega mikilvæga verkefni að flytja málaflokkinn frá ríki til sveitarfélaga til að aðgengi að allri þjónustu sé í nærumhverfi fatlaða einstaklingsins líkt og hjá öllum öðrum þegnum landsins.

Ljóst er að þroskaþjálfar eru ráðgefandi sérfræðingar í að móta og innleiða nýjungar í þjónustu. Störfin hafa í gegnum árin breyst gífurlega samfara allri þróun í hugmyndafræði. Jafnframt hefur ábyrgð, álag og meiri kröfur um sérþekkingu aukist en launin endurspegla ekki þá ábyrgð sem felst í starfi þroskaþjálfa.

Þegar horft er til launakönnunar sem gerð var fyrir öll aðildarfélög BHM kemur í ljós að nær helmingur allra þroskaþjálfa hefur starfsfólk beint undir sinni stjórn sem er töluvert hærra hlutfall en hefðbundið er meðal félagsmanna BHM. Auk þess sem ríflega þriðjungur ber fjárhagslega ábyrgð sem er mun hærra en gerist hjá öðrum stéttum innan BHM. Þrátt fyrir þessa ábyrgð eru meðallaun stéttarinnar fyrir febrúar 2013, 100.000 krónum lægri en meðallaun annarra félagsmanna hjá BHM. Beint samhengi er við hlutfall kvenna í fagstéttum og launakjör og því fleiri konur sem eru innan stéttarfélagsins því lægri eru launin. Þroskaþjálfar eru kvennastétt sem vinnur í þjónustu við vanmetinn hóp og skýrir það því miður launakjörin.

Eitt helsta baráttumál Þroskaþjálfafélags Íslands síðastliðinn áratug hefur verið að fá skilgreindar stöður þroskaþjálfa í félagslegri þjónustu, sem og í skólakerfi landsins. Þroskaþjálfi þarf starfsleyfi frá Embætti landlæknis og hefur lögverndað starfsheiti en þrátt fyrir það hefur stéttin ekki lögverndaðar ráðningar. Þroskaþjálfafélag Íslands gerir þá kröfu að fatlað fólk eigi rétt á þjónustu þroskaþjálfa. Slík breyting yrði til þess tryggja að fagþekkingar sé beitt við þjónustu sem er bundin í lög. Mikil þörf er á viðurkenningu á störfum þroskaþjálfa við hlið annarra fagstétta í því velferðar- og menntakerfi sem þjóðin vill bjóða upp á.



Laufey Elísabet Gissurardóttir er formaður Þroskaþjálfafélags Íslands. MYND/GVA

# Félag íslenskra náttúrufræðinga er stéttarfélag og er fyrsti kostur náttúrufræðinga hvort sem þeir starfa á opinberum eða almennum markaði.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga, skammstafað FÍN, var stofnað af nokkrum náttúrufræðingum árið 1955. FÍN er eitt af stærstu aðildarfélögum Bandalags háskólamanna (BHM) sem eru heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði.**
Alls starfa rúm 30% félagsmanna FÍN á almennum markaði og tæp 70% á opinberum markaði, þ.e. hjá ríkinu, sveitarfélögum, sjálfseignastofnunum og öðrum sem hafa gert kjarasamninga við FÍN sem byggja á ríkissamningum.

**Hlutverk félagsins er að stuðla að samvinnu og samheldni náttúrufræðinga á Íslandi og að bæta markvisst kjör félagsmanna sinna.** Félagið annast gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn sína sem félagsmenn greiða atkvæði um.

Aðild að FÍN er háð ákveðnum skilyrðum samkvæmt lögum félagsins. **Þeir geta orðið félagsmenn í FÍN sem hafa lokið bachelor-prófi eða sambærilegri menntun í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum frá háskóla eða hliðstæðum menntastofnunum.** Nemar í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum geta sótt um aukaaðild að félaginu þegar þeir hafa lokið a.m.k. eins árs háskólanámi og ráðnir eru til tímabundinna faglegra starfa. Aukaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi. Umsókn um aðild að félaginu skal vera skrifleg og hægt er að senda inn umsókn í gegnum heimasíðu félagsins www.fin.is, ásamt afriti af prófskírteinum.

**Stjórnarmenn og trúnaðarmenn FÍN eru mjög virkir í félaginu, en stjórn félagsins hittist mánaðarlega og trúnaðarmenn og stjórn tvisvar á ári.** Félagið er skipað 20 stjórnarmönnum og af þeim skipa 5 stjórnarmenn framkvæmdastjórn félagsins. Formaður FÍN heimsækir árlega alla vinnustaði þar sem 5 eða fleiri félagsmenn starfa, en félagsmenn eru út um allt land. Á vinnustaðafundnum fer formaður yfir kjaraumhverfi náttúrufræðinga, launaþróun og ýmis réttindamál.
**Félagið hefur mótað sér stefnu til ársins 2017** og er hún aðgengileg á heimasíðu félagsins. Í þessari stefnu hefur stjórn dregið upp mynd af félaginu eins og stjórnendur FÍN vilja sjá stöðu félagsins árið 2017, unnið er markvisst að og samkvæmt þessari framtíðarsýn.

**FÍN er umhugað að veita persónulega, faglega og góða þjónustu.** Félagið veitir margskonar aðstoð og ýmsa þjónustu. Þar má nefna að félagið aðstoðar félagsmenn við að ná fram rétti sínum ef ekki er staðið við gerða samninga. Félagið kemur ekki beint að persónubundnum ráðningarsamningum, en leiðbeinir félagsmönnum um það sem betur má fara í ráðningarsamningi. Félagið aðstoðar félagsmenn sína við að undirbúa sig undir launaviðtal.

Á skrifstofunni eru þrír starfsmenn í fullu starfi, sem aðstoða félagsmenn FÍN og veita þeim persónulega ráðgjöf sé eftir því leitað. Formaður FÍN er Páll Halldórsson, framkvæmdastjóri FÍN er Maríanna H. Helgadóttir og móttöku- og skjalafulltrúi FÍN er Margrét Rafnsdóttir. Hafið samband við félagið í síma 5955175 eða sendið tölvupóst á netfangið fin@bhm.is ef þú vilt panta viðtal við formann eða framkvæmdastjóra félagsins.

FÍN
Félag íslenskra náttúrufræðinga

Við hvetjum félagsmenn okkar og aðra sem hafa áhuga á félaginu að heimsækja heimasíðu félagsins www.fin.is en þar eru ýmsar upplýsingar um stéttarfélagið.



# Hverjir eru náttúrufræðingar?

## Náttúrufræðingar eru m.a.:

- Arkitektar
- Búfræðikandidatar
- Eðlisfræðingar
- Efnafræðingar
- Erfðafræðingar
- Ferðamálafræðingar
- Fiskifræðingar
- Fornleifafræðingar
- Grasafræðingar
- Jarðeðlisfræðingar
- Jarðfræðingar
- Landfræðingar
- Landslagsarkitektar
- Lífeðlis- og lífefnafræðingar
- Líffræðingar
- Líftæknifræðingar
- Sameindalíffræðingar
- Sjávarlíffræðingar
- Sjávarútvegsfræðingar
- Skógfræðingar
- Stjarneðlisfræðingar
- Stærðfræðingar
- Tölvunarfræðingar
- Umhverfisfræðingar
- Veðurfræðingar
- Vistfræðingar

Við erum stéttarfélag náttúrufræðinga www.fin.is

FÍN
Félag íslenskra náttúrufræðinga

# Auka þarf stéttar-vitund lögfræðinga

Alda Hrönn Jóhannsdóttir er formaður Stéttarfélags lögfræðinga. Félagið er innan BHM með vel á sjötta hundrað félagsmenn og rekur skrifstofu með fjórum öðrum aðildarfélögum.

Það er mjög margt í gangi hjá okkur núna," segir Alda Hrönn. „Við erum að undirbúa okkur fyrir komandi kjarasamninga. Einnig er átak í gangi að fjölga félagsmönnum, sérstaklega af hinum almenna vinnumarkaði, sem hefur gengið vel. Meirihlutinn hefur verið opinberir starfsmenn. Þar utan viljum við auka stéttarfélagsvitund félagsmanna sem okkur hefur ekki þótt nógu mikil," bætir hún við. „Við teljum að samtakamáttur okkar sé bestur ef allir lögmenn séu í félaginu. Sumir þeirra sem starfa á lögmannsstofum eru í VR. Hagsmunum þeirra er betur borgið hjá okkur."

Til að gerast aðili að Stéttarfélagi lögfræðinga þarf að hafa lokið BA-prófi í lögfræði. „Við höfum gert samninga við nemendafélög í háskólum um að kynna starfsemi félagsins fyrir laganemum. Við bjóðum nemaaðild en með skertum réttindum. Það væri gott að ná grasrótinni inn í félagið þannig að vitundin verði meiri hjá komandi kynslóðum. Einnig er fyrirhugað að vinna meira í samstarfi við Lögfræðingafélagið og Lögmannafélagið sem eru fagfélög. Það hefur orðið mikil breyting á lögfræðistéttinni undanfarin ár með fjölgun lagadeilda og þar með meiri fjölda lögfræðinga. Það er mun meira framboð af laganámi hér heldur en þekkist í nágrannalöndum okkar. Vegna þess hefur orðið offramboð af lögfræðingum og við viljum skoða hvort það sé ákjósanlegt.

Félagið er með mikla þjónustu. Fjórir starfsmenn leggja sig fram um að veita hana. Lögfræðingar geta til dæmis fengið aðstoð með ráðningarsamninga og upplýsingar um launakjör og aðstoð ef vandamál koma upp á milli starfsmanns og vinnuveitanda. Félagsmenn hafa aðgang að góðum sjóðum, til dæmis styrktarsjóði, sjúkrasjóði, starfsmenntunarsjóði og orlofssjóði. Einnig er ókeypis fræðsla í boði hjá BHM sem er eingöngu fyrir háskólamenntaða og sniðin að þeirra þörfum. Við viljum gera félagsmenn virkari en þannig náum við bestum árangri."

> **Flestir vilja aukinn kaupmátt, hærri grunnlaun og jöfn laun kynjanna.**

Alda Hrönn hefur verið formaður frá árinu 2008 og segir að margt hafi breyst frá því að hún byrjaði. „Félagið hefur verið í stöðugri þróun. Það var ákveðin stöðnun sem ríkti í hruninu þrátt fyrir að mikil eftirspurn væri eftir lögfræðingum. Sú eftirspurn er ekki lengur fyrir hendi og það er áhyggjuefni. Aldrei hafa fleiri lögfræðingar verið atvinnulausir en núna," segir hún.

„Við höfum gert kannanir meðal félagsmanna og spurt hvað þeir vilji sjá í komandi kjarasamningum. Flestir vilja aukinn kaupmátt, hærri grunnlaun og jöfn laun kynjanna," segir Alda Hrönn og hvetur lögfræðinga til að kynna sér hvað félagið hefur upp á að bjóða.



Alda Hrönn Jóhannesdóttir, formaður Stéttarfélags lögfræðinga, segir að margt sé í gangi hjá félaginu um þessar mundir. MYND/GVA

# Vilja samkeppnis-hæf laun

Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga leggur mesta áherslu á hærri laun hjá hinu opinbera og launajafnrétti kynjanna í komandi kjaraviðræðum. Eins að námslán verði frádráttarbær til skatts til jafns við önnur lán.



Sigrún Guðnadóttir, formaður SBU, segir flesta bókasafns- og upplýsingafræðinga vinna hjá hinu opinbera en laun á almennum markaði eru allt að 20% hærri. MYND/STEFÁN

„Það sem SBU vill leggja mesta áherslu á í komandi kjaraviðræðum er að laun okkar fólks hækki en með áherslu á að styrkja kaupmátt jafnframt því að ná fram launajafnrétti kynjanna. Margir innan okkar félags hafa dregist aftur úr hvað varðar laun þar sem flestir í okkar stétt vinna hjá hinu opinbera en laun á almennum markaði eru allt að 20% hærri. Við teljum nauðsynlegt að þeir sem leggja á sig langt nám í háskóla eigi að njóta samkeppnishæfra launa.

Það er mikil breyting í starfsþróun stéttarinnar, áður fyrr voru flestir með okkar menntun að vinna á bókasöfnum en í dag vinnur meirihlutinn við skjalastjórn, stjórnun á upplýsingum og miðlun þeirra. Við viljum gera okkar stétt meira gildandi í þessum störfum og viljum stefna að því að fólk með okkar menntun sé það fyrsta sem atvinnurekendum dettur í hug þegar kemur að þessum störfum.

Einnig viljum við sjá að réttur til námsleyfa sem nú er í samningum við ríkið verði einnig í samningum við sveitarfélög ásamt við almenna markaðinn. Það er mikill munur á að eiga rétt á að sækja um námsleyfi eða að hafa rétt á námsleyfi.

> **Stór hluti háskólamenntaðra greiðir af námslánum en hefur ekki fengið þau lán virt í aðgerðum vegna skuldsetningar né við útreikninga á heildarskuldum. Okkur finnst að þau eigi að vera frádráttarbær til skatts til jafns við önnur lán.**

Stór hluti háskólamenntaðra greiðir af námslánum en hefur ekki fengið þau lán virt í aðgerðum vegna skuldsetningar né við útreikninga á heildarskuldum. Okkur finnst að þau eigi að vera frádráttarbær til skatts til jafns við önnur lán. Einnig að af þeim reiknist vaxtabætur, að þau verði tekin með í eignastöðu við þær aðgerðir hjá hinu opinbera vegna skuldsetningar hjá almenningi. Námslán eru ekki frábrugðin öðrum lánum, af þeim þarf að greiða."

# Háskólamenntun í forgrunni

**Fræðagarður er stéttarfélag fólks sem lokið hefur að lágmarki BA eða BS prófi eða ígildi þess. Félagið hefur vaxið mikið síðustu ár og er nú orðið stærsta félagið innan BHM.**

Við erum Félag háskólamenntaðra. Félagið er ólíkt öllum öðrum félögum sem eru undir hatti BHM þar sem við erum með þverskurðinn af öllu háskólamenntuðu fólki,“ segir Bragi Skúlason, sjúkrahúsprestur og formaður stéttarfélagsins Fræðagarðs. „Okkar félagsmenn geta verið með nánast hvaða starfsheiti sem er og starfa hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði,“ lýsir Bragi en Fræðagarður hefur vaxið mikið síðustu ár og er nú orðið stærsta félagið innan BHM með hátt í 1.400 félagsmenn. Næst á dagskrá er að stofna fleiri fagdeildir innan félagsins, en talmeinafræðingar hafa þegar stofnað slíka deild.

Bragi segir félagsmenn Fræðagarðs vera fólk sem hefur aflað sér fullrar menntunar og starfsréttinda og kjósi að vera í félaginu þar sem haldið sé utan um þversniðið af háskólafólki. „Svo er einnig eitthvað um að fólk með BA- eða BS-gráður komi til okkar meðan það aflar sér starfsréttinda sem rúmast innan annarra aðildarfélaga og færir sig síðan þangað þegar full réttindi eru fengin,“ segir Bragi.



Stjórn Fræðagarðs. Frá vinstri: Kalman le Sage Fontenay ritari, Birna Bjarnadóttir varaformaður, Ragnar Karl Jóhannsson varamaður, Helga Björg Kolbeinsdóttir gjaldkeri, Bragi Skúlason formaður og Auður Sigrúnardóttir meðstjórnandi. MYND/STEFÁN

### Persónuleg þjónusta við félagsmenn

Fræðagarður leggur höfuðáherslu á að veita persónulega þjónustu að sögn Braga. „Það birtist í hlutum eins og því að við erum með öfluga þjónustuskrifstofu, vera með heimasíðu með greinargóðum upplýsingum um kaup og kjör og ekki síst í því að fólk geti hringt inn ef það er með spurningar og komið í viðtöl ef erfiðleikar koma upp,“ segir Bragi. Þá tryggi Fræðagarður félagsmönnum sínum aðgang að lögfræðiaðstoð ef fólk lendir í þannig erfiðleikum að það sé eina lausnin. „Bæði höfum við aðgang að lögfræðingi BHM auk þess sem við erum með sérsamning við lögfræðing sjálf, til að mæta slíkum þörfum.“

Bragi segir umhverfi háskólamenntaðra hafa breyst nokkuð eftir hrun. „Við sjáum ýmis ný vandamál. Til dæmis er atvinnuleysi hjá háskólamenntuðum sem við sáum aldrei áður. Við sjáum líka tölvuverðan hóp sem fer einfaldlega úr landi því hann sér sig ekki á vinnumarkaði hérna. Mér finnst mjög áberandi að yngra fólk spáir meira í því að fara til útlanda en var áður,“ segir Bragi og telur aðgerða þörf.

### Þörf á meiri umræðu um stöðu háskólamenntunar

„Eitt af því sem gert var eftir hrun var að hvetja fólk til að afla sér meiri menntunar. Nú er margt af því fólki að útskrifast en tækifærin hafa ekkert aukist,“ segir Bragi og telur mikla þörf á umræðu um stöðu og framtíð háskólamenntunar. „Við viljum sjá fleiri tækifæri, meiri nýsköpun auk einhverrar opinberrar stefnu sem beinist að háskólamenntuðum,“ segir Bragi og bendir á að flest af því sem hefur heitið atvinnuátak hafi beinst að allt öðrum stéttum en þeim sem eru með háskólamenntun á bak við sig.

„Við stöndum frammi fyrir því að ekkert hefur gengið varðandi fyrirheit opinberra aðila um kynbundinn launamun. Við hljótum því að gera þær kröfur að þessum málum verði sinnt,“ segir Bragi og telur klárt að ræða verði um stöðu háskólamenntunar í landinu. „Það var allt of lítið rætt um menntamál fyrir kosningarnar í vor þrátt fyrir þá staðreynd að nauðsynlegt er að huga að því hver sé framtíð menntunar í landinu, tengslum á milli skólastiga, breyttu starfsumhverfi háskólastétta og svo mætti lengi telja.“

### Háskólamenntaðir hafa setið eftir

Kjarasamningar eru lausir í vetur og því barátta fram undan. „BHM hefur komið inn í þá umræðu með öðrum aðilum vinnumarkaðarins en enn er ekki alveg ljóst hvert verður stefnt,“ segir Bragi. Fræðagarður var með sérstaka könnun innan félagsins. „Þar kom í ljós að mjög stór hópur í okkar félagi vill sjá launahækkun og varðveislu kaupmáttar en vill líka sjá jafnrétti til launa,“ upplýsir Bragi. Jafnrétti til launa er þannig eitt af meginbaráttumálum Fræðagarðs.

Bragi segir háskólafólk ekki hafa farið vel út úr þjóðarsáttinni síðustu og ríkið stóð ekki við sinn hluta af stöðugleikasáttmálanum, þótt háskólafólk hafi staðið við sína hlið á honum. „Til dæmis er enn fullur skattur af flestöllu sem heitir greiðslur úr sjóðum,“ segir hann og telur að tryggja þurfi réttindi mun betur en nú er gert. „Við höfum leitað til systurfélaga okkar í Skandinavíu og séð að þar eru hlutir með allt öðrum hætti og samningar unnir allt öðruvísi en hér. Þar er samstarf í miklu fastari farvegi en hefur tíðkast á íslenskum vinnumarkaði,“ segir Bragi. Hann segir vel mega gagnrýna háskólasamfélagið fyrir að vera of þolinmótt og að það hafi ekki verið með miklar aðgerðir. „En það kemur að því að menn brestur þolinmæðin ef ekkert er að gert.“

## *Fræðslusjóður Fræðagarðs*

Fræðslu- og ráðstefnusjóður Fræðagarðs er verkefnasjóður sem settur var á fót árið 2010. „Hann er hugsaður til að styrkja okkar fólk með fræðslu og ráðstefnum,“ segir Helga Kolbeinsdóttir, gjaldkeri Fræðagarðs og formaður Fræðslu- og ráðstefnusjóðsins. Forsvarsmenn sjóðsins hafa unnið út frá könnun sem lögð var fyrir félagsmenn Fræðagarðs árið 2010. „Þar voru þeir spurðir hvaða fræðsla myndi höfða mest til þeirra,“ segir Helga en einnig hefur verið tekið tillit til tillagna sem komu fram í landsbyggðarátaki sem félagið réðst í á vormánuðum 2013. „Þar töluðum við við félagsmenn á landsbyggðinni og þeir komu með ábendingar um þá fræðslu sem þeir væru til í að sjá hjá okkur,“ lýsir hún. Auk þess eru tekin fyrir málefni sem brenna á fólki á hverjum tíma.



„Sjóðurinn hefur staðið fyrir fræðslu um málefni á borð við lífeyrismál, sparnað, hvernig eigi að óska eftir launahækkun og hvernig bregðast megi við breytingum á vinnustöðum,“ segir Helga. MYND/GVA

### Endurgjaldslaus aðgangur

„Sjóðurinn hefur staðið fyrir fræðslu um málefni á borð við lífeyrismál, sparnað, hvernig eigi að óska eftir launahækkun og hvernig bregðast megi við breytingum á vinnustöðum,“ segir Helga en sjóðurinn hefur staðið fyrir tveimur ráðstefnum, annarri í samvinnu við háskólaprófessora. Báðar fjölluðu um gildi háskólamenntunar frá ýmsum sjónarhornum. „Í næstu viku verður sjóðurinn með fræðslu um lífeyrissjóði en í janúar mun Ingrid Kuhlman vera með vinnusmiðju um hvernig takast eigi á við breytingar sem verði á vinnustöðum,“ segir Helga og telur það málefni eiga afar vel við í samfélaginu í dag.

Aðgangur að allri fræðslu og ráðstefnum sjóðsins hefur verið endurgjaldslaus. „Enda viljum við veg okkar félagsmanna sem mestan,“ segir Helga.

### Félagsmenn geta sótt um styrk

Á næsta ári, 2014, hrindir sjóðurinn af stað tilraunaverkefni. „Um er að ræða styrktarleið þar sem félagsmenn geta sótt um styrk fyrir símenntun og fræðslu á háskólastigi,“ útskýrir Helga en þegar er búið að leggja fjórar milljónir í þetta verkefni. „Okkur langar með þessu að vita hvort þörf er fyrir slíkan sjóð,“ segir Helga en engar skorður eru settar um umsóknir. „Þetta getur til dæmis verið leið fyrir fólk að sækja um styrk til fræðslu og náms sem tengist ekki sérstaklega núverandi vinnu þess,“ segir Helga og bendir á að þetta sé góð leið fyrir einstaklinga að efla sig hvort sem er í starfi eða lífi.


FRÆÐAGARÐUR
The Union of University Graduates

NEMAR GETA FENGIÐ AÐILD AÐ FRÆÐAGARÐI

**Nemaaðild að Fræðagarði gefur rétt til þátttöku í félagsstarfi félagsins**, m.a. fræðslu- og ráðstefnustarfi. Nemar geta komið málefnum háskólanáms síns að hjá Fræðagarði og fengið þar umfjöllun. Félagið vill huga að umhverfi háskólanáms og velferð nema á háskólastigi og eiga reglulegt samtal við nemahópa.

**Við viljum undirbúa þá nema sem að afloknu námi sækja út á vinnumarkaðinn** undir atvinnuviðtöl og framsetningu á launakröfum. Enn fremur vill félagið efla símenntunartækifæri félagsmanna sinna og eflingu þeirra í starfi.

ÓHÁÐ STARFSVETTVANGI

**Félagsaðild í Fræðagarði er óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.** Fræðagarður er í forsvari fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga og gætir kjaralegra hagsmuna þeirra í hvívetna. Félagið leggur áherslu á mikilvægi símenntunar og vill stuðla að jákvæðri umræðu um þátt háskólamenntaðra starfsmanna í uppbyggingu samfélagsins. Enn fremur er félagið vettvangur fyrir umræðu um innihald og framgang háskólamenntunar í landinu.

**Á síðustu árum hefur Fræðagarður vaxið hratt** og hvað hraðast hefur vaxið sá hópur félagsmanna sem vinna á almennum vinnumarkaði. Við teljum vaxtarmöguleika okkar vera áfram mikla þar, en til að atvinnulífið í landinu komist vel á veg er nauðsynlegt að huga að nýsköpunartækifærum háskólamenntaðra starfsmanna.

FRÆÐAGARÐUR

**Fræðagarður**
**Borgartúni 6, 3. hæð.**
**105 Reykjavík**
**Sími 595-5165**
**fraedagardur@fraedagardur.is**

# Starfsmannavelta er dýrkeypt

Starfsmannavelta í **Stjórnarráðinu** er viðvarandi vandamál, 56% háskólamenntaðra starfsmanna innan ráðuneyta hafa starfað skemur en fjögur ár. Mikilvægt er að huga að skipulagi starfsmannamála innan Stjórnarráðsins.

Tilefni stofnunar Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) 23. ágúst 1973 var hin breytta skipan aðildar að kjarasamningum opinberra starfsmanna með lögum 46/1973. Kjaralega töldu háskólamenn innan Stjórnarráðsins að þeir ættu meira sameiginlegt innbyrðis, sökum eðlislíkra starfa, heldur en aðilar með sömu menntun annars staðar í ríkiskerfinu. Í dag hefur félagið á að skipa um 550 félagsmönnum sem starfa á 19 vinnustöðum, þar af um 75% í Stjórnarráðinu. Félagið er sjötta til sjöunda stærsta félagið innan BHM.

### Bætt þjónusta

Árið 2008 jókst þörfin eftir þjónustu FHSS meðal félagsmanna. Starfsumhverfi félagsmanna var óstöðugt og tók miklum breytingum vegna hagræðingarkrafna, sameininga ráðuneyta og tilfærslu á verkefnum milli ráðuneyta og stofnana. Ágreiningsmál urðu algengari og deilur milli starfsmanna og atvinnurekenda urðu flóknari og algengara var að vinnuveitendur brytu ákvæði gerðra stofnanasamninga. Í kjarabaráttu er samstaða og samvinna stór hluti af því að árangur náist. Mikilvægt er að skapa styrkan grundvöll öflugs félags til að styðja við félagsmenn. Stjórn FHSS hefur unnið að því að styrkja stoðirnar og efla tengslin við félagsmenn. Þann 1. júlí 2013 gerðist FHSS aðili að samningi fimm aðildarstéttarfélaga BHM, um samstarf og rekstur sameiginlegrar þjónustuskrifstofu fyrir félagsmenn. Með aðild að rekstri þjónustuskrifstofu er leitast við að styrkja þjónustu við félagsmenn FHSS og efla faglegt samstarf í málefnavinnu og kjarabaráttu félagsins. Samstarfið gefur strax góða raun og félagsmenn nýta sér þjónustuna í síauknum mæli.

### Sérstaða

Í skýrslu forsætisráðherra, „Samhent stjórnsýsla“, sem kom út í desember 2010, kemur fram að sérstaklega þurfi að huga að mannauðsmálum innan Stjórnarráðsins. Mikilvægt sé að hugað verði að grundvallaratriðum svo sem starfsþróun starfsmanna, endurmenntun, starfsumhverfi, starfskjörum og fleira. Athygli er vakin á því að starfsmannavelta háskólamenntaðra starfsmanna innan Stjórnarráðsins sé hærri en annarra ríkisstarfsmanna. Þeir staldra stutt við í starfi og hafa 56% háskólamenntaðra starfað hjá Stjórnarráðinu í fjögur ár eða skemur og kom einnig fram að há velta á háskólamenntuðum starfsmönnum virðist vera viðvarandi vandamál í Stjórnarráðinu. Þessi starfsmannavelta er dýrkeypt þar sem með hverjum sérhæfðum starfsmanni glatast dýrmæt þekking og reynsla.

### Launalækkanir

Um miðjan ágúst 2009, samþykkti þáverandi ríkisstjórn tillögu fjármálaráðherra þess efnis að laun starfsmanna Stjórnarráðsins sem hefðu heildarlaun yfir fjögur hundruð þúsund krónur á mánuði skyldu lækkuð með einhliða ákvörðun hvers ráðuneytis um 3-10%. Vert er að geta þess að starfsmenn Stjórnarráðsins eru 2-3% af starfsmönnum hins opinbera. Umræddar skerðingar tóku gildi í janúar 2010 og voru í mótsögn við stöðugleikasáttmálann frá 25. júní 2009. Samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna 94/1986 er starfsmönnum Stjórnarráðsins óheimilt að fara í verkfall. Ákvæði laganna undirstrikar að störf í Stjórnarráðinu eru það mikilvæg samfélaginu að koma verði í veg fyrir að nokkur röskun verði á starfsemi þess.

Í kjarasamningum undirrituðum 6. júní 2011, 18 mánuðum síðar, var samið um að þær skerðingar gengju til baka eigi síðar en fyrir lok ársins.

### Fram á veg

Um þessar mundir er unnið við undirbúning og kröfugerð vegna nýrra kjarasamninga. Í lok október 2013 var send út spurningakönnun til félagsmanna um áherslur þeirra í komandi kjarasamningum. Niðurstöður hennar sýna að félagsmenn telja aukinn kaupmátt og beinar launahækkanir mikilvægustu áhersluatriðin ásamt því að vinna að launajafnrétti kynjanna. Samkvæmt niðurstöðum kjarakönnunar í ágúst 2013 er óleiðréttur kynbundinn launamunur félagsmanna FHSS 8,8% í febrúar 2013. Margt hefur áunnist á síðustu árum og að mörgu er að vinna. Róðurinn hefur verið erfiður í ýmsum málum en oftar en ekki nást fram kjarabætur fyrir félagsmenn.



Stjórn FHSS: Oddur Einarsson gjaldkeri, Hanna Dóra Hólm Másdóttir formaður, Pétur Berg Matthíasson varaformaður. Á myndina vantar Gunnar Alexander Ólafsson ritara og Arnór Snæbjörnsson vefstjóra. MYND/PJETUR

# Áhersla á verðmæti og gildi háskólamenntunar

**Halldór Valur Pálsson** er formaður Félags íslenskra félagsvísindamanna. Mikil fjölgun hefur orðið á félagsmönnum á undanförnum árum.

„Við lítum svo á að hlutverk félagsins sé að standa vörð um þau verðmæti sem felast í menntun félagsmanna og að koma á gagnkvæmum skilningi milli háskólamenntaðra félagsvísindamanna og vinnuveitenda um að menntunin sé metin til launa.“ segir Halldór Valur.

„Fólk sækir í auknum mæli í öryggi þess að vera í stéttarfélagi og nú eru félagsmenn orðnir yfir tvö hundruð,“ segir Halldór Valur. „Við erum með öflugt en lítið félag sem sinnir sínu fólki á persónulegan hátt.

Miðað við marga aðra hópa eru ágætis laun meðal félagsmanna en staða okkar hefur hins vegar versnað í takt við aðra millitekjuhópa og nauðsynlegt er að fá leiðréttingar á þeim aðgerðum sem við urðum fyrir í kjölfar efnahagshrunsins. Þá höfum við lagt áherslu á að halda félagsgjöldum í lágmarki en réttindin eru engu að síður talsverð, ekki síst í gegnum sjóðakerfi BHM. Skrifstofan er rekin á hagkvæman hátt í samstarfi við fjögur önnur aðildarfélög í Borgartúni 6 og er opin alla virka daga,“ segir Halldór Valur.

„Eins og nafn félagsins bendir til er það hagsmunafélag allra félagsvísindamanna. Rétt til inngöngu hafa allir sem hafa lokið viðurkenndu lokaprófi á háskólastigi í félagsvísindum eða hliðstæðum greinum eða starfa sem sérfræðingar á sviði félagsvísinda. Ég get nefnt félagsfræðinga, stjórnmálafræðinga, mannfræðinga og aðra þá sem eru með fullgilt félagsvísindapróf.“

Umfangsmesta verkefni félagsins á þessum tímapunkti er undirbúningur nýrra kjarasamninga. Þar er mótun kröfugerðar auðvitað mjög áberandi. Þessir samningar geta orðið mjög mótandi fyrir framtíðina og við höfum lagt áherslu á að fá sem mesta aðkomu félagsmanna að undirbúningi þeirra. Við gerðum til dæmis könnun nýlega meðal félagsmanna okkar til að spyrjast fyrir um hvaða atriði þeir vilja leggja áherslu á í komandi kjarasamningunum. Langflestir vilja aukinn kaupmátt launa en mikill vilji er sömuleiðis fyrir bættu launajafnrétti kynjanna og beinum launahækkunum. Á nýju ári verður farið í gerð kjarasamninga en undirbúningur vegna þeirra er í fullum gangi og fer fram í nánu samstarfi við önnur aðildarfélög BHM,“ segir Halldór Valur enn fremur.

Halldór Valur hefur starfað sem formaður í tvö ár en þar áður sat hann í stjórn frá 2009. Hann segir að það hafi komið sér á óvart hvað félagsmönnum hafi fjölgað mikið á undanförnum árum. „Við höfum verið í markvissu kynningarátaki undanfarin ár og starfsmenn á almennum vinnumarkaði hafa í auknum mæli sótt um aðild að félaginu og litið á það sem öryggi fyrir sig að vera í því. Áður voru opinberir starfsmenn í miklum meirihluta. Það er í takt við stefnu okkar að sem flestir á almennum vinnumarkaði sjái sér betur borgið innan félagsins. Félagar starfa á ólíkum sviðum, sérfræðingar og stjórnendur hjá ýmsum ríkisstofnunum, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum og á einkamarkaðnum starfa félagsmenn við rannsóknir, í tryggingafyrirtækjum, upplýsingageiranum og í almannatengslum, svo eitthvað sé nefnt. Við höfum orðið vör við hugarfarsbreytingu hjá fólki í garð félagsins. Það er mikið öryggi fyrir fólk að vera í stéttarfélögum, lögin tryggja félagsmönnum lágmarksréttindi án þess að skerða möguleika þeirra á bættum kjörum umfram það.“

Til að sækja um aðild er nóg að senda tölvupóst á fif@bhm.is.



fíf félag íslenskra félagsvísindamanna

Halldór Valur Pálsson segir að mikil aukning hafi orðið hjá félaginu frá hruni. MYND/GVA







MYNDIR/ARI MAGG



MYNDIR/ARI MAGG

# Hljómsveit allra landsmanna

Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) er eitt af flaggskipum íslenskrar menningar. Verkefni hljómsveitarinnar eru margvísleg, jafnt á sviði Hörpu og úti í þjóðfélaginu. Hljómsveitin heldur tónleika úti á landi, í skólum og á sjúkrastofnunum. Tónleikagestum hefur fjölgað frá ári til árs og öflugt fræðslustarf fer fram á vegum sveitarinnar.

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð vorið 1950 og hefur um árabil verið í fremstu röð sinfóníuhljómsveita á Norðurlöndum. Hljómsveitin hefur fengið afbragðs dóma, jafnt fyrir hljóðritanir sínar og tónleika heima og erlendis. Hljómsveitarmeðlimir eiga allir að baki langt framhaldsnám, að sögn Margrétar Þorsteinsdóttur, formanns starfsmannafélagsins og fiðluleikara í hljómsveitinni, og Rúnars Óskarssonar, klarínettuleikara og fyrrverandi formanns samninganefndar hennar. „Hér er um hámenntað fólk að ræða sem auk formlegrar menntunar sinnar hefur stundað hljóðfæraleik frá blautu barnsbeini. Það ákveður enginn eftir stúdentspróf að drífa sig í tónlistarháskóla," segir Margét.

Á Íslandi eru fjölmargir aðrir vel menntaðir tónlistarmenn sem starfa í ólíkum geirum. „Tónlistarskólar landsins vinna mjög mikið og gott uppeldisstarf sem gefur af sér gróskumikið tónlistarlíf og marga tónlistarunnendur. Hver tónlistarmaðurinn á fætur öðrum kemur fram á sjónarsviðið og hljómsveitir. Hvaðan heldur fólk til dæmis að hljómsveit eins og Of Monsters and Men sé sprottin? Auðvitað úr tónlistarskólum landsins." Eitt af því sem gerir lönd byggileg er menning þeirra og snar þáttur hennar er tónlist. Ísland er þar engin undantekning.

## Krefjandi og skemmtilegt starf

Launataxtar ríkisins byggja að miklu leyti á menntun en þrátt fyrir það hafa laun hljómsveitarmeðlima ekki hækkað í samræmi við laun annarra menntamanna undanfarin ár. Rúnar segir hljóðfæraleikara alltaf hafa staðið í basli við að fá menntun sína metna þannig að þeir fái sambærileg laun og aðrir sérfræðingar ríkisins með framhaldsmenntun. „Okkur finnst eins og margir haldi að þetta sé ekki alvöru menntun og finnum fyrir miklu skilningsleysi á því hvað þarf til að sinna þessu starfi. Þeir sem hefja störf hér eru atvinnumenn frá fyrsta degi og skila fullum afköstum strax. Um hverja stöðu í SÍ er keppt, störfin eru auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Í hæfnisprófi er leikið á bak við tjald svo fyllsta jafnræðis sé gætt."

Að sögn þeirra ríkir lítill skilningur hjá samninganefnd ríkisins þegar kemur að kjaraviðræðum. „Það er vægt til orða tekið að segja að lítill skilningur ríki þar á bæ. Kjarasamningar SÍ eru öðruvísi en annarra starfsstétta að því leyti að við erum með samning þar sem allt er innifalið í grunnlaunum. Á meðan aðrar stéttir fá greiddar álagsgreiðslur fyrir störf utan dagvinnutíma hefur verið erfitt fyrir okkur að sækja þær greiðslur." Þannig eru heildarlaun hljóðfæraleikara að þeirra sögn þau sömu og grunnlaun, ólíkt flestum starfsstéttum. „Auk þess æfum við okkur heima á ólíklegustu tímum, á kvöldin og um helgar, og er það líka innifalið í grunnlaunum okkar. Við stimplum okkur nefnilega ekki inn og út eins og margar aðrar starfsstéttir. Þetta er meðal þess sem við höfum reynt að koma samninganefndinni í skilning um, þetta er mjög sérhæft starf og ólíkt flestum öðrum störfum. En þegar best



Að sögn Margrétar Þorsteinsdóttur, formanns starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og Rúnars Óskarssonar, fyrrverandi formanns samninganefndar hennar, ríkir lítill skilningur hjá samninganefnd ríkisins þegar kemur að kjaraviðræðum. MYND/GVA

tekst til og hljómsveitin nær góðu flugi fyrir fullu húsi áheyrenda, þá er fátt skemmtilegra."

## Stöðug sókn

Vorið 2011 varð Harpa heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Aðsókn á tónleika hennar hefur tvöfaldast frá því sem var starfsárið 2008-2009 sem skýrist að hluta til með flutningi sveitarinnar í Hörpu en ekki síður öflugu kynningarátaki sem ráðist var í á þessum tíma. Meðalaldur tónleikagesta hefur lækkað töluvert og má því búast við áframhaldandi fjölgun tónleikagesta næstu misseri. Á síðasta starfsári komu tæplega 70.000 gestir á yfir sjötíu tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Fyrir utan æfingar og tónleika er starfsemi Sinfóníunnar mjög fjölbreytt. „Við höldum úti mjög viðamiklu fræðslustarfi sem stendur á gömlum merg þar sem áhersla er lögð á gæði og fjölbreytta miðlun. „Í vetur verður boðið upp á hinar vinsælu og skemmtilegu Barnastundir sem ætlaðar eru yngstu hlustendunum og opnar æfingar fyrir framhaldsskóla- og tónlistarnema. Hljómsveitin heimsækir skóla og umönnunarstofnanir og eldri borgurum er boðið í heimsókn. Maxímús verður fastagestur í Barnastundum vetrarins og kemur reglulega fram á tónleikum Litla tónsprotans, sem er áskriftarröð sérstaklega ætluð barnafjölskyldum." Tónlistarmenn framtíðarinnar spila með Ungsveit SÍ auk þess sem ungir einleikarar keppa árlega um að koma fram á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. „Svo má ekki gleyma þátttöku okkar í hinum ýmsu popptónleikum undanfarin ár þar sem við höfum spilað með mörgum af þekktustu og vinsælustu popptónlistarmönnum landsins. Í næstu viku mun hljómsveitin til að mynda að spila á þrennum tónleikum með hljómsveitinni Skálmöld. Þetta er sem sagt hluti af því sem er í verkahring okkar, hljómsveitar allra landsmanna."

# Mikilvægir hlekkir í heilbrigðisþjónustunni

Þjónustuskrifstofa SIGL er rekin af fjórum aðildarfélögum BHM. Þetta eru Félag sjúkraþjálfara, Iðjuþjálfafélag Íslands, Félag geislafræðinga og Félag lífeindafræðinga. Þessi félög eiga það sameiginlegt að þeim tilheyra heilbrigðisstéttir með sérhæfða þekkingu sem eru afar mikilvægir hlekkir í heilbrigðisþjónustunni. Tvö þeirra, félög sjúkraþjálfara og iðjuþjálfa, starfa náið að heilsueflingu og endurhæfingu skjólstæðinga sinna en geisla- og lífeindafræðingar starfa að rannsóknarstörfum.

## Vaxandi stétt

Iðjuþjálfar láta til sín taka á ýmsum sviðum og hafa meðal annars sett á laggirnar úrræði eins og Ljósið – miðstöð fyrir krabbameinsgreinda, Hugarafl og Hlutverkasetur.

Iðjuþjálfafélag Íslands var stofnað í mars 1976 og voru félagar þá tíu talsins. Í dag eru þeir um 280. Markmið og meginviðfangsefni félagsins eru:

- Að gæta hagsmuna iðjuþjálfa og efla samvinnu og samheldni innan stéttarinnar
- Að efla þróun og standa vörð um gæði iðjuþjálfunar á Íslandi
- Að stuðla að bættri menntun og aukinni faglegri vitund iðjuþjálfa
- Að efla samstarf við iðjuþjálfa erlendis og tengsl við hliðstæða starfshópa innanlands sem utan
- Að kynna menntun og starf iðjuþjálfa
- Að vinna að heilbrigði landsmanna

Iðjuþjálfun er afar fjölbreytt fag og er vaxandi stétt um allan heim. Starfsvettvangur iðjuþjálfa er að mestu á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála en með fleiri starfandi iðjuþjálfum hér á landi hefur starfsvettvangur þeirra breyst og breikkað í samræmi við þá fjölgun sem verður. Iðjuþjálfar láta til sín taka á ýmsum sviðum og hafa með hugviti sínu og hugmyndaauðgi sett á laggirnar úrræði eins og Ljósið – miðstöð fyrir krabbameinsgreinda, Hugarafl og Hlutverkasetur. Þessi úrræði hafa sannað sig og eru nú þegar mikilvæg fyrir samfélagið.

Helsta verkfæri iðjuþjálfa er iðjan sjálf sem fólk stundar en þá er átt við allt það sem einstaklingar á öllum aldri gera í sínu daglega lífi, t.d. í þeim tilgangi að annast sig og sína, vinna ýmis störf er nýtast samfélaginu, stunda nám og njóta þess sem lífið hefur að bjóða. Þó að þessi viðfangsefni virðist einföld fyrir marga, þá geta þau verið erfið og jafnvel óyfirstíganleg fyrir aðra sem hafa e.t.v. ekki þroskast eðlilega, tapað fyrri færni, hafa fengið sjúkdóma, eru komnir á efri ár eða hafa orðið fyrir áföllum af einhverju tagi.



Ósk Sigurðardóttir, formaður Iðjuþjálfafélags Íslands.

Með sérþekkingu sinni setja iðjuþjálfar fram góðar og ódýrar lausnir sem geta skipt sköpum við að auka sjálfsbjargargetu fólks. Tenging við úrræði í samfélaginu er einnig mikilvægur hluti af starfi iðjuþjálfa en markmiðið er að einstaklingar geti betur tekist á við daglegt líf sem er þeim og samfélaginu mikilvægt.

## Fag í örri þróun

Nýjar rannsóknaraðferðir innan geislafræðinnar hafa aukið greiningarmöguleika til muna og er fagið í örri þróun.

Félag geislafræðinga var stofnað árið 1972 og er 41 árs. Það er bæði fag- og stéttarfélag. Félagar með fagaðild eru 145 og stéttarfélagar eru 114.

Starfssvið geislafræðinga er framkvæmd læknisfræðilegra myndgreininga rannsókna og undirbúningur og framkvæmd geislameðferðar.

Þróun fagsins hefur verið mikil undanfarna áratugi en röntgengeislinn var uppgötvaður árið 1895 og er því 118 ára. Uppgötvun hans var ein af stóru uppfinningunum í læknisfræðinni og hefur þróun verið mikil allar götur síðan. Með tilkomu tölvutækni opnuðust nýjar víddir og möguleikar sem aldrei fyrr. Þá urðu rannsóknir starfrænar en áður voru þær festar á filmur og framkallaðar.

Í kjölfar þess hafa þróast nýjar rannsóknaraðferðir sem eru til dæmis tölvusneiðmyndir og segulómun. Nýjar rannsóknaraðferðir hafa aukið mjög greiningarmöguleika og er nú hægt að greina mun fleira og mun fyrr með myndgreiningarrannsóknum en áður.

Öll vinnsla er nákvæmari og öruggari og tækifæri til þróunar eru mikil.

Á sama tíma er þróun fagsins geislafræði og starfssvið geislafræðinga í heiminum vaxandi. Í upphafi voru geislafræðingar nokkurs konar aðstoðarmenn lækna en nú til dags vinna geislafræðingar störf sín sjálfstætt og eru sjálfstæð heilbrigðisstétt. Auk framkvæmda og vinnslu myndgreiningarrannsókna sjá geislafræðingar víða í heiminum í stöðugt vaxandi mæli um að lesa úr tilteknum myndgreiningarrannsóknum.



Katrín Sigurðardóttir, formaður Félags geislafræðinga.

Geislafræði er kennd í Háskóla Íslands og er fjögurra ára nám, þriggja ára grunnnám til BS-gráðu í geislafræði og eitt ár á meistarastigi til starfsleyfis sem geislafræðingur.

## Lykill að lækningu

Lífeindafræðingar koma víða við í þjóðfélaginu. Aðsókn í í lífeindafræði við HÍ hefur aukist gífurlega síðustu ár.

Félag lífeindafræðinga varð 46 ára á þessu ári en lífeindafræðingar hafa í nær hálfa öld staðið fyrir rannsóknarvinnu til heilla almenningi. Við tölum gjarnan um okkur og okkar störf sem „lykil að lækningu“ því margar sjúkdómsgreiningar eru m.a. byggðar á rannsóknarniðurstöðum frá okkur,“ segir Arna Auður Antonsdóttir, formaður Félags lífeindafræðinga.

Lífeindafræðingar koma víða við í þjóðfélaginu, í Háskóla Íslands eru kenndar 12-14 greinar undir hatti lífeindafræðinnar bæði sem sérgreinar og þverfagleg námskeið. Námið tekur fjögur ár í HÍ, þrjú ár til BS-gráðu og 4. árið gefur diplómu og í framhaldi af því starfsleyfi frá Landlækni til að starfa sem lífeindafræðingur. Við útskrift er lífeindafræðingur með víðtæka þekkingu og tilbúinn að takast á við þjónustu og vísindarannsóknir á flestum sviðum. Aðsókn hefur aukist gífurlega í þetta nám síðustu ár og er það mjög ánægjulegt því fyrirsjáanlegur er skortur á lífeindafræðingum.

Á heilbrigðisstofnunum um land allt vinna u.þ.b. 70% af félagsmönnum en 25-30% á hinum almenna vinnumarkaði og hefur sá geiri stækkað mikið síðustu 10-15 árin.

### Félag lífeindafræðinga er stéttar- og fagfélag

Stéttarfélagsþátturinn hefur tekið stöðugt meira pláss á undanförnum árum. Helsta ástæðan fyrir því er sú að stéttarfélagið sér um kjarasamningagerð við ríki og Samtök atvinnulífsins. Eins og ástandið hefur verið í þjóðfélaginu þá fer óheyrilegur tími í þessa samninga sem eru jafnan til stutts tíma vegna þess að flestir þættir sem að samningagerð snúa eru ótryggir og kaupmáttur gufar jafnvel upp skömmu eftir undirskrift. Félagið hefur einnig það hlutverk að tryggja réttindi félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra. Félagið vinnur með Norðurlandasamtökum (NML), Evrópusamtökum lífeindafræðinga (EPBS) og Alþjóðasamtökum lífeindafræðinga (IFBLS).



Arna Auður Antonsdóttir formaður Félags lífeindafræðinga.

## Aðstoða fólk við að viðhalda góðu líkamsástandi

Árlega hjálpa sjúkraþjálfarar fjölda manns við að koma í veg fyrir og/eða yfirvinna vanda vegna stoðkerfiskvilla eða lífsstílssjúkdóma.

Starfssvið sjúkraþjálfara er að aðstoða fólk við að viðhalda og bæta líkamsástand þannig að það geti lagt sitt af mörkum til samfélagsins, að teknu tilliti til ástands og aldurs. Árlega hjálpa sjúkraþjálfarar fjölda manns við að koma í veg fyrir og/eða yfirvinna vanda vegna stoðkerfiskvilla og lífstílssjúkdóma. Einnig starfa þeir við endurhæfingu eftir slys og sjúkdóma, meðhöndla langveika og fatlaða og koma að þjálfun og meðferð íþróttafólks. Þetta gera sjúkraþjálfarar annars vegar með sérstakri meðhöndlun og hins vegar með öruggri og viðeigandi æfingaforskrift.

Um 550 sjúkraþjálfarar starfa á Íslandi. Helmingur þeirra starfar á sjúkrastofnunum og endurhæfingarstofnunum en hinn helmingurinn á almennum stofum víða um land. Sjúkraþjálfarar fara höndum um yfir 50.000 landsmenn árlega, frá rúmliggjandi sjúklingum til afreksíþróttamanna, frá vöggu til grafar.

Félag sjúkraþjálfara á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1940 og núverandi formaður er Unnur Pétursdóttir. Félagið er bæði fag– og stéttarfélag. Innan fagdeildar starfar öflug fræðslunefnd sem heldur um átta metnaðarfull námskeið á ári hverju í umsjón virtra innlendra og erlendra kennara. Einnig eru þar innanborðs faghópar sjúkraþjálfara sem starfa í einstökum geirum sjúkraþjálfunar. Undirfélög eru þrjú: Félag sjúkraþjálfara í öldrunarþjónustu, Félag sjúkraþjálfara um sálvefræna heilsu og Félag MT sjúkraþjálfara (Manual Therapy), sem er sértæk greining og meðferð á hrygg og útlimaliðum.

Stéttarfélagshluti félagsins sér um kjarasamningagerð fyrir launþega félagsins við Fjármálaráðuneytið og fleiri og heldur utan um réttindi og skyldur félagsmanna. Einnig gerir sá hluti félagsins samninga við Sjúkratryggingar Íslands og fleiri, fyrir hönd sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara.

Félag sjúkraþjálfara hefur verið aðili að Heimssambandi sjúkraþjálfara (World Confederation for Physical Therapy, WCPT) frá árinu 1963. Nánari upplýsingar má fá á vefsíðunum: www.physio.is og www.wcpt.org.



Unnur Pétursdóttir, formaður Félags sjúkraþjálfara.



Árni Stefán Jónsson hefur verið formaður SFR frá árinu 2006 og var þar á undan framkvæmdastjóri þess frá 1990.

# Ósáttur við opinbera hagræðingu

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, segir þrjú mál vera efst á baugi í komandi kjarasamningum; aukinn kaupmátt, leiðréttingu á launamun kynjanna og samræmi launa opinberra starfsmanna og starfsfólks á almennum markaði.

Holdtekja hins dugandi verkalýðsleiðtoga hins byggð á nostalgíu í hugum margra og í engum tengslum við nútímann, eins og hún var þegar Guðmundur heitinn Jaki hellti niður mjólk eða mætti niður á höfn í verkföllum Dagsbrúnarmanna,“ segir Árni Stefán Jónsson í breyttu umhverfi stéttarfélaga.

„Að vissu leyti hafa stéttarfélögin stofnanavæðst eftir að grunnréttindum var náð og nú ganga samningar út á að horfa á þjóðfélagsreksturinn í heild sinni. Átökin snúast þó enn og aftur um skiptingu gæða, sem er vissulega vandamál, því of margir á Íslandi eru illa launaðir og lítill hópur í þjóðfélaginu sem fær alltof stóran skerf af kökunni. Það er því miður eðli kapítalísks þjóðfélags og erfitt við að eiga þegar búið er við þá þjóðfélagsgerð.“

Árni hefur verið formaður SFR frá árinu 2006 og var áður framkvæmdastjóri þess frá 1990.

„Starf mitt er 24 stunda vinna og alltaf skemmtileg og krefjandi. Það er mikið um fundahöld og stór þáttur starfsins að fylgjast með þjóðfélagsumræðunni og efnahagsmálum. Starfið er líka hugsjónastarf og sjálfur byrjaði ég að skipta mér af verkalýðsmálum 1972.“

## Persónulegt stéttarfélag

SFR er stærsta félagið innan BSRB með um sex þúsund starfandi félagsmenn og eitt þúsund á lífeyri. Árni segir félagið persónulegt þrátt fyrir stærðina.

„Við þjónustum alla félagsmenn með persónulegum hætti í gegnum fjölbreytta sjóði og á hverju ári eiga yfir 80 prósent félgsmanna persónuleg samskipti við félagið,“ upplýsir Árni. SFR hét áður Starfsmannafélag ríkisstofnana og unnu félagsmenn þá eingöngu hjá ríkinu. Í seinni tíð hafa ríkisfyrirtækin Rarik og Isavia verið gerð að opinberum hlutafélögum og önnur að sjálfseignarstofnunum með verkefni á vegum sveitarfélaga.

„Félagsmenn okkar eru því komnir á fleiri hendur og því var nafni félagsins breytt í SFR stéttarfélag í almannaþjónustu,“ útskýrir Árni.

Félagsmenn SFR eru að meginhluta ófaglært starfsfólk og einstakir faghópar, eins og fangaverðir, læknaritarar, heilbrigðisritarar og lyfjatæknar.

„Meginhluti félagsmanna SFR starfar hjá ríkisstofnunum innan tækni-, skrifstofu- og heilbrigðisgeirans. Flestir eru á Landspítala, eða um eitt þúsund, og margir á stórum skrifstofum hins opinbera, eins og Tryggingastofnun, Tollstjóra og Ríkisskattstjóra. Þá starfar tæknifólk hjá Vinnueftirlitinu, Matvælastofnun og fleiri stofnunum. Störfin eru því afar víðtæk, allt frá því að vinna á gólfinu upp í æðstu stjórnendur.“

## Skattalækkanir ekki áherslur ríkisstarfsmanna

Efst á baugi SFR eru komandi kjarasamningar.

„Í þeim leggjum við megináherslu á aukinn kaupmátt í stað beinnar kröfu um launahækkanir og styttingu vinnuviku vaktavinnufólks. Það var niðurstaða samtals sem við áttum við félagsmenn okkar um land allt, og sá vilji var nú meira áberandi en áður,“ segir Árni og veltir fyrir sér umræðu um nýja þjóðarsátt eins og stjórnvöld hafa nefnt.

„Mestu skiptir að menn fari sameiginlega í kjaramálin svo að vextir og verðbólga rjúki ekki upp úr öllu valdi. Það er ekki nóg að horfa eingöngu á kjarasamninga stéttarfélaga heldur þarf líka að taka með í reikninginn stóru þættina; verðlag, gengi og hækkun gjalda hjá hinu opinbera.“

Aðrar kröfur SFR í komandi kjarasamningum eru leiðrétting á launamun kynjanna.

„Launamunur kynjanna innan félagsins er nú um sjö prósent og hann þarf að leiðrétta. Við höfum þó náð nokkrum árangri í að leiðrétta kynbundinn launamun innan félagsins undanfarin ár, nú síðast með samningum um sérstaka launapotta til einstakra kvennastétta. Þá leggjum við líka til fyrstu skref í samræmingu launa opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði, en sá munur er upp í átján prósent á milli markaða.“

Árni viðurkennir að ríkisstarfsmenn séu feimnari við kröfur um almennar skattalækkanir.

„Í ríkissjóði eru peningar til að greiða okkur laun og á meðan hann stendur jafnilla og nú erum við frekar á því að fá peninga inn í ríkissjóð fremur en að taka þá úr honum í formi skattalækkana. Það mundi þýða skattalækkanir fyrir vinnumarkaðinn í heild og að ríkissjóður borgaði kaupmáttaraukningu almenns vinnumarkaðar. Fyrir vikið yrði minna til skiptanna fyrir okkur sem fáum laun frá ríkinu.“

Árni bætir við að ríkissjóður standi sig ekki gagnvart lífeyrissjóðsmálum félagsmanna SFR og skuldi óhemju fé í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. „Því þarf enn að forgangsraða og er ég óhemju ósáttur við fyrirhugaða hagræðingu hjá hinu opinbera á sama tíma og stjórnvöld hafna tugum milljarða í árstekjur með því að lækka veiðigjaldið, hætta við auknar tekjur úr ferðaþjónustu og lækka auðlegðarskatt.“

## Sterkur verkfallssjóður

Að sögn Árna eru hagræðingartillögur ríkisstjórnarinnar beintengdar starfsfólki SFR.

„Þær snúast um að sameina stofnanir, breyta verklagi og svo framvegis. Eins og þær líta út núna er hætta á að hluti okkar fólks missi vinnuna. Þegar skattstofnanir voru sameinaðar á sínum tíma var tekin afstaða um að segja ekki upp starfsfólki heldur fækka með náttúrulegum hætti, eins og þegar einhver hættir eða fer á lífeyri. Við minnum á það góða fordæmi. Sparnaðurinn yrði þá lengur að koma í kassann en væri hagkvæmari til lengri tíma vegna sáttarinnar sem verður mun meiri en þegar fólki er hent út í atvinnuleysi. Ekki má heldur vanmeta kostnað samfélagsins vegna félagslegra og sálrænna afleiðinga atvinnuleysis.“

Þegar hart mætir hörðu hafa stéttarfélög möguleika á vinnustöðvun en Árni reiknar síður með að til verkfalls þurfi að koma.

„Stéttarfélögin hafa möguleika á að ná kjarasamningum með málamiðlunum og við höfum ekki beitt verkfallsréttinum síðan í löngu og viðamiklu verkfalli BSRB árið 1984. Við höfum hins vegar byggt upp mjög góðan verkfallssjóð og erum sterk á svellinu ef um allt þrýtur.“

# Öflugir styrkir til félagsmanna

Verkstjórasamband Íslands var stofnað 10. apríl 1938 sem einstaklingsfélag en breyttist fljótlega í deildarfélag með stofnun verkstjórafélaganna. Samtökin áttu 75 ára afmæli í vor sem haldið var upp á með opnu húsi. Frá stofnun hefur sambandið séð um samninga og velferðarmál fyrir verkstjórnendur. Félögin eiga og reka orlofshús sem eru 23 talsins.

Verkstjórasambandið er samband þrettán verk- og stjórnendafélaga sem starfa víðsvegar um landið. Félagsmenn eru stjórnendur í víðasta skilningi þess orðs. Starfandi stjórnendur eru um 2.200 en skráðir félagar eru nær 2.700.

Kristján Örn Jónsson, framkvæmdastjóri Verkstjórasambandsins, segir stuðning við félagsmenn meginhlutverk sambandsins.

„Það var haft að leiðarljósi strax við stofnun og var félagsmönnum ávallt rétt hjálparhönd ef þurfa þótti, fyrst úr sérstökum sjóði en svo með beinum framlögum. Árið 1973 var samið við vinnuveitendur um greiðslur í Sjúkrasjóð verkstjóra og við það breyttist aðstaða til stuðnings félaganna. Sem dæmi þá greiðir sjóðurinn 80% meðallauna síðustu tólf mánaða í allt að tólf mánuði í veikindum. Æfingar hjá kírópraktor eða sjúkraþjálfun eru greidd að fullu á móti TR í 25 skipti, en 60% af þeim skiptum sem viðkomandi þarf á að halda umfram það, á tólf mánaða tímabili. Eftir það tekur við nýtt tímabil með sama rétti.“



Kristján Örn Jónsson, framkvæmdastjóri við enda borðsins, ásamt Skúla Sigurðssyni, Helgu Jakobsdóttur, Jóhönnu Margréti Guðjónsdóttur, Jóhanni Baldurssyni, Reyni Kristjánssyni og Rósant Aðalsteinssyni þar sem unnið er að samningum. MYND/VALLI

### Ekkert þak á greiðslum

Meðal styrkja sem félagsmönnum standa til boða eru styrkir vegna kaupa á gleraugum, heyrnartækjum, leiser-augnaðgerðar, tæknifrjóvgunar og fæðingarstyrkur svo fátt eitt sé nefnt. Ekkert þak er á greiðslum. Hægt er að fá styrk fyrir fleiri atriðum í sama mánuði. Áhersla er lögð á forvarnir eins og krabbameins- og hjartaskoðun og þá á Sjúkrasjóðurinn íbúð fyrir félagsmenn utan af landi sem verða að sækja sér lækningu í Reykjavík.

„Það nýjasta hjá okkur er ítarleg heilsufarsskoðun sem greidd er að fullu,“ segir Kristján. „Enn sem komið er eru þessar skoðanir aðeins framkvæmdar í Reykjavík og á Akureyri en allar upplýsingar um heilsufarsskoðanir má nálgast á heimasíðunni okkar vssi.is.“

### Nýir félagar með fullan rétt

„Nýir félagsmenn koma inn til okkar með þann rétt sem þeir hafa áunnið sér í sjúkrasjóði fyrra félags. Þeir félagsmenn sem láta af störfum fyrir aldurs sakir og hafa greitt til okkar samfellt í að minnsta kosti tíu ár fyrir starfslok halda rétti í sjúkrasjóði út ævina.“

### Menntunarsjóður SA og VSSÍ

Menntun verkstjóra hefur lengi verið baráttumál samtakanna. Árið 2008 var samið við SA um greiðslu í Menntunarsjóð SA og VSSÍ til að stuðla að menntun í stjórnun. Stjórnunarnám var af skornum skammti og því var einnig ákveðið að setja saman metnaðarfullt nám í samstarfi við SA fyrir fyrir þann hóp, sem nú er á lokasprettinum.

„Nám sem í boði hefur verið fyrir stjórnendur er Verkstjórnarfræðslan sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur haldið, Dale Carnegie hefur í samstarfi við okkur haldið sérsniðin námskeið fyrir stjórnendur og endurmenntunardeildir háskólanna,“ útskýrir Kristján. „Áður en samningar tókust við SA höfðu aðrir samningsaðilar hafið greiðslur í menntunarsjóð VSSÍ og úr þeim sjóði er greitt vegna alls annars náms en þess sem snýr beint að stjórnun, til dæmis fagtengt nám, tölvunám og tungumál. Báðir sjóðirnir greiða allt að 80% af námskostnaði en þó ekki meira en 110 þúsund í hverju einstöku námi. Vegna dýrara náms eru greiddar allt að 330 þúsund krónur. Fyrirtækin hafa sama rétt og félagsmenn til að sækja um styrk til menntunar og þess má geta að styrkir til fyrirtækis skerða ekki rétt félagsmanna til styrkja úr sjóðunum. Aldraðir og öryrkjar eiga rétt á styrk vegna tómstundanáms. Sjúkrasjóðurinn og svo menntunarsjóðirnir eru þeir tveir hlutir sem ég er hvað ánægðastur með í starfi samtakanna. Eins er ég ánægður með hvað fyrirtækin nýta sér menntunarsjóðina vel og vil ítreka það við félagsmenn að menntun verður ekki frá ykkur tekin.“





## Myndaalbúmið



Brúðkaupsmynd af fjölskyldunni. Í útivist í útiarni. Hjónin í göngutúr í Hallormsstaðaskógi. Þórdís, dóttir Heru, og Lóa Björk, litla frænka, í á leiðinni til Akureyrar.

**NAFN**
Hera Björk Þórhallsdóttir

**ALDUR** 41

**STARF**
Söngkona & búðarkona

**HJÚSKAPARSTAÐA**
Gift

**BÖRN**
Tvö

## Uppáhalds

**MATUR**
Avókadó

**DRYKKUR**
Pisco Sour

**VEITINGAHÚS**
Austur Indíafélagið

**VEFSÍÐA**
Amazon.com

**VERSLUN**
Urban Outfitters

**HÖNNUÐUR**
Birta Juniform & Spaksmanns

**HREYFING**
Sund

**DEKUR**
Fótsnyrting

leg og pínu trúarleg. Ég er rosalega ánægð með hana sem kemur mér svo skemmtilega í óvart því listafólk er svo sjálfsgagnrýnið. Ég er búin að fara í gegnum allan rússíbanann, að lögin séu hræðileg, textarnir ömurlegir og söngurinn náttúrulega lélegur yfir í það að hugsa: Svei mér þá, ég er bara stolt af henni og ánægð með hana."

***Hefurðu sjálf samið tónlist?*** „Ég hef lítið samið sjálf en það er eflaust af því að ég spila ekki á nein hljóðfæri. Ég les nótur en það er arfleifðin frá kórnum. Ef maður ætlar út í tónsmíðar þarf maður helst að kunna á hljóðfæri en ég vildi alltaf bara syngja. Það eru margir söngvarar sem eru með minnimáttarkennd og draga sig niður yfir því að spila ekki á hljóðfæri. En maður er með hljóðfæri í barkanum og það er hljóðfæri sem allir vilja hafa. Það langar alla til að geta sungið."

### *Kynntist röddinni í Danmörku*

Hera bjó í Danmörku um nokkurra ára skeið og stundaði nám við Complete Vocal Institute að ▶





„Við tvö værum snilldarpar á sviði. Það munaði engu að ég fengi að syngja með Elton John í Chile, eina vandamálið var bara að hann vildi vera einn á sviðinu.“

▶ læra Complete Vocal Technique-söngtæknina. „Ég lærði þetta árið 2004 og þetta er svona „non-bull-shit“-tækni. Ábyrgðin er svolítið sett á mann sjálfan og maður fær frábær verkefni í hendurnar. Þú færð verkfærakistu og í henni eru öll tæki og tól sem þú þarft og svo byrjar þú bara að leika þér. Þetta snýst um að prófa, spenna bogann og fara út fyrir þægindarammann. Þá kynnist maður röddinni sinni betur. Fyrir mig var þetta eins og að fara í Disney World á frímiða og vera þarna í þrjú ár að leika mér,“ segir hún hlæjandi.

***Þú komst fram í Íslandi í dag fyrir stuttu þar sem þú talaðir mjög opinskátt um þyngdartap þitt og megrunarkúra. Hvað varð til þess að þú breyttir um lífsstíl?*** „Ég fékk bara tækifæri upp í hendurnar sem ég gat ekki hafnað. Eftir keppnina úti í Chile kynntist ég konu frá Púertó Ríkó sem fékk mig til að syngja á ráðstefnu í Barcelona. Þar hitti ég fólk sem hún var að vinna með en það starfaði með NU Skin sem ég þekkti áður. Fyrirtækið er búið að þróa einstaka þyngdarstjórnunarvöru sem þau vildu endilega fá mig til að prófa og voru bara mjög hreinskilin; þú ert svona frábær og feit, þarft þú ekki að prófa þetta? Ég er búin að prófa alla heimsins kúra í gegnum tíðina og með mjög misjöfnum árangri. Ég ákvað að treysta þessu fólki, taka niður varnirnar og ég léttist um 12 kíló á 90 dögum.

Mér leið svo vel, varð orkumeiri og er að kafna úr gleði yfir þessu. Nú hreyfi ég mig reglulega og ég borða miklu hollari mat. Græðgispúkinn bara hvarf úr lífi mínu á fyrstu vikunum og ég hef ekki fundið hann ennþá. Ég fór úr flokki sem heitir alvarleg offita yfir í flokk sem heitir bara offita og ég varð hamingjusamasta kona í heimi þegar ég fór niður fyrir þessi mörk. Alvarlegri offitu fylgja margir áunnir sjúkdómar sem ég var bara heppin að vera ekki komin með. Þetta er stórkostlegur munur fyrir mig í mínu daglega lífi. Ég var vön að kaupa inn bæði hollt og óhollt og át allt þetta óholla en hitt endaði að mestu í ruslinu.“

***Hefurðu eitthvað verið á lágkolvetnafæðinu?*** „Nei, þetta eru öfgar fyrir mér. Ég prófaði þetta eins og allir hinir en er þó sammála LKL-fræðingum um að maður eigi að borða próteinríkari fæðu. Ég er bara að byggja upp vöðva í dag og lifa heilsusamlegar.“

***Svo tekurðu þátt í verki í Þjóðleikhúsinu, hvaða verk er það?*** „Ég er að æfa þar fyrir sýningu sem verður frumsýnd annan í jólum. Verkið heitir Þingkonurnar og fjallar um konur sem ákveða að taka völdin af körlunum en þetta er mjög gamalt verk. Þetta er sýn Aristófanesar á konur sem voru algjörlega réttlausar, nánast eins og þrælar. Þetta er sem sagt grísk tragíkómedía.

Það er langt síðan ég hef verið í leikhúsi og ég er ráðin í sýninguna sem söngkona. Benni Erlings leikstýrir og þetta er frábær hópur sem ég vinn með.“

***Er desembermánuður þá fullbókaður hjá þér?*** „Það er ansi mikið að gera. Ég er með tónleika 8. desember í Grafarvogskirkju, fer til Færeyja með Frostrósum um mánaðamótin að syngja og svo er ég með tónleika 15. desember með grúppu sem ég söng með hér áður fyrr. Þann 21. og 22. verð ég svo á tónleikum með Frostrósum.“

***Hvað verður um verslunina þína á Laugaveginum, Púkó og Smart, þegar þú flytur?*** „Ég er alveg til í að ræða það ef einhver vill kaupa hana. Við erum bara að viðra það en ég get fullvissað fólk um það að ég ætla ekki að loka henni. Fólk virðist vera voðalega hrætt um það. Ég er bara opin fyrir öllu en það getur vel verið að ég fjarstýri henni bara. Þessi búð er búin að vinna sér sess á Laugaveginum og styrkir þennan part hans.“

***Ef þú mættir velja að syngja með hverjum sem er, hver væri það?*** „Draumurinn er að syngja með George Michael. Ég hef alltaf dýrkað manninn og ég vissi alltaf að hann væri samkynhneigður. Það bara hlaut að vera því hann var svo djúpur, vansæll en samt svo hamingjusamur. Mér fannst ég lesa hann. Hann fer beint í hjartað á mér, bæði lögin hans og textarnir. Við tvö værum snilldarpar á sviði. Það munaði engu að ég fengi að syngja með Elton John í Chile, eina vandamálið var bara að hann vildi vera einn á sviðinu.“

***Mamma, þú átt eftir að sjá eftir þessu alltaf ef þú flytur ekki núna. Ég hugsaði bara, ef krakkarassgatið sér þetta svona skýrt þá hlýtur þetta bara alveg að vera málið.***








## AÐFERÐIN BÚÐU TIL FALLEG OG PERSÓNULEG ILMKERTI

***– Og heimilið fær jólailm***

**Nú eru flestir farnir að hugsa til jólanna og leita að fallegum leiðum til að skreyta heimili sín og klæða þau í jólabúning. Að búa til ilmkerti er skemmtilegt föndur, sáraeinfalt og það tekur enga stund að búa til fallega jólaskreytingu úr venjulegu kerti, sem gefur einnig frá sér jólalegan ilm.**

### Þú þarft

**Kubbakerti**
**Gúmmíteygju**
**Kanilstangir**
**Snærisspotta**
**Örbylgjuofn**

1. Settu gúmmíteygjuna utan um kertið og raðaðu kanilstöngunum undir teygjuna lóðrétt, hlið við hlið. Ef þú ert með langar stangir, klipptu þær þá til með skærum svo að þær passi við lengd kertisins.
2. Þegar kanilstangir umkringja kertið bittu þá snærisspotta þétt um kertið nokkra hringi og taktu gúmmíteygjuna af.
3. Ef kertið er gjöf er mikilvægt að kanilstangirnar séu vel fastar við kertið og þá þarftu að setja það með kanilstöngunum og bandinu (alls ekki gúmmíteygjunni) inn í örbylgjuofn í hálfa mínútu. Passaðu þig að taka það varlega út með viskustykki því að stangirnar verða heitar.
4. Með viskustykki vöfðu um það, þrýstu kanilstöngunum þétt að kertinu til að festa það við vaxið áður en það harðnar aftur.
5. Lagaðu til snærisspottann og búðu til slaufu eða bættu við meira skrauti. Til dæmis greni, laufum eða þurrkuðum ávöxtum.
6. Kertið er tilbúið, kveiktu á því og finndu kanililminn dreifast um rýmið.

# Allir fá þá eitthvað fallegt



## iPhone viðarhulstur

Vönduð og falleg viðarhulstur sem verja síma þinn fyrir hnjaski.
4 viðartegundir, 6 mismunandi myndir,
Fyrir iPhone 4 og 5. kr. 5.400



*Kennslukortið góða*

*Með texta úr bókinni "Matur og drykkur" Helgu Sigurðardóttur*

*Skjaldarmerki Íslendinga*

*Fornkort*

## Diskamottur

50 mottur saman í blokk.
Kr. 2.790,- 4 gerðir



## Disney bollar

Í fallegum gjafapakkningum. kr. 690



## Frístandandi Hnattlíkan

Plakatið fyrir kvikmyndina The Heat var afar umdeilt. Svo virðist sem einhver hafi átt mikið við andlit leikkonunnar Melissu McCarthy.



**Photoshop-skrímsli**
Söngkonan Britney Spears hefur líka lent í Photoshop-skrímsli eins og sést á meðfylgjandi myndum.






**Stærri barmur**
Barmur söngkonunnar Katy Perry var stækkaður og mitti hennar minnkað fyrir forsíðuna á Rolling Stone árið 2010.




**Vakti óhug**
Það þarf ekki að fjölyrða um af hverju auglýsing frá Ralph Lauren árið 2010 vakti óhug margra.



**Fórnarlamb Photoshop**
Búið var að minnka mitti Miröndu á myndinni á Instagram. Þegar Miranda áttaði sig á því bað hún aðdáendur sína afsökunar og birti upprunalegu myndina.



**Ljósari húð**
Húð leikkonunnar Gabourey Sidibe virtist nokkrum númerum ljósari en hún er í raun og veru á forsíðu Elle árið 2010.




**Grennri fótleggir**
Leikkonan Demi Moore prýddi forsíðu tímaritsins W í desember árið 2009 í gylltum Balmain-kjól. Eitthvað virtist vera búið að eiga við líkama hennar.






**Ótrúlegur munur**
Miklar umræður spunnust á netinu um forsíðu á septemberhefti Vogue í fyrra. Lady GaGa prýddi forsíðuna og fór einhver aðeins of geyst í Photoshop-forritinu.



**Ófeimin**
Kim Kardashian var ófeimin við að sýna mynd sem var tekin fyrir tímaritið Complex áður en hún var fótósjoppuð. Með því vildi hún sýna að hún væri með línur og appelsínuhúð eins og flestar konur.



iPad mini
Verð frá: 54.990.-
iPhone
Verð frá: 109.990.-
Jólagjöfin fæst hjá okkur
epli.is
Smáralind
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330
Laugavegi 182
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300




# SÍÐASTI SJENS

JÖR
by
GUDMUNDUR JÖRUNDSSON

2013

Coca-Cola

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES 2 | 4, 6, 7, 9, 10 | 12 |
| THE COUNSELOR | 8, 10:30 | 16 |
| PHILOMENA | 3:50, 5:50 | 12 |
| FURÐUFUGLAR | 3:50 2D | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
„ELDFIM OG ÖGRANDI"
„FYRSTA FLOKKS ÞRILLER"
MÖGNUÐ MYND SEM VAR TEKIN AÐ HLUTA TIL Á ÍSLANDI
THE FIFTH ESTATE
„VERÐUR VART BETRI"
„SPENNANDI OG Á JAÐRINUM"
VAR ÍSLENSKUR ÞINGMAÐUR Í INNSTA HRING WIKILEAKS?
"A BAD-BOY 'BUCKET LIST'."
"A TOUCHING COMEDY"
STAND UP GUYS
VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG
THOR THE DARK WORLD
AVENGERS VAR BARA BYRJUNIN
BYGGÐ Á EINNI VIRTUSTU OG VINSÆLUSTU VÍSINDASKÁLDSÖGU ALLRA TÍMA
„IT'S SMART, SOPHISTICATED... AND WELL WORTH CHECKING OUT."
ENDER'S GAME
STALLONE SCHWARZENEGGER
"NON-STOP ACTION"
„SMART AND FUN"
ESCAPE PLAN
SYLVESTER STALLONE OG ARNOLD SCHWARZENEGGER ERU MÆTTIR Í FYRSTA SINN SAMAN Í AÐALHLUTVERKUM Í ÞESSARI FRÁBÆRU SPENNUMYND
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR JACKASS MYNDIRNAR KEMUR „BAD GRANDPA"
Jackass presents BAD GRANDPA
FRÁBÆR GRÍNMYND!

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE FIFTH ESTATE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |
| PRISONERS | KL. 6 - 9 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:40 | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| STAND UP GUYS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 - 8 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI (NÚMERUÐ SÆTI) | | |
|---|---|---|
| THE FIFTH ESTATE | KL. 6 - 9 - 10:10 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
THE HUNGER GAMES: CATCHING FIRE
„ELDFIM & ÖGRANDI" - ROLLING STONE
„FYRSTA FLOKKS ÞRILLER" - GQ
THE FIFTH ESTATE
„DJÖRF, HNÍFBEITT OG ÓFYRIRSJÁANLEG ÚT Í GEGN." T.V. - BÍÓVEFURINN.IS
THE COUNSELOR

| SMÁRABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 - 11 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE STARVING GAMES | KL. 6 | 10 |
| CARRIE | KL. 10.45 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 | L |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 11 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10.15 | 14 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6-9 -10.10 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 | 16 |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 6 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

# Fallega dóttir mín

**BAKÞANKAR**
Kjartans Atla Kjartanssonar



Ég er stoltur pabbi. Dóttir mín er fjögurra ára gömul og hefur glatt mig mjög mikið frá því hún kom í heiminn. Hún er hnyttin í tilsvörum og orðheppin. Mig langar að deila með ykkur samræðum sem við áttum ekki alls fyrir löngu.

**VIÐ** vorum tvö í bílnum á laugardagseftirmiðdegi á leiðinni úr Smáralind. Þorsti og löngun í sykur sótti að henni: „Pabbi, má ég fá kók?“ Hún hefur ekki fengið mikið gos hingað til, nema rétt á tyllidögum, svo ég svaraði henni um hæl: „Nei, ástin mín, það er ekki í boði núna.“ Ég bjóst við því að þurfa að rökstyðja svar mitt betur, en sú stutta var jákvæðari í svörum en mann hefði grunað: „Allt í lagi,“ sagði hún hugsandi.

**VIÐ** sátum í þögn í nokkra stund en ég fann á mér að hún var í miklum pælingum. Niðurstaða þankagangsins var svo nokkuð hnitmiðuð spurning: „Pabbi er ekki laugardagur í dag?“ Þessu var auðsvarað, vissulega var laugardagur. Hún var fljót með næstu spurningu: „Laugardagar eru nammidagar, er það ekki?“ Pabbinn gat ekki svarað þessu öðruvísi en játandi. Eins og margir aðrir foreldrar hef ég ákveðið að laugardagar séu svokallaðir nammidagar. Aftur fór hugur þeirrar litlu af stað.

**MÉR** var farið að líða eins og fórnarlambi rándýrs. Dóttir mín var yfirveguð og virtist vera með fast lokamarkmið í huga, þessar spurningar og svör mín leiddu hana greinilega nær einhvers konar fullnaðarsigri. „Pabbi, myndir þú segja að kók sé nammi?“ Pabbanum þótti þetta góð samlíking: „Jú, það má segja að kók sé eiginlega fljótandi nammi.“ Búmm. Þarna var hún með svarið sem hún þurfti. Nú kom rothöggið: „Þú sagðir að það væri nammidagur og þú sagðir að kók væri nammi. Þannig að ég má fá kók.“

**ÉG** gat ekki annað en stoppað í næstu sjoppu. Og keypt ískalda kók.



**ÚR FIMLEIKUNUM Í TÓNLISTINA** Jóhann Steinn Gunnlaugsson raftónlistarmaður var knár fimleikakappi á yngri árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rísandi í raftónlistinni

Jóhann Steinn segir vanta allan pung í íslenska raftónlist og vill breytingu.

„Hann á sinn þátt í að starta ferli mínum,“ segir raftónlistarmaðurinn Jóhann Steinn Gunnlaugsson sem hefur fengið hjálp frá heimsþekkta raftónlistarmanninum hollenska Armin van Buuren í að koma sér á framfæri. Jóhann Steinn er 23 ára gamall og hóf raftónlistarferilinn árið 2009. „Ég er upphaflega rokktrommuleikari en svo fékk ég áhuga á raftónlist. Það er líka fínt að vera bara sinn eigin herra í þessu, núna hefur það engin áhrif ef einhver hljómsveitarmeðlimur skrópar á hljómsveitaræfingu því ég er bara einn.“

Hollenska stjarnan Armin van Buuren, sem er með yfir sex milljón læk á fésbókarsíðu sinni, er með útvarpsþátt sem heitir A State of Trance og er honum útvarpað á tugum stöðva um allan heim og á netinu.

„Hann er mjög stór í raftónlistarheiminum og ég held ég sé fyrsti Íslendingurinn sem hann gefur út og er spilaður í útvarpsþættinum hans,“ segir Jóhann. Lög hans hafa þrisvar verið spiluð í útvarpsþætti Van Buurens en hlustað var á síðasta lagið sem spilað var í þættinum tíu þúsund sinnum á Soundcloud á tveimur dögum sem telst ansi gott. Þá var búið að skoða lagið, sem heitir Volcano, þrjú þúsund sinnum á YouTube á tveimur dögum, en lagið er ekki komið út formlega. „Það er mjög gaman að þessu og ég bíð spenntur.“

Jóhann skrifaði undir samning við Abstractive Music, sem er í eigu Sony, í sumar og mun fyrsti afrakstur samningsins líta dagsins ljós í næstu viku. „Það er að koma út plata með nokkrum tónlistarmönnum og ég á tvö lög á þeirra plötu. Samningurinn hljóðar einnig upp á nokkrar smáskífur þannig að ef allt gengur vel verður jafnvel gefin út breiðskífa,“ útskýrir Jóhann.

Fyrsta EP-platan hans, Stone Cold, kom út árið 2009 hjá íslenska útgáfufyrirtækinu Airport Route Recordings. „Ég fór svo að gefa út reglulega árið 2010 þegar sænski raftónlistarmaðurinn Stana uppgötvaði mig og hann fékk mig til að gera lag fyrir Detox Records í Hollandi sem hefur alltaf verið eitt af mínum uppáhaldsútgáfufyrirtækjum.“

Út frá því kynntist Jóhann hollenskum raftónlistarmanni sem kallar sig Setrise og gerðu þeir lag, sem á endanum barst til Armins van Buuren. „Armin spilaði lagið mitt á stórum tónleikum í Kiev sem voru teknir upp og gefnir út og það var frábært.“

gunnarleo@frettabladid.is

## Jóhann Steinn í hnotskurn

- Horft var á lag Jóhanns Steins, Volcano, sem unnið er ásamt raftónlistarmanninum Eminence, tíu þúsund sinnum á tveimur dögum á Soundcloud og þrjú þúsund sinnum á YouTube.
- Jóhann Steinn er fyrrverandi fimleikastjarna og trommuleikari.
- Fram undan eru stórir tónleikar í Mexíkó á vegum Sony og þá eru fleiri lög væntanleg frá Jóhanni.
- Hann hefur verið að semja lög og selt þau erlendis og kallast það á tónlistartungumálinu „ghost production“.

BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS
PARADÍS: VON
"IT COULD BE HIS BEST FILM SO FAR" - THE GUARDIAN
Q&A MEÐ LEIKSTJ. ULRICH SEIDL
SÍÐASTA MYNDIN Í PARADÍSARÞRÍLEIK ULRICH SEIDL
FYRRI MYNDIRNAR TVÆR ERU EINNIG SÝNDAR
3D
DR. WHO 50TH ANNIVERSARY SPECIAL
THE INNOCENTS
SUN: 20.00 (16)
SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# PÁLLÓSKAR

ÞRJÁR PLÖTUR
Á VERÐI EINNAR

BÆTT
HLJÓMGÆÐI

**RAUÐA BOXIÐ & BLÁA BOXIÐ**
ER KOMIÐ Í VERSLANIR

SEX PLÖTUR
Á VERÐI TVEGGJA

13 ÓÚTGEFIN
AUKALÖG!




Páll Óskar syngur og áritar í Hagkaup Smáralind, í dag föstudag 16.00-18.00 og á morgun laugardag 14.00-16.00.
Sértilboð á boxum aðeins kr. **1992.-** stykkið. Allir sem mæta fá póstkortabók og dagatal í kaupbæti.

## Steinþór fjórði Íslendingur Viking FK



Steinþór Freyr Þorsteinsson verður fjórði íslenski leikmaðurinn hjá Viking FK en Stavanger Aftenblad sagði frá því í gær að íslenski miðjumaðurinn sé á leið til nágrannaliðs Sandnes Ulf. Í frétt Stavanger Aftenblad kemur fram að Steinþór Freyr verði í dag kynntur sem nýr leikmaður Viking FK á Viking Stadion. Viking er og verður áfram mikið Íslendingalið. Indriði Sigurðsson er fyrirliði Viking FK, Jón Daði Böðvarsson var að klára sitt fyrsta tímabil með liðinu og Björn Daníel Sverrisson gekk til liðs við liðið eftir tímabilið með FH.Steinþór Freyr er 28 ára gamall, hefur leikið með Sandnes Ulf undanfarin þrjú tímabil og var með 5 mörk og 7 stoðsendingar í 28 leikjum í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta. Sandnes Ulf var nýliði í deildinni og hélt sæti sínu. Viking FK endaði í fimmta sæti.

## Pálína Ég er bara eins og gömul kona

**KÖRFUBOLTI** Pálína Gunnlaugsdóttir, besti leikmaður úrvalsdeildar kvenna undanfarin tvö tímabil, veit ekki enn hversu alvarleg hnémeiðslin eru sem hún varð fyrir í leik á móti Ásvöllum á miðvikudagskvöldið. „Það er ekkert komið í ljós og ég er bara að bíða eftir því að Jonni (Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Grindavíkur) geti troðið mér inn í segulómskoðun,“ sagði Pálína við Fréttablaðið í gær. „Læknunum á sjúkrahúsinu fannst ólíklegt að þetta væri krossbandið. Þeir töldu frekar að þetta væri liðþófinn og að ég hafi teygt á liðbandinu. Það getur verið átta dagar eða átta vikur frá aðgerð,“ sagði Pálína. Hún upplifði mikinn sársauka á gólfinu í Schenkerhöllinni. „Ég fékk þvílík sterk verkjalyf á spítalanaum því þeir sprautuðu morfíni í mig, bæði magann og í hendina. Sjokkið er kannski ekki alveg komið en ég verð bara að vera bjartsýn og jákvæð þangað til að eitthvað kemur út úr þessu,“ sagði Pálína. „Ég get stigið aðeins í löppina en ég get ekki lyft henni upp til hægri eða vinstri því þá kemur þvílíkur sársauki. Ég fær líka mjög mikinn verk ef hann er að dingla eitthvað. Ég er bara eins og gömul kona,“ segir Pálína sem ætlar samt að vona það besta þangað til allt kemur í ljós. - óój



**FANN MIKIÐ TIL** Pálína fær hér stuðning frá liðsfélaga sínum Marínu Rós Karlsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## OLÍS D. KARLA

**AKUREYRI - ÍR 32-30 (16-17)**
**Markahæstir (skot):** Valþór Guðrúnarson 6/2 (10/2), Andri Snær Stefánsson 5 (5), Kristján Orri Jóhannsson 5 (8), Bjarni Fritzson 5/2 (9/3), Þrándur Gíslason 4 (4) - Guðni Már Kristinsson 8 (10), Arnar Birkir Hálfdánsson 7 (14), Sturla Ásgeirsson 5 (8/2).

**Varin skot:** Jovan Kukobat 14/1 (39/2, 36%) - Arnór Freyr Stefánsson 7 (26/2, 27%), Kristófer Fannar Guðmundsson 5/1 (18/3, 28%).

**HK - FRAM 22-19 (10-8)**
**Markahæstir (skot):** Atli Karl Bachmann 8 (9), Leó Snær Pétursson 6/1 (11/2), Andri Þór Helgason 4 (5) - Garðar B. Sigurjónsson 8/3 (12/4), Stefán Baldvin Stefánsson 3 (3), Ragnar Kjartansson 3 (5).

**Varin skot:** Helgi Hlynsson 13 (31/4, 42%) - Stephen Nielsen 11/1 (31/2, 35%).

**VALUR - FH 23-25 (10-14)**
**Markahæstir (skot):** Geir Guðmundsson 5 (16), Alexander Örn Júlíusson 4 (6), Sveinn Aron Sveinsson 4/1 (7/1), Orri Freyr Gíslason 3 (4) - Magnús Óli Magnússon 6 (12), Ísak Rafnsson 3 (3), Sigurður Ágústsson 3 (5), Einar Rafn Eiðsson 3 (6/1), Ásbjörn Friðriksson 3 (7/1), Andri Berg Haraldsson 3 (8).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 17/2 (33/2, 52%) - Daníel Freyr Andrésson 20 (43/1, 47%).

## DOMINOS D. KARLA

**STJARNAN - ÍR 89-61 (44-30)**
**Stigahæstir:** Dagur Kár Jónsson 22, Matthew Hairston 18/16 frák./3 varin Justin Shouse 17/10 stoðs. Marvin Valdimarsson 16/12 frák. - Sveinbjörn Claessen 11/6 frák., Matthías Orri Sigurðarson 11/7 frák./5 stoðs., Calvin Henry 11/8 frák./5 varin, Hjalti Friðriksson 10.

**SNÆFELL - VALUR 107-91 (59-43)**
**Stigahæstir:** Vance Cooksey 38/6 frák./7 stoðs., Jón Ólafur Jónsson 22/5 frák., Sigurður Á. Þorvaldsson 20/7 frák., Pálmi Freyr Sigurgeirsson 9/6 stoðsendingar - Chris Woods 40/9 frák., Rúnar Ingi Erlingsson 17/5 stoðs., Gunnlaugur H. Elsuson 15/5 frák. Birgir Björn Pétursson 9/10 frák.

# Árin með Ólafi áhrifamikil

Íslenska karlalandsliðið verður þrátt fyrir frábæra undankeppni HM 2014 aðeins í fimmta styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla í undankeppni EM 2016 í febrúar. UEFA fer ekki eftir styrkleikalista FIFA.

**FÓTBOLTI** Íslenska knattspyrnulandsliðið var aðeins hársbreidd frá því að vera ein af þrettán Evrópuþjóðum á HM í Brasilíu næsta sumar en þegar dregið verður í undankeppni EM 2016 í febrúar á næsta ári þá verða 36 þjóðir fyrir ofan Ísland á styrkleika.

Undankeppni HM 2014 gildir aðeins 40 prósent þegar UEFA raðar upp í styrkleikaflokka sína fyrir dráttinn í febrúar sem þýðir að þjóðir eins og Slóvenía, Noregur, Skotland, Finnland, Wales, Eistland og Hvíta-Rússland verða öll fyrir ofan Ísland.

### Geir er í nefndinni

Fyrirkomulagið hefur ekki verið endanlega staðfest en líklegt fyrirkomulag er að tvö efstu liðin í níu riðlum komast beint á EM ásamt því liði sem er með bestan árangur í þriðja sætinu. Hin átta liðin sem enda í þriðja sæti riðlanna fara síðan í umspil um fjögur laus sæti. Öll liðin í þriðja sæti eiga enn möguleika en liðið með bestan árangurinn fer beint á EM.

„Ég er í nefndinni sem var að fara yfir reglugerðina sem hefur ekki verið staðfest af framkvæmdastjórninni en það gerist væntanlega á næsta fundi hennar. Ég veit því allt um þessa breytingar sem eru að verða á landsliðshléunum og það sem kallað er „Week of football“. Landsleikjunum er dreift niður á dagana,“ segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ og það er von á róttækum breytingum á leikdögum í undankeppnunum.

„Hingað til hafa þjóðirnar í sama riðli hist tveimur vikum eða mánuði síðar þar sem menn hafa síðan farið að þræta um það hvenær við spilum heima á móti þessum og svo framvegis. Núna er það úr sögunni því hér eftir mun tölva raða þessu niður svipað og gert er í Meistaradeildinni,“ segir Geir en „dauðir“ dagar í landsleikjahléum heyra nú sögunni til. Nú verða leikir spilaðir frá fimmtudegi til þriðjudags.

Geir fékk þær upplýsingar í gær frá sínum manni hjá UEFA að íslenska landsliðið verður í fimmta styrkleikaflokki þegar dregið verður í níu riðla í undankeppni EM í Frakklandi 2016.

### Svona setur UEFA saman stuðulinn:

**HM 2010: 1 sigur, 1 jafntefli í 8 leikjum (Gildir 20 prósent)**

**EM 2012: 1 sigur, 1 jafntefli í 8 leikjum (40 prósent)**

**Hm 2014: 5 sigrar, 2 jafntefli í 12 leikjum (40 prósent)**



**TELUR ALLTOF LÍTIÐ** Gylfi Þór Sigurðsson og Eiður Smári Guðjohnsen eftir tapið í Króatíu. Besti árangur Íslands frá upphafi kemur íslenska liðinu ekki upp úr fimmta styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla í EM 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Tvær daprar undankeppnir

„Það eru þrjár keppnir sem gilda, þessi og svo forkeppni og lokakeppni síðustu EM og svo forkeppni og lokakeppni síðustu HM. Við erum með tvær daprar undankeppnir á undan þessari. Það lítur því út fyrir að við verðum enn í potti fimm þó að við verðum efstir þar. Þeir hafa þetta hjá sér í sínum kerfum og þótt að það sé ekki búið að staðfesta listann þá lítur út fyrir að við séum í potti fimm,“ segir Geir.

Íslenska landsliðið var í sjötta styrkleikaflokki þegar dregið var í undankeppni HM 2014 og í fimmta flokki þegar dregið var í undankeppni EM 2012.

Íslenska landsliðið vann aðeins 2 af 16 leikjum sínum undir stjórn Ólafs Jóhannessonar í undankeppni Hm 2010 og EM 2012 og árangur í þeim gildir 60 prósent þegar UEFA-stuðlarnir eru settir saman.

„Þetta er grátlegt. Þessi undankeppni mun hjálpa okkur mikið næst en minna núna. Við þurfum að fá aðra góða undankeppni til að vinna okkur upp í þessu kerfi. Þær telja virkilega þessar tvær lélegu undankeppnir sem við áttum þarna að undan. Málið fyrir okkur var að fara upp í fjórða styrkleikaflokk en ekki upp í þann þriðja. Í þessi kerfi gat þessi góði árangur í þessari undankeppni gefið okkur meira,“ segir Geir og það er öruggt að þessi staðreynd kemur örugglega mörgum íslenskum knattspyrnuáhugamönnum á óvart.

> Þær telja virkilega þessar tvær lélegu undankeppnir sem við áttum þarna að undan.
>
> *Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ*

### Þurfa að vera heppnir

Nú þarf íslenska landsliðið að hafa lukkuna með sér í liði líkt og í síðasta drætti en fjórar „sterkari“ þjóðir verða með okkur í riðli í undankeppni EM 2016.

„Nú snýst þetta augljóslega um að hafa heppnina með okkur þegar dregið verið í febrúar,“ sagði Geir að lokum. **ooj@frettabladid.is**

## Styrkleikaflokkar fyrir EM 2016

**FYRSTI FLOKKUR:** Spánn, Þýskaland, Holland, Ítalía, England, Portúgal, Grikkland, Rússland og Bosnía.
**ANNAR FLOKKUR:** Króatía, Úkraína, Svíþjóð, Danmörk, Sviss, Belgía, Tékkland, Ungverjaland og Írland.
**ÞRIÐJI FLOKKUR:** Serbía, Tyrkland, Slóvenía, Ísrael, Noregur, Slóvakía, Rúmenía, Austurríki og Svartfjallaland.
**FJÓRÐI FLOKKUR:** Armenía, Pólland, Skotland, Finnland, Lettland, Wales, Búlgaría, Eistland og Hvíta-Rússland.
**FIMMTI FLOKKUR:** Ísland, Norður-Írland, Albanía Lithæn, Moldóvía, Makedónía, Aserbaídsjan, Georgía og Kýpur.
**SJÖTTI FLOKKUR:** Lúxemborg, Kasakstan, Liechtenstein, Færeyjar, Malta, Andorra, San Marínó og Gíbraltar.

Í öll betri eldhús

Blandari • Töfrasproti • Handþeytari • Safapressa



Turmix eru hágæðavörur frá Sviss fyrir þá sem gera miklar kröfur í eldhúsi. Tækin eru ekki aðeins vönduð og sterk heldur er einnig mikið lagt upp úr glæsilegri hönnun og vönduðu útliti. Tæki fyrir þá alkröfuhörðustu. Fást m.a. í Búsáhöld, Kringlunni.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

FASTUS_E_38.11.13

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

# Panasonic

## OFURÞUNN HLJÓMTÆKI



**Glæsileg samstæða með Bluetooth tengingu, útvarpi og geislaspilara. Stæðan er þunn og tilvalin til að hengja á vegg.**



**Góður hljómur**
Samstæðan er með 40w RMS magnara með D.Bass og Pure Direct Sound, innbyggðum tónjafnara og Bamboo Cone hátölurum sem tryggja góðan hljómburð.

**Þráðlaus Bluetooth tenging**
Samstæðan er með Bluetooth svo hægt er að senda í hana tónlist þráðlaust frá öllum spjaldtölvum, tölvum og símum sem hafa Bluetooth tengingu. Hala má niður stýriforriti fyrir iPad/iPhone og Android síma.

**Útvarp og iPhone5 vagga**
Samstæðan er með RDS FM útvarpi og einnig er innbyggð digital iPod/iPhone5 vagga (Lightning tengi).

**Möguleikar**
Samstæðan er með klukku, vekjara, svefnrofa, USB tengi og fjarstýringu. **Fæst hvít eða svört.**

**Panasonic SCHC38**

Bluetooth

Hannað fyrir iPod iPhone iPad

**VERÐ 69.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin




RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl. 21.05**
## Harry Potter and the Goblet of Fire

Frábær ævintýramynd um Harry Potter sem er á fjórða ári sínu í Hogwarts og þarf að taka þátt í Þrígaldraleikunum ógurlegu, þótt hann sé undir lögaldri.

## Í KVÖLD



### Logi í beinni
**STÖÐ 2 KL. 19.45** Laufléttur og skemmtilegur þáttur í umsjá Loga Bergmann þar sem bráðskemmtilegir viðmælendur mæta í bland við tónlistaratriði ásamt öðrum óvæntum uppákomum.



### Taken 2
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00** Spennumynd frá 2012 með Liam Neeson í aðalhlutverki. Bryan Mills er fyrrverandi leyniþjónustumaður sem frelsaði dóttur sína úr klóm mannræningja.



### Lygarinn
**SJÓNVARPIÐ KL. 21.10** Hraðlyginn lögfræðingur neyðist til þess að segja satt í einn sólarhring eftir að sú ósk sonar hans rætist. Leikstjóri er Tom Shadyac og meðal leikenda eru Jim Carrey, Maura Tierney og Justin Cooper.

**Bylgjan kl. 16.00**
## Reykjavík síðdegis

Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur með því sem þú hefur að segja eða vilt koma á framfæri.




STOMP

HARPA



Sunday Telegraph:
„Sannir sviðstöfrar“

Eldborg
18., 19. & 20. desember

Harpa kynnir STOMP í samstarfi við Stomp Productions og Glynis Henderson Productions

Sýningin sameinar leikhús, dans og hryntónlist og hefur farið sigurför um heiminn. Býðst Íslendingum nú tækifæri til að sjá þetta magnaða sjónarspil hér á landi — ferskara og hraðara en nokkru sinni!

Miðasala er hafin á midi.is og harpa.is

www.harpa.is/stomp

ICELANDAIR Arion banki

er aðalstyrktaraðili Hörpu


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Drop Dead Diva**
**11.05 Fairly Legal**
**11.50 Dallas**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mistresses**
**13.45 Diary of A Wimpy Kid**
**15.20 Skógardýrið Húgó**
**15.40 Geimkeppni Jóga björns**
**16.05 Waybuloo**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Popp og kók**
**19.45 Logi í beinni**
**20.35 Hello Ladies** *(8:8)*
**21.05 Harry Potter and the Goblet of Fire**
**23.40 Battle Los Angeles**
**01.35 Seven**
**03.35 Unstoppable**
**05.10 Simpson-fjölskyldan**
**05.35 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**12.00 Formúla 1 - Brasilía - Æfing 1** Bein útsending
**16.00 Formúla 1 - Brasilía - Æfing 2** Bein útsending
**17.30 Real Betis - Barcelona**
**19.15 Sportspjallið** Vikulegur þáttur í umsjón íþróttafréttamanna 365.
**20.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.30 La Liga Report**
**21.00 Þór Þorlákshöfn** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
**21.35 Keflavík - KR**
**23.05 Sportspjallið** Vikulegur þáttur í umsjón íþróttafréttamanna 365.
**23.50 Real Madrid - Real Sociedad**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.15 Bradford - Coventry**
**16.55 Walsall - Peterborough**
**18.35 Premier League World**
**19.05 Match Pack**
**19.35 Doncaster Rovers - Yeovil Town** Bein útsending
**21.40 Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**22.10 Manstu** Skemmtilegur spurningaleikur um enska boltann í umsjón Guðmundar Benediktssonar.
**22.55 Doncaster Rovers - Yeovil Town**
**00.35 Enska úrvalsdeildin - upphitun**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Randver í Iðnó **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**16.35 Around the World in 80 Plates**
**17.20 Raising Hope**
**17.45 Don't Trust the B*** in Apt 23**
**18.10 Cougar Town**
**18.30 Funny or Die**
**19.00 Top 20 Funniest** *(1:18)*
**19.45 Smash** *(11:17)*
**20.30 Super Fun Night** *(2:17)*
**20.55 The X-Factor US** *(18:26)*
**21.40 Grimm** *(2:22)*
**22.25 Strike Back** *(1:10)*
**23.15 Golden Boy** *(10:13)*
**00.00 Top 20 Funniest**
**00.45 Smash**
**01.30 Super Fun Night**
**01.55 The X-Factor US**
**02.35 Grimm**
**03.20 Strike Back**
**04.10 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.48** Latibær **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Ávaxtakarfan **09.35** Strumparnir **10.00** Lukku-Láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.45** UKI **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.48** Latibær **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Ávaxtakarfan **13.35** Strumparnir **14.00** Lukku-Láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.45** UKI **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.48** Latibær **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Ávaxtakarfan **17.35** Strumparnir **18.00** Lukku-Láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.45** UKI **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Mömmur vantar á Mars **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men** *(2:24)*
**20.00 Það var lagið**
**21.05 It's Always Sunny In Philadelphia** *(5:15)*
**21.30 Twenty Four** *(11:24)*
**22.15 A Touch of Frost**
**00.00 Gavin and Stacey**
**00.30 Footballers Wives**
**01.25 It's Always Sunny In Philadelphia**
**01.50 Little Britain Christmas Special**
**02.20 Twenty Four**
**03.05 A Touch of Frost**
**04.50 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.20 Sumarlandið**
**12.45 Broadcast News**
**14.55 The Young Victoria**
**16.40 Sumarlandið**
**18.05 Broadcast News**
**20.15 The Young Victoria**
**22.00 Taken 2**
**23.35 The Matrix Revolutions**
**01.45 The Pelican Brief**
**04.05 Taken 2**

## RÚV

**15.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10 Litli prinsinn**
**17.35 Hrúturinn Hreinn**
**17.40 Hið mikla Bé**
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.15 Villt og grænt**
**18.45 Íþróttir**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Útsvar** *(Garðabær - Reykjanesbær)* Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni eigast við lið Garðabæjar og Reykjanesbæjar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**21.10 Lygarinn** *(Liar, Liar)* Hraðlyginn lögfræðingur neyðist til þess að segja satt í einn sólarhring eftir að sú ósk sonar hans rætist. Leikstjóri er Tom Shadyac og meðal leikenda eru Jim Carrey, Maura Tierney og Justin Cooper. Bandarísk gamanmynd frá 1997.
**22.35 Boðorðin tíu** *(The Ten Commandments)* Egypski prinsinn Móses fræðist um hebreska arfleifð sína og hlutverkið sem honum er ætlað, að verða bjargvættur þjóðar sinnar. Leikstjóri er Cecil B. DeMille og meðal leikenda eru Charlton Heston, Yul Brynner, Anne Baxter, Edward G. Robinson og Vincent Price. Bandarísk bíómynd frá 1956.
**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**15.40 Once Upon A Time**
**16.30 Secret Street Crew**
**17.20 Borð fyrir fimm**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 Happy Endings**
**18.55 Minute To Win It**
**19.40 America's Funniest Home Videos** *(6:44)*
**20.05 Family Guy** *(3:21)* Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá einn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**20.30 The Voice** *(9:13)* Spennandi söngþættir þar sem röddin ein sker úr um framtíð söngvarans. Heimsþekktar poppstjörnur skipa sem fyrr dómnefndina en Christina Aguilera og Cee Lo Green snúa nú aftur eftir hlé.
**23.00 After the Sunset** Spennumynd frá árinu 2004. Pierce Brosnan leikur meistaraþjóf sem þarf einungis að ljúka einu ráni í viðbót til þess að geta sest í helgan stein. Önnur hlutverk eru í höndum Salma Hayek, Woody Harrelson og Don Cheadle.
**00.40 Excused**
**01.05 The Bachelor**
**02.35 Ringer**
**03.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.00** DP World Tour 2013 **13.00** DP World Tour 2013 **18.00** Inside the PGA Tour **18.25** DP World Tour 2013 **23.25** OHL Classic 2013 **02.25** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

markhönnun ehf




**BRAUÐ&EFTIRRÉTTIR**
MARÍA KRISTA HREIÐARSD.
**2.963** KR




**ÍSLAND**
KARLALANDSLIÐIÐ Í FÓTBOLTA
**1.973** KR

# JÓLABÆKURNAR ERU Í NETTÓ!




**LÆKNIRINN Í ELDHÚSINU**
RAGNAR FREYR INGVARSSON
**4.494** KR




**VON ÆVISAGA**
AMAL TAMINI
**3.953** KR




**GULLIN SKÝ**
ÓSKAR ÞÓR HALLDÓRSSON
**3.953** KR




**MEISTARASÖGUR**
**2.993** KR




**STÍGUM FRAM**
SHERYL SANDBERG
**2.955** KR




**NAPPI LANDKÖNNUÐUR**
**2.399** KR

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

## HELGIN



**„Ég ætla að fara norður og sjá lokasýningu systur minnar en hún er að útskrifast af listabraut úr VMA. Svo ætla ég að slappa af í faðmi fjölskyldunnar fyrst það er helgarfrí frá leikhúsinu.“**

Unnur Birna Bassadóttir tónlistarkona.

# Eftirsóttar í Game of Thrones

Tvær íslenskar stúlkur hafa landað vinnu við gerð sjónvarpsþáttanna vinsælu.

Tökulið þáttanna Game of Thrones hefur heimsótt Ísland í tvígang og tekið upp atriði fyrir aðra og þriðju seríu. Fjölmargir Íslendingar hafa unnið við gerð þáttanna og virðist íslenskt handbragð eiga vel upp á pallborðið hjá erlendu framleiðendunum.

Listakonan Sylvía Dögg Halldórsdóttir landaði vinnu í búningadeild sjónvarpsþáttanna og verður í tökum í Belfast á Írlandi þar til rétt fyrir jól.

Nú hefur önnur íslensk stúlka, Stefanía Tinna Miljevic, fengið vinnu í förðunardeild þáttanna samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hún vann við fjórðu seríu Game of Thrones í Króatíu og

➜ Fjölmargir Íslendingar hafa unnið við gerð þáttanna og virðist íslenskt handbragð eiga vel upp á pallborðið hjá erlendu framleiðendunum.

vinnur alla fimmtu seríuna með teyminu næsta sumar.

Þá fékk kraftajötunninn Hafþór Júlíus Björnsson stórt hlutverk í fjórðu seríu þáttanna. Leikur hann Gregor Clegane, sem gengur gjarnan undir nafninu The Mountain, eða Fjallið. Fjórða serían verður frumsýnd vestan hafs á næsta ári. liljakatrin@frettabladid.is



**FRÁBÆRT TÆKIFÆRI** Sylvía Dögg fékk vinnu í búningadeild Game of Thrones.

# Hestinum hnuplað

Hestinum vinsæla var stolið af Micro bar fyrir skömmu.

„Hér er mikið grátið og það er mikill harmur sem fylgir þessu hér á Micro Bar,“ segir Steinn Stefánsson, starfmaður á Micro Bar, en tréhesti sem er í eigu staðarins var stolið um liðna helgi. Hestinn hannaði Hugleikur Dagsson. „Hesturinn er svona einn metri á hæð og einn og hálfur metri að lengd og það er mikil eftirsjá að honum.“ Hesturinn hefur fengið mikla athygli og hafa gestir staðarins verið ákaflega hrifnir af honum.



**HESTUR HORFINN** Hestinum, sem var eitt af einkennismerkjum Micro Bar, hefur verið stolið.

Aðstandendur Micro Bar gera nú hvað þeir geta til að komast yfir hestinn á ný. „Það eru fundarlaun fyrir þann sem finnur hestinn og kemur með hann til okkar,“ segir Steinn. Hann segir að skili sökudólgurinn hestinum strax verði engir eftirmálar. „Ef hann verður ekki fundinn eftir viku þá kærum við þetta, því við erum með öryggismyndavélar á staðnum sem tala sínu máli.“

Erfitt verður að fylla skarð hestsins en ef allt fer á versta veg verður varahestur kynntur til sögunnar. - glp






**STELPUR ROKKA** Hljómsveitin The Tension frá Selfossi ætlar sér langt.

MYND/EINKASAFN

# Viljum enga stráka í hljómsveitina okkar

Stúlknasveitin The Tension frá Selfossi er andstæðan við The Charlies og spilar rokk. Þær leita að stelpubassaleikara enda vilja þær alls enga stráka í hljómsveitina.

Hljómsveitin The Tension frá Selfossi er töluvert frábrugðin öðrum sveitum vegna þess að hana skipa eingöngu fimm fimmtán ára stelpur. Þær eru Rannveig Óladóttir trommuleikari, Álfrún Björt Agnarsdóttir gítarleikari, Sesselja Sólveig Birgisdóttir þverflautuleikari, Þorgerður Helgadóttir píanóleikari og Inga Kristrún Hjartardóttir söngkona. „Við erum ekki með bassaleikara því við fundum ekki stelpubassaleikara og við viljum ekki fá strák í hljómsveitina,“ segir trommuleikarinn Rannveig Óladóttir og auglýsir hér með eftir stelpubassaleikara. Það má því segja að bjart sé yfir tónlistarlífi bæjarins.

The Tension vann á dögunum undankeppni Samfés í félagsmiðstöðinni Zelsíuz á Selfossi. „Við vorum frekar stressaðar og bjuggum okkur undir það versta,“ segir Rannveig létt í lundu. Þær sigruðu með flutning sinn á laginu Radioactive með hljómsveitinni Imagine Dragons. „Þetta er ein af uppáhaldshljómsveitunum okkar.“

Stúlkurnar hafa allar lagt stund



**EFTIR TÓNLEIKANA** Stelpurnar komu fram á sömu tónleikum og Eyþór Ingi.

á tónlistarnám nema Inga Kristrún. Þær spila svokallað indírokk og líta helst upp til hljómsveita á borð við Radiohead, Gorillaz og Arctic Monkeys. „Við erum eiginlega alveg andstæðan við The Charlies og Spice Girls,“ bætir Rannveig við.

Eftir sigurinn í undankeppni Samfés fengu stúlkurnar boð um að spila á stórum tónleikum sem fram fóru í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi þar sem ein af þeirra helstu fyrirmyndum, Eyþór Ingi, kom fram ásamt Atómskáldunum. „Við erum miklir aðdáendur Eyþórs Inga og þetta var ótrúlega gaman.“

„Við erum ekki búnar að semja mikið sjálfar en stefnum á að gera það á næstunni,“ segir Rannveig aðspurð um lögin en þær æfa einu sinni í viku í Pakkhúsinu á Selfossi, ásamt því að hertaka bílskúr Rannveigar þess á milli.

Fram undan hjá þeim er söngvakeppni við aðrar félagsmiðstöðvar á Suðurlandi og ef þær vinna þá keppni komast þær á lokakeppni Samfés og keppa þá við félagsmiðstöðvar hvaðanæva af landinu. „Við vonum það besta og við hlökkum mikið til,“ bætir Rannveig við.

gunnarleo@frettabladid.is

# Heimsmet í heimskulegum spurningum

Logi fagnar hundraðasta þættinum af Loga í beinni.



**ALLTAF LÉTTUR** Logi tekur lífinu ekki of alvarlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Upprunalega ætluðum við bara að gera átta þætti. Síðan vatt þetta upp á sig og allt í einu eru þeir að verða hundrað,“ segir Logi um framleiðsluteymi Stöðvar 2 og Sagafilm sem stendur að þættinum Logi í beinni. Hundraðasti þátturinn fer í loftið í kvöld í þráðbeinni.

„Jón Gnarr, Hera Björk og Barði í Bang Gang eru gestir mínir í kvöld. Kaleo treður upp og svo ætlum við að sýna nokkur vel valin brot úr þessum hundrað þáttum.

Mér finnst ofboðslega gaman að Loga í beinni því ég fæ bara að spyrja spurninga sem mig langar til að fá svarið við. Enda held ég að ég eigi heimsmet í heimskulegum spurningum,“ segir Logi léttur í bragði – eins og hann er yfirleitt.

„Maður verður að vera léttur. Það er það eina sem skiptir máli.“ liljakatrin@frettabladid.is

# Jólin eru að koma á Lemon

## Jólamatseðill Lemon

### Samlokur

**Jólaskinkan**
Jólaskinka, pestó, eplasalsa, eldpipar, mangó og spínat

**Sweet Chilli Turkey**
Kalkúnn, pestó, sæt chillisulta, eldpipar og spínat

**Honey Salmon**
Grafinn lax, hunangsdressing, eldpipar og spínat

### Djúsar

**Ef ég nenni**
Mandarínur, ástríðuávöxtur og ananas

**Jòlakötturinn**
Epli, engifer og chai

**Christmas Flirt**
Epli, jólaskyr og chai

**Frí heimsending**
*ef pantað er fyrir 10 manns eða fleiri*

Lemon pop-up

Pantaðu Lemon Pop-Up og tveir djúsarar mæta til þín með ferskan mat, góða tónlist og eðal stemningu.

POP-UP@LEMON.IS

Lemon * Suðurlandsbraut 4 * Laugavegur 24 * 519 5555

Lemon
#LEMONICELAND

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

OPIÐ 24 TÍMA Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Drengur fæddur

Athafnakonan **Bryndís Gyða Michelsen** eignaðist dreng með unnusta sínum, Gísla Kristjánssyni, á þriðjudaginn. Drengurinn var tæpar sextán merkur og 52 sentímetrar og heilsast móður og barni mjög vel. Bryndís og Gísli trúlofuðu sig í fyrra en Bryndísi er ýmislegt til lista lagt og hefur hún meðal annars unnið sem glamúrfyrirsæta og pistlahöfundur á hun.is.



### Ein á karlafundi

Varaþingkonan og bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, **Margrét Gauja Magnúsdóttir**, deildi því með fésbókarvinum sínum í gær að hún sæti ein á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis ásamt myndarlegum hópi karla. „Ég er nú ansi vön því að vera ein á karlafundum, en það var frábært þegar Ragnheiður Ríkharðsdóttir mætti og farið var að ræða fæðingarorlof. Það skiptir svo miklu máli að það séu konur alls staðar. Að minnsta kosti fimmtíu prósent, ef ekki sextíu, sjötíu prósent!“ segir þingkonan vaska. **- eb**



## Mest lesið VÍSIR

1 Pin-númerafólk iðki hreinlæti
2 Helgi Seljan gifti sig í gær
3 Klukkan hefur áhrif á þunglyndi
4 Dómarar verða með úðabrúsa á HM félagsliða
5 Ótti og mikil reiði í Bláskógabyggð
6 Íslenskur heimilislæknir fastur í Palestínu







